


HALLDÓR

skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið









# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
12. október 2012
240. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Hlakkar til nýs starfs**

*Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir tekur við starfi sóknarprests í Langholtskirkju um helgina.*

**tímamót 20**

**Semur mest þegar henni líður illa**

*Þórunn Antonía ræðir sambandsslitin og lífið í London.*

**lífið**



**Sigurviljinn í lagi**

*Ísland mætir Albaníu ytra í undankeppni HM 2014.*

**sport 34 & 35**

**veðrið í dag**




**BJART VESTANLANDS** fram eftir degi en rigning austan til og svo einnig sunnanlands síðdegis. Fremur hægur vindur og hiti á bilinu 4 til 10 stig.

**VEÐUR 4**

# Efasemdir í OR-nefnd vegna Ölfusssamnings

**Að mati úttektarnefndar um Orkuveituna þarf að skoða nánar samning um háar fjárgreiðslur frá OR til sveitarfélagsins Ölfuss vegna virkjana á Hellisheiði.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta vakti mína undrun sem lögfræðings,“ segir Ása Ólafsdóttir, meðlimur úttektarnefndar um Orkuveitu Reykjavíkur, um samkomulag sem OR gerði við sveitarfélagið Ölfus í tengslum við virkjanamál á Hellisheiði.

Úttektarnefndin segir samning við Ölfus sem kynntur var á stjórnarfundi OR í apríl 2006 þarfnast „frekari skoðunar við“.

Samningurinn fól í sér 52,5 milljóna króna greiðslu frá OR til Ölfuss vegna aukinna umsvifa og álags á bæjarstjórann og bæjarstjórnina í tengslum við virkjanaframkvæmdir á Hellisheiði og 75 milljónir króna til uppgræðslustarfa vegna rasks. Þá er kveðið á um aðrar skyldur OR og greiðslur til Ölfuss.

„Þegar við förum að skoða þetta betur og samhengi hlutanna þá sjáum við að á skipulagstímabilinu er verið að greiða þetta til Ölfuss og á sama tíma er Hveragerðisbær að senda mjög kröftug mótmæli vegna staðsetningar Bitruvirkjunar,“ segir Ása og minnir á að Skipulagsstofnun hafi hafnað Bitruvirkjun vegna umhverfissjónarmiða; virkjunin myndi trufla ferðaþjónustu. „Þegar settur umhverfisráðherra fékk síðan skipulagið til staðfestingar þá var því hafnað út frá því að það skorti jarðfræðilegar rannsóknir,“ bætir hún við.

Úttektarnefndin bendir á að greiðslur OR til Ölfuss hafi átt að gera „sveitarfélaginu kleift að hraða öllum umsögnum og leyfisveitingum sem þörf væri á“.

Nefndin kveður viðmælendur sína hafa sagt að samkomulagið þyrfti ekki að vera óvenjulegt. Hæstiréttur hafi til dæmis sagt að Flóahreppur hafi mátt heimta 6,5 milljóna króna viðbótargreiðslu frá Landsvirkjun vegna gerðar aðalskipulags.

„Mér finnst þetta ekki sambærilegt,“ segir Ása og vísar þar í upphæðirnar í hvoru máli fyrir sig. „Líka vegna þess að þar [í Flúðahreppi] er verið að greiða fyrir ákveðið skipulag, nánast upp á krónu, reikning verkfræðistofunnar á meðan þarna [í Ölfusi] eru einhverjar óskilgreindar upphæðir,“ segir Ása sem kveður þennan þátt ekki hafa verið skoðaðan nánar af úttektarnefndinni þar sem hann varði ekki fjárhagsstöðu Orkuveitunnar. - gar / sjá síðu 2 og 10



**DRAUGAMYND** Ágústi Guðmundssyni leikstjóra líst vel á samstarfið við Ladda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tæknibrellur áberandi:

## Laddi gengur aftur í bíó

**BÍÓ Nýtísku tæknibrellur verða áberandi í gamansömu draugamyndinni Ófeigur gengur aftur. Tökur á henni hefjast í Reykjavík á þriðjudaginn í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar.**

**„Nú er komin sú tíð að það er tiltölulega auðvelt að vinna ýmsar tæknibrellur í kvikmyndum og það er mjög freistandi að færa sér það í nyt,“ segir leikstjórinn.**

**Þórhallur Sigurðsson, Laddi, fer með titilhlutverkið og Ágústi líst vel á samstarfið. „Ég hef unnið með honum áður og það er alltaf jafnskemmtilegt. Laddi er mikill hæfileikamaður.“** - fb / sjá síðu 38



**TÓMLEG ALEPPO** Sýrlenskur maður og drengur ferðuðust um sýrlensku borgina Aleppo í gær. Uppreisnarmenn lokuðu í gær hraðbrautinni á milli höfuðborgarinnar Damaskus og Aleppo til að koma í veg fyrir að stjórnarhermenn kæmust á átakasvæði í norðurhluta landsins. NORDICPHOTOS/AFP

Ungt fólk í byrjandi geðrofi:

## Hlutfall kvenna er áhyggjuefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Einungis fimm konur eru í endurhæfingu á Laugarásvegi, meðferðarstöð fyrir ungt fólk í byrjandi geðrofi. Nú sækja 32 einstaklingar þjónustu í húsnæðið, þar af 27 karlar. Meðalaldur einstaklinganna er 24 ár og hefur farið lækkandi á síðustu árum vegna breyttra áherslna í meðferðinni.

Nanna Briem geðlæknir segir hlutfallið skýrast að hluta til vegna eðli geðrofssjúkdóma, en konur veikjast yfirleitt seinna en karlar. Það útskýri þó ekki allan muninn, sem sé áhyggjuefni, og nauðsynlegt sé að leita skýringa á því hvað verði um konurnar í kerfinu. Á Laugarásvegi er eina sérhæfða meðferðin á landinu fyrir ungt fólk í byrjandi geðrofi. - sv / sjá síðu 12




Utanríkisráðherra fagnar gerð tímamótasamnings milli norðurskautsríkjanna:

## Samið um olíuvarnir á norðurslóðum

**NORÐURSLÓÐIR** Aðildarríki Norðurskautsráðsins hafa náð saman um bindandi samning um sameiginlegar varnir og viðbrögð vegna olíumengunar á norðurslóðum.

Gengið var frá samningnum í Reykjavík í gær á fundi þar sem um sjötíu fulltrúar allra norðurskautsríkjanna hittust gagngert til að ná saman um málið.

Í samningnum, sem verður útfærður nánar næstu mánuði og undirritaður á fundi ráðherra ríkjanna næsta vor, felst skuldbinding um gagnkvæma aðstoð komi til olíumengunarslyss. Meðal annars er gert ráð fyrir að samstarfið felist í upplýsingamiðlun og viðbragðsæfingum auk þess sem ríkin búa þegar yfir margvíslegum búnaði og þekkingu sem getur nýst í þessum efnum.

„Þetta er gríðarlega mikilvægur áfangi,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Þessi samningur er sögulegur og afar mikilvægur ávinningur, því að gerð þessa samnings hefur verið einn af burðarásunum í norðurslóðastefnu Íslands gagnvart umheiminum á liðnum árum og ég fagna því sérstaklega að lokahönd er lögð á samninginn á Íslandi.“ - þj / sjá síðu 6






## SPURNING DAGSINS



*Logi, getur þú orðið FH að liði?*

„Já, ég mun gera mitt besta til að axla þessa ábyrgð.“

Logi Geirsson, handknattleiksmaður og einkaþjálfari, hefur ákveðið að taka skóna af hillunni og leika aftur með FH í N1-deild karla. Hann hætti handknattleiksiðkun eftir þrálát meiðsli í kjölfar þess að hann fór úr axlarlið.

Alfreð Þorsteinsson gagnrýnir bæði og fagnar skýrslu um Orkuveitu Reykjavíkur:

# Segir mikið staðlaust slúður í skýrslunni

**STJÓRNSÝSLA** Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir mikið af staðlausu slúðri í skýrslu úttektarnefndar um Orkuveituna. Hann sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagði útgáfu hennar fagnaðarefni en gagnrýndi hana einnig.

Alfreð var stjórnarformaður frá 1999 til 2006. „Á þeim tíma fór fram mikil uppbygging á fyrirtækinu en þess var alltaf gætt að fjárhagur fyrirtækisins væri í góðu lagi og afborganir væru vel innan greiðslugetu þess á hverjum tíma,“ segir Alfreð meðal annars.

Hann segir að eigendur hafi verið upplýstir og fyllilega stýrt stefnu fyrirtækisins. Þá veki umfjöllun um fjármagnskostnað furðu, einblínt sé á of stutt tímabil og áhrif gengisfalls að fullu tekin inn en ekki skoðað hvort um hafi verið að ræða langtímafjárfestingar.

Þá segir Alfreð að ákvörðun stjórnmálamanna um að hækka ekki gjaldskrá OR frá 2007 til 2010 sé augljóslega ein meginástæða slæmrar fjárhagsstöðu, og að of lítið sé gert úr þeirri staðreynd.

Margrét Pétursdóttir, formaður úttektarnefndarinnar, segir nefndina fagna allri gagnrýni og allri umræðu.

„Við hvetjum fólk til að bera yfirlýsingu hans efnislega saman við skýrsluna. Ef út úr því kemur að um rangfærslur sé að ræða af hálfu nefndarinnar þá munum við skoða það.“

Spurð um fullyrðingar Alfreðs um staðlaust slúður vísar Margrét í inngang skýrslunnar, þar sem fjallað er um aðferðafræði og talað um tilgang með tilvitnunum í viðmælendur. **- þeb**



**Á ÞAKI ORKUVEITUHÚSSINS** Alfreð Þorsteinsson var stjórnarformaður OR frá árinu 1999 til 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tillaga um fjögur sveitarfélög:

## Munu skoða sameiningu

**SVEITASTJÓRNAMÁL** Bæjarráð Kópavogs hefur samþykkt að kanna áhuga á sameiningu við Garðabæ, Álftanes og Hafnarfjörð hjá þessum sveitarfélögum. Tillaga að nafni er þegar komin fram; Heiðmörk.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, telur hugmyndina áhugaverða. Hún verður rædd á næsta fundi bæjarstjórnar. Snorri Finnlaugsson, bæjarstjóri Álftaness, sagði að þar væri verið að hugsa um sameiningu við Garðabæ. Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra Garðabæjar, líst illa á hugmyndina. **- þeb**

Meintur fíkniefnasali:

## Framseldur til Danmerkur

**DÓMSMÁL Íslenskur ríkisborgari sem ákærður er í Danmörku fyrir meinta fíkniefnasölu þar í landi var í gær framseldur í hendur danskra yfirvalda.**

**Ákæran lýtur að því að maðurinn hafi á síðari hluta árs 2009 tekið við allt að 1,1 kílói af amfetamíni og 20 grömmum af kókaíni frá öðrum manni og selt efnin til óþekkts fjölda kaupenda. Brotin varða allt að tíu ára fangelsi. Sá maður sem talinn er hafa selt Íslendingnum efnin er sagður hafa viðurkennt það fyrir dómi.** **- gar**

### ALÞINGI

**Fá að velja aðstoðarmann**

Alþingi samþykkti í gær lög sem heimila að þeir sem þurfa á aðstoð að halda við að fylla út kjörseðil geti komið með sinn eigin aðstoðarmann á kjörstað. Því mun fólk geta komið með eigin aðstoðarmann í þjóðaratkvæðagreiðsluna þann 20. október.

# Veiðimenn vilja dauð lömb burt úr Elliðaey

**Yfir fjörutíu lömb fundust dauð í Elliðaey við Vestmannaeyjar nú í haust. Veiðifélag eyjarinnar vill hræin burt hið fyrsta. Bæjaryfirvöld vilja skýringar frá fjáreigandanum. Hann segir lömbin hafa drepist úr bráðapest sem sé alvanaleg.**

**UMHVERFISMÁL** „Það blöstu bara við dauðar rollur um allt,“ segir Ívar Atlason, formaður Veiðifélags Elliðaeyjar, um aðkomuna í eyna um miðjan september.

Ívar kveðst hafa farið við annan mann í Elliðaey að ganga frá húsi veiðifélagsins fyrir veturinn. „Ég tók eftir því þegar við komum út í eyju að það var óvenju mikið af hröfnum og vargfugli. Þegar ofar kom í eyna fóru að blasa við dauðar rollur og þeim fór fjölgandi,“ segir Ívar, sem kveðst hafa gefið sér tíma til að skoða hluta af eynni og talið 32 hræ. Aðrir sem farið hafi út í Elliðaey um síðustu mánaðamót hafi talið um fjörutíu dauð lömb.

Vestmannaeyjabær er eigandi Elliðaeyjar og leigir nytjar hennar út. Veiðifélagið er með nytjaréttinn á fugli og eggjum. Ívar mætti á fund umhverfis- og skipulagsnefndar bæjarins á þriðjudag.

„Við viljum að bærinn hafi samband við þennan fjárbónda og að hann hreinsi eyna og sé ekki með dauðar rollur út um allt. Þetta hefur ekkert verið rannsakað og það veit enginn úr hverju þær drápust. Maður veit ekki hvort í þessu eru sjúkdómar sem fuglar gætu borið á milli í aðrar rollur eða kannski í mannfólkið,“ segir Ívar.

Umhverfisnefndin ákvað fyrir sitt leyti að kalla fjáreigandann, Gunnar Árnason í Lukku, á sinn fund til að fá skýringar. Gunnar segir við Fréttablaðið að skýringin sé aðeins ein.

„Þetta er bara bráðapest og er alþekkt fyrirbæri. Við höfum lent í þessu áður. Þetta kemur fyrir lömb ef þau eru stór á haustin og ekki næst í þau til að sprauta þau,“ segir fjárbóndinn, sem kveður lömbin þó hafa verið bólusett. Of langur tími virðist þó hafa liðið frá bólusetningunni fram á haustið. Hann segir tjón sitt fyrst og fremst vera tilfinningalegt. „Það er sárt að missa lömbin svona.“

Að sögn Gunnars voru kindurnar í Elliðaey á annað hundrað talsins í sumar. Þegar hafi verið náð í það fé úr eynni sem eigi að fara í land. Þó sé eftir að ganga frá hræjunum. „Þeim verður hent fram af. Það er ekkert við þau að gera,“ segir hann. Ekki sé ljóst hvenær það verði gert. „Við búum við þannig aðstæður að það er oft ekki fært í eyjarnar langtímum saman. Við skulum láta tímann leiða þetta í ljós.“ **gar@frettabladid.is**



**ELLIÐAEY** Eggjatöku- og fuglaveiðimenn óttast smithættu af fjölda lambshræja í Elliðaey og vilja að Vestmannaeyjabær þrýsti á eiganda fjár í eynni að hreinsa hana af hræjunum. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



> Þeim verður hent fram af. Það er ekkert við þau að gera.

**GUNNAR ÁRNASON,**
FJÁRBÓNDI Í LUKKU

Forsetakosningar í USA:

## Romney enn á mikilli siglingu

**BANDARÍKIN Repúblikaninn Mitt Romney er enn á flugi í skoðanakönnunum fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og hefur jafnvel mælst með meira fylgi en Barack Obama, sitjandi forseti, á landsvísu.**

**Obama er þó enn með forskot þegar kemur að kjörmannastuðningi, en nokkuð hefur þó dregið saman með frambjóðendunum á síðustu dögum og vissan er ekki eins mikil og hefur verið. Fylgissveiflan er rakin til góðrar frammistöðu Romneys í kappræðunum, en sjaldan hefur önnur eins sveifla sést eftir kappræður.** **- þj**



**MITT ROMNEY**

Yfirmaður AGS í Japan:

## Grikkir þurfa lengri frest

**JAPAN** Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir að sýna þurfi Grikkjum meiri þolinmæði. Þeir ráði ekki við að koma fjármálum sínum í lag á þeim skamma tíma sem Evrópusambandið og AGS hafa hingað til viljað veita þeim.

„Það þyrfti tvö ár í viðbót til að landið geti í raun náð tökum á þeim aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum, sem stefnt er að,“ sagði hún í Japan í gær.

Þar er hún stödd á fundi AGS og Alþjóðabankans. **- gb**



**CHRISTINE LAGARDE**




Ákæra sérstaks saksóknara kom Lýði Guðmundssyni mjög á óvart:

# Lýður og Bjarnfreður neita sök

**DÓMSMÁL** „Ég er saklaus,“ sagði Lýður Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Existu, þegar ákæra sérstaks saksóknara á hendur honum fyrir stórfellt brot á hlutafélagalögum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Lögmaðurinn Bjarnfreður Ólafsson, sem einnig er ákærður, endurtók svar Lýðs.

Lýði er gefið að sök að hafa aðeins greitt Existu einn milljarð króna fyrir nýtt fimmtíu milljarða króna hlutafé í desember 2008. Milljarðurinn kom frá Lýsingu, sem var í eigu Existu, í formi láns.

Þeir eru svo báðir ákærðir fyrir villandi upplýsingagjöf um að hlutafjáraukningin væri að fullu greidd.

Lýður segir að ákæran hafi komið honum mjög á óvart. „Meginþema þessarar ákæru er að blekkingum hafi verið beitt. Ég þvertek fyrir það – enda hefur legið fyrir frá upphafi hvernig í málinu liggur í opinberum gögnum, svo sem tilkynningum til Kauphallar, skýrslum til FME og svo framvegis.“

Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið og sagði að það yrði rekið í dómsal. Gestur Jónsson, verjandi Lýðs, fór fram á átta vikur til að vinna greinargerð í málinu og var fallist á það. **- sh**



**RANGUR SALUR** Lýður gekk inn í vitlausan dómsal við komuna í héraðsdóm í gær og lokaði á eftir sér. Þar var þinghald í gangi. Hann var fljótur út aftur og baðst afsökunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RÚMFATALAGERINN FAGNAR 2000 VERSLUNUM UM ALLAN HEIM




## GÆSADÚNSÆNG

FULLT VERÐ: 29.950

# 14.950

50% AFSLÁTTUR

### PEGASUS GÆSADÚNSÆNG

Frábær gæsadúnsæng fyllt með 90% af gæsadúni og 10% af smágerðum gæsafjöðrum. Þyngd: 600 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Vandað ver úr 100% bómull sem þolir 60°C þvott. Stærð: 135 x 200 sm.




20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 2.495

# 1.995

### NÁTTBUXUR

Nýjar náttbuxur á börn og fullorðna.
Barnastærðir: 4-14 ára. Fullt verð: ~~2.495~~ nú: 1.995
Fullorðinsstærðir: S-XXL. Fullt verð: ~~3.495~~ nú: 2.795




SPARIÐ 2000

FULLT VERÐ: 4.995

# 2.995

### WELLPUR REDWOOD HEILSUKODDI

Góður heilsukoddi úr MEMORY FOAM efni sem hefur þrýstijafnandi eiginleika. Koddinn er ofnæmisprófaður. Áklæði má þvo við 40 °C.
Stærð: 30 x 50 sm.



## SÓFASETT 3+2

SPARIÐ 50.000

SÓFASETT 3+2 FULLT VERÐ: 149.950

# 99.950

### RUSSELL 3 + 2 SÓFASETT

Glæsilegt sófasett úr PELLISIMA leðri. Litur: Dökkbrúnn.
Stærð á 2ja sæta: 150 x 86,5 x 84 sm.
Stærð á 3ja sæta: 205 x 86,5 x 84 sm.

20% AFSLÁTTUR



## SCREEN

VERÐ FRÁ:

# 4.995

### SCREEN RÚLLUGARDÍNUR

Góðar screen gardínur á frábæru verði. Litur hvítur. Stærðir:
80 x 170 sm. ~~5.995~~ nú: 4.995 100 x 170 sm. ~~7.995~~ nú: 6.395
120 x 170 sm. ~~8.995~~ nú: 7.195 140 x 170 sm. ~~9.495~~ nú: 7.595
150 x 170 sm. ~~10.490~~ nú: 8.995 160 x 170 sm. ~~10.990~~ nú: 8.790
180 x 170 sm. ~~11.990~~ nú: 9.590 200 x 170 sm. ~~12.990~~ nú: 10.390
150 x 250 sm. ~~13.990~~ nú: 11.190 90 x 250 sm. ~~9.995~~ nú: 7.995



SPARIÐ 2000

FULLT VERÐ: 7.995

# 5.995

### LUCKY STÓLL

Fæst með svörtu PVC áklæði.



25% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 795
# 595

### COTTONSOFT DK GARN

Frábært, mjúkt garn í fallegum litum.
100 gr. dokka. 100% bómull.

25% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 669
# 499

### GLITZ GARN

Flott garn með glitþræði.
100 gr. dokka.
97% acryl og 3% polyester.



25% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 795
# 595

### GLITZ GARN

Skemmtilegt, sprengt pífugarn.
Flott í trefla. 100 gr. dokka.
100% acryl.

25% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 895
# 669

### KRYSTAL GLITTER GARN

Skemmtilegt pífugarn með glitþræði. Flott í trefla.
100 gr. dokka. 100% acryl.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 11.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,55 | 123,13 |
| Sterlingspund | 196,47 | 197,43 |
| Evra | 158,17 | 159,05 |
| Dönsk króna | 21,202 | 21,326 |
| Norsk króna | 21,415 | 21,541 |
| Sænsk króna | 18,277 | 18,385 |
| Japanskt jen | 1,5646 | 1,5738 |
| SDR | 188,45 | 189,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,9192

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Róbert Marshall tilkynnti í gær um að hann myndi bjóða sig fram fyrir Bjarta framtíð:

# Velti því fyrir sér að hætta þingmennsku

**STJÓRNMÁL** Róbert Marshall velti því fyrir sér að bjóða sig ekki fram til þings á ný áður en hann ákvað að ganga til liðs við Bjarta framtíð. Hann ræddi þau áform sín við Guðmund Steingrímsson, forsvarsmann Bjartrar framtíðar, fyrir nokkrum vikum og í kjölfarið hóf hann að skoða málefnastarf flokksins.

„Það er það sem ræður ákvörðuninni fyrst og fremst. Mér finnst mjög jákvæðir hlutir þarna á ferðinni sem ég vil taka þátt í. Það er verið að vinna að hlutunum allt öðruvísi og hugmyndin er að vinna síðan inni á þinginu með allt öðruvísi hætti en þessir gömlu flokkar gera. Hafandi reynt það get ég borið virðingu fyrir þeim sem vilja gera það áfram, en ég vil það ekki fyrir mitt leyti. Ég vil reyna að nálgast þetta með öðrum hætti, ég held að það sé hægt að gera þetta betur," segir Róbert.

Hann greindi Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi Orra Schram, formanni og þingflokksformanni Samfylkingarinnar, frá ákvörðun sinni í gærmorgun. Að því loknu tilkynnti hann ákvörðunina fyrir þinginu. Hann hyggst styðja ríkisstjórnina út kjörtímabilið. **- þeb**

### Aðrir sem hafa skipt á kjörtímabilinu

| | |
|---|---|
| Birgitta Jónsdóttir | Úr Borgarahreyfingu í Hreyfingu |
| Margrét Tryggvadóttir | Úr Borgarahreyfingu í Hreyfingu |
| Þór Saari | Úr Borgarahreyfingu í Hreyfingu |
| Þráinn Bertelsson | Úr Borgarahreyfingu í VG |
| Guðmundur Steingrímsson | Úr Framsóknarflokknum í Bjarta framtíð |
| Atli Gíslason | Úr VG og er utan flokka |
| Ásmundur Einar Daðason | Úr VG í Framsóknarflokkinn |
| Lilja Mósesdóttir | Úr VG í Samstöðu |



**TVEIR DÓMARANNA** Júrí Pasjúnín og Larisa Poljakova á blaðamannafundi. NORDICPHOTOS/AFP

Málaferli Pussy Riot:

## Dómarar segjast sjálfstæðir

**RÚSSLAND, AP** Dómararnir þrír, sem í vikunni staðfestu tveggja ára fangelsisdóm yfir tveimur af þremur konum í pönksveitinni Pussy Riot, gripu til þess óvenjulega ráðs í gær að verja gerðir sínar opinberlega. Dómi þriðju konunnar var breytt í skilorðsbundið fangelsi.

Dómararnir fullyrða að ákvörðun þeirra hafi ekki verið tekin vegna þrýstings að ofan, heldur hafi þeir aðeins skoðað efnisatriði málsins. „Það hefur aldrei verið neinn þrýstingur á okkur í þessu máli," sagði Larisa Poljakova, einn dómaranna þriggja. **- gb**

Mark Doninger á skilorði:

## Dæmdur í 45 daga fangelsi

**DÓMSTÓLAR Fótboltamaðurinn Mark Doninger, sem lék með úrvalsdeildarliði ÍA og síðar með Stjörnunni í Garðabæ, hlaut í gær 45 daga fangelsisdóm fyrir að ráðast í tvígang á þáverandi kærustu sína.**

**Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, er skilorðsbundinn í þrjú ár og kemur til hegningarauka við fjögurra mánaða líkamsárásardóm sem Doninger hlaut í apríl í fyrra.**

**Árásirnar sem Doninger er nú dæmdur fyrir áttu sér stað 22. maí og 30. október í fyrra. - óká**

# Grænt ljós á Perluna fyrir náttúrusýningu

**Starfshópur telur mögulegt að setja upp sýningu náttúruminja í Perlunni. Ef það á að verða að veruleika þarf að breyta húsnæðinu nokkuð. Kanna á fjárhagslegan grundvöll. Perlan hentar ekki sem framtíðarhúsnæði að óbreyttu.**

**SAFNAMÁL** Starfshópur á vegum mennta- og menningarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar telur mögulegt að setja upp náttúruminjasýningu Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni. Slík sýning útheimtir hins vegar breytingar á húsnæðinu, að mati hópsins. Nú verða teknar upp viðræður til að kanna betur fjárhagslegan grundvöll hugmynda starfshópsins en Perlan hentar ekki sem framtíðarhúsnæði fyrir safnið að óbreyttu.

Þetta kom fram í svari Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra á mánudag við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, um stöðu Náttúruminjasafns Íslands (NMÍ).

Fyrirspurn Sivjar helgast af þeirri stöðu að safnið er húsnæðislaust frá og með áramótum, eins og Fréttablaðið fjallaði um 29. september. Benti Siv á að staða safnsins væri með öllu ótæk í ljósi þess að um eitt af þremur höfuðsöfnum þjóðarinnar væri að ræða.

Mennta- og menningarráðuneytið og Reykjavíkurborg skipuðu í ágúst starfshóp til að skoða möguleika á því að koma upp náttúruminjasafni eða sýningu á vegum NMÍ í Perlunni. Hópurinn hefur lokið störfum og gert fram hugmynd um að þar verði sett upp náttúruminjasýning.

Ráðherra gat þess að hópurinn teldi það miklu skipta hvaða hlutar Perlunnar yrðu ætlaðir fyrir sýningu, ef af henni yrði. Nauðsynlegt væri að smíða millihæð í hluta hins opna rýmis til að hugmyndin gengi upp. Frágangur mannvirkisins og smíði millihæðar væri því forsenda þess að húsið hentaði fyrir grunnsýningu höfuðsafns um náttúruminjar.

Hópurinn telur jafnframt nauðsynlegt að einn eða fleiri tankar verði hluti sýningarrýmis til lengri tíma eigi hugmyndin að vera raunhæf. Hvað framtíð safnsins áhrærir þá er Perlan ekki talin henta til lengri tíma án viðbygginga.



**FRAMTÍÐ SAFNS** Á næstunni verður lögð fram tillaga á Alþingi um að náttúruhús rísi í Vatnsmýrinni, eins og margir telja besta kostinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nú verða teknar upp viðræður ríkis og borgar til að kanna betur fjárhagslegan grundvöll þeirra hugmynda sem starfshópurinn setti fram.

Í lok umræðna tók Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, til máls. Þar greindi hún frá því að á næstu dögum myndi hún leggja fram þingsályktunartillögu um að hafinn yrði að nýju undirbúningur að byggingu náttúruhúss í Vatnsmýri, eins og lengi var stefnt að. **svavar@frettabladid.is**

Fékk dóm fyrir árás og dóp:

## Rifrildi leiddi til líkamsárásar

**DÓMSTÓLAR 31 árs Reykvíkingur var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til þriggja mánaða fangelsisvistar fyrir að ganga í skrokk á fyrrverandi sambýliskonu og barnsmóður sinni, auk fíkniefnabrota. Konunni voru dæmdar 200.000 krónur í bætur og 125.000 í málskostnað.**

**Maðurinn réðist á konuna á heimili sínu í Reykjavík í september í fyrra eftir að hún kom þar að, gerði athugasemd við „partístand" og ætlaði að hafa börn þeirra með sér á braut.**

**Í bíl og á heimili mannsins fann lögregla svo í byrjun þessa árs marijúana og amfetamín. - óká**

Tækninotkun fyrirtækja:

## Um 99% með tölvur og net

**TÆKNI** Eitt af hverjum hundrað íslenskum fyrirtækjum með tíu starfsmenn eða fleiri var ekki með tölvur og nettengingu á síðasta ári, að því er fram kemur í könnun Hagstofunnar.

Þar segir jafnframt að 86% fyrirtækja með tíu starfsmenn eða fleiri séu með eigin vefsíður, sem er fjölgun frá fyrra ári. 30% fyrirtækja af þeirri stærð hafa starfandi sérfræðing í upplýsingatækni og 67% nettengdra fyrirtækja veita starfsfólki þráðlaus tæki til að tengjast neti utan vinnustaða. **- þj**

**REYKJAVÍKURBORG**

### Tekist um Keilugrandakaup

Meirihluti borgarráðs hafnaði að fresta afgreiðslu kaupsamnings um Keilugranda 1. Sjálfstæðismenn sögðu KR-inga telja lóðina geta leyst þörf fyrir íþróttaæfingasvæði. Formaður borgarráðs sagði fund verða með KR fyrir afgreiðslu í borgarstjórn.






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
verða á landinu um helgina. Eftir bjartan dag vestanlands fer að rigna í kvöld og verður rigning suðvestan til á morgun en annars víða lítilsháttar skúrir. Á Norðurlandi verður þó líklega bjart. Sunnudagurinn verður svo nokkuð bjartur víðast hvar.




Á MORGUN
Strekkingur með S-ströndinni og allra vestast annars hægri.

SUNNUDAGUR
Strekkingur með S-ströndinni annars hægri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 14° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# SANNKALLAÐ OKTÓBERFEST!

**68** milljónir á einum degi

Á miðvikudaginn drógum við út **2.841** vinning og greiðum því út tæpar **68 milljónir** á næstu dögum. Það er stærsti Aðalútdráttur þessa árs, hingað til.



Vinningarnir dreifðust um allt land, en 2 heppnir miðaeigendur fengu **5 milljónir** hvor. Einnig getur borgað sig að eiga trompmiða því tveir trompmiðaeigendur fimmfölduðu vinningsupphæðir sínar; annar úr 500 þúsundum í **2 og hálfa milljón**, hinn úr 200 þúsundum í **1 milljón**. Svo það er til mikils að vinna.

Samtals fengu 12 miðaeigendur vinninga upp á **500 þúsund**. Alls fengu **58** miðaeigendur **100 þúsund** króna vinning, en það er það mesta sem hefur verið dregið út á þessu ári.

Til hamingju!

**Átt þú miða?**



Miðaeigendur styðja uppbyggingu Háskóla Íslands og tækjakaup til rannsókna- og vísindastarfs.

Fjárfesting í menntun og rannsóknum er forsenda þróttmikils samfélags, ...

... öflugs atvinnulífs og velferðar.

**ÞANNIG VINNUM VIÐ ÖLL**

**Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

PIPAR\TBWA • SÍA • 122902

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir stjórnarformaður Epic Records, sem tónlistarmaðurinn Jón Ragnar Jónsson gerði samning við á dögunum?
2. Fyrir hvaða flokk ætlar Róbert Marshall að bjóða sig fram í næstu kosningum?
3. Hvað var skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis margar blaðsíður?

SVÖR:
1. L.A. Reid. 2. Bjarta framtíð. 3. 2.382.

Tyrkir sendu herþotur til móts við sýrlenska flugvél og leituðu um borð:

# Fundu búnað tengdan hernaði í farþegaflugvél

**TYRKLAND, AP** Tyrkir segjast hafa fundið samskiptabúnað ætlaðan til hernaðarnota um borð í sýrlenskri farþegaflugvél sem þeir stöðvuðu á miðvikudagskvöld.

Tyrkneski herinn sendi herþotur til móts við vélina, sem var á leið frá Rússlandi til Sýrlands, og neyddi hana til að lenda í Ankara.

Leitað var um borð í vélinni. Auk samskiptabúnaðar fundust þar hlutir sem Ahmet Davutoglo, utanríkisráðherra Tyrklands, segir ekki vera lögmætan farangur í farþegaflugi.

Sýrlendingar hafa harðlega mótmælt þessari aðgerð Tyrkja og Rússar krefja Tyrki um skýringar.

Mohammed Ibrahim Said, samgönguráðherra Sýrlands, segir ákvörðun Tyrkja um að neyða vélina til lendingar jafnast á við flugrán.

Alexander Lukasjevitsj, talsmaður rússneska utanríkisráðuneytisins, segir Rússa reyndar einkum hafa áhyggjur af því að lífi og öryggi farþega hafi verið stofnað í hættu, en á meðal þeirra voru sautján Rússar.

Þá fullyrða Rússar að farmurinn, sem Tyrkir hafa gert upptækan, sé ekki frá þeim kominn.

Vaxandi spenna hefur verið milli Sýrlendinga og Tyrkja síðustu daga vegna átaka á landamærunum, sem tengjast borgarastyrjöldinni í Sýrlandi. - gb



**SÝRLENSKA VÉLIN Í ANKARA** Sýrlendingar saka Tyrki um flugrán. NORDICPHOTOS/AFP




# Vill aukið samstarf á norðurskautssvæði

**Michel Rocard segir brýnt að auka alþjóðlega samvinnu á norðurskautinu þar sem málefni tengd því hafi áhrif um allan heim. Aðildarþjóðir Norðurskautsráðs þurfi að hleypa öðrum ríkjum að og Ísland getur gegnt lykilhlutverki þar.**

**NORÐURSLÓÐIR** Meiri alþjóðlegrar samvinnu er þörf í málefnum norðurslóða og Ísland getur gegnt lykilhlutverki í að breyta því ástandi til batnaðar. Þetta segir Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra og sérlegur sendimaður forseta Frakklands í málefnum heimskautanna. Hann sótti landið heim og hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands auk þess sem hann hitti ráðamenn og vísindamenn.

Rocard segir að þrátt fyrir að Frakkland og fleiri ríki vilji gjarnan leggja sitt af mörkum til þróunar í norðurskautsmálefnum hafi þau engan vettvang þar sem torsótt sé að fá að tjá sig á vettvangi Norðurskautsráðs. Þar eiga strandríkin átta ein sæti, til viðbótar við átta ríki sem hafa áheyrnaraðild.

„Starf Norðurskautsráðsins skiptir okkur og önnur ríki miklu máli, þó að við eigum ekki lögsögu þar,“ segir Rocard og tekur sem dæmi hugsanlegar afleiðingar af olíumengunarslysi á norðurslóðum. Hann tekur olíuslysið í Mexíkóflóa sem dæmi, en aðstæður þar til að bregðast við vánni hafi verið gjörólíkar því sem yrði í Norðurhöfum.

„Ef olíumengunarslys myndi henda þar, yrði um að ræða aldarlanga tortímingu fyrir lífríkið. Sá möguleiki ætti að verðskulda sérstaka athygli og beinar aðgerðir, en því er ekki til að dreifa. Sem stendur verja strandríkin rétt sinn, en slys af fyrrnefndri stærðargráðu snertir hins vegar fleiri en bara þau ríki.“



**Á NORÐURSLÓÐUM** Michel Rocard, sérlegur sendifulltrúi franska forsetans í málefnum heimskautanna, segir nauðsynlegt að auka alþjóðlega samvinnu í málefnum norðurheimskautsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Mín tilfinning er sú að sjómenn muni leita á þessar slóðir innan tíðar og undirbúningur verður að hefjast fljótt.
>
> **MICHEL ROCARD**
> SÉRLEGUR SENDIMAÐUR FORSETA FRAKKLANDS Í MÁLEFNUM HEIMSKAUTANNA

Annað sem er aðkallandi að mati Rocards eru ný fiskimið sem eru að verða til vegna hlýnunar sjávar. Bæði eru fiskistofnar farnir að leita norðar og eins hefur ísinn hopað gríðarlega.

„Með bráðnun íshellunnar hafa nú bæst við fjögurra milljóna ferkílómetra hafsvæði yfir sumartímann þar sem enginn hefur stundað veiðar áður. Mín tilfinning er sú að sjómenn muni leita á þessar slóðir innan tíðar og undirbúningur verður að hefjast fljótt.“

Sé horft til langs tíma, telur Rocard að Ísland hafi möguleika á að verða miðstöð vöruflutninga og ferðamennsku í Norður-Atlantshafi. Það gefi Íslendingum tækifæri til þess að verða leiðandi í leitar- og björgunarstarfi. Ísland geti einnig haft áhrif til batnaðar, að hans mati, varðandi framtíð norðurskautssvæðisins.

„Ísland er í stöðu til að bera hinum ríkjunum í Norðurskautsráðinu þau skilaboð að þau eigi ekki að haga sér eins og lokaður hópur eigenda og halda öðrum utan við. Það er ekki rétt, og stenst það varla lög til framtíðar litið.“

thorgils@frettabladid.is




Erlendir vetrarferðalangar eru ánægðir með dvöl sína hér á landi:

# Bláa lónið flestum minnisstæðast

**FERÐAMÁL** Erlendir ferðamenn sem sóttu landið heim síðasta vetur voru sáttir við dvöl sína, samkvæmt könnun sem MMR vann fyrir Ferðamálastofu.

„Íslandsferðin stóðst væntingar 95 prósenta svarenda og tæp 85 prósent töldu líklegt að þau myndu ferðast aftur til Íslands,“ segir á vef Ferðamálastofu. „Langflestir voru hér í fríi og var dvalarlengdin að jafnaði um 6,6 nætur.“

Fram kemur að fimmtungur hafði komið hingað áður og að í átta tilvikum af tíu hafi ferðalagið verið bundið við Ísland.

Af þeim þremur atriðum sem ferðafólkinu fannst minnisstæðust hér á landi nefndu flestir Bláa lónið, eða 35,2 prósent. Þar á eftir nefndu 27,7 prósent náttúru eða landslag, 19,6 prósent mat eða veitingastaði, 17,1 prósent fólk og gestrisni og 16,1 prósent norðurljósin.



**FERÐAFÓLK** Fólki sem hingað kom síðasta vetur var Bláa lónið, náttúrufar og matarupplifun minnisstætt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aflað var upplýsinga um erlenda ferðamenn, aðdraganda að Íslandsför þeirra, ferðahegðun, eyðsluhætti og viðhorf til íslenskrar ferðaþjónustu. „Um var að ræða framhald af netkönnun sem gerð var sumarið 2011 en netföngum var safnað með skipulögðum hætti á komu- og brottfararsvæði flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á tímabilinu 1. september 2011 til 31. maí 2012.“ Í úrtaki MMR voru 4.512 og var svarhlutfall 52,6 prósent. - óká

Toys Я Us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 30%

## afsláttur af öllum Spider-Man vörum



THE AMAZING SPIDER-MAN

Spider-Man, the Character TM & © 2012 Marvel Characters, Inc. The Amazing Spider-Man, the Movie © 2012 Columbia Pictures Industries, Inc. All Rights Reserved.

Tilboðin gilda til og með 21.10.2012. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ **KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

LOKAÐ

FÖSTUDAGINN 12. OKTÓBER OG MÁNUDAGINN 15. OKTÓBER

vegna árshátíðarferðar starfsfólks

HÉÐINN

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfirður • Sími 569 2100

Lestur Morgunblaðsins og Fréttatímans dregst saman milli ársfjórðunga:

# Fréttablaðið heldur yfirburðum

**FJÖLMIÐLAR** Flestir landsmenn lesa Fréttablaðið, eða 58,5 prósent fólks á aldrinum 12 til 80 ára á landinu öllu. Tæplega 73 prósent fólks á höfuðborgarsvæðinu lesa blaðið. Þetta kemur fram í könnun Capacent Gallup á lestri prentmiðla.

Engin breyting hefur orðið á lestri Fréttablaðsins á þriðja ársfjórðungi miðað við annan ársfjórðung. 56,6 prósent fólks á landinu öllu lásu blaðið samkvæmt síðustu könnun.

Næstflestir lesa Fréttatímann, en lestur þess hefur dregist saman um þrjú prósent milli ársfjórðunga, úr 41,8 prósentum niður í 40,6 prósent. Þá hefur lestur Morgunblaðsins dregist saman um fjögur prósent, úr 33,3 prósentum í 31,9 prósent.

Bæði Viðskiptablaðið og DV sækja í sig veðrið. Sextán prósenta aukning hefur orðið á lestri Viðskiptablaðsins og lesa nú 11,2 prósent fólks það samanborið við 9,6 prósent á síðasta ársfjórðungi. Tíu prósentum fleiri lesa nú DV eða 12,4 prósent, en voru 11,3 prósent síðast. Þá dróst lestur á vikublaðinu Monitor saman um þrjú prósent, úr 22,7 prósentum í 22,1.

**Lestur prentmiðla á þriðja ársfjórðungi**




Fólk á aldrinum 12 til 80 ára á landinu öllu




Nýjar reglur um vinnutíma:

# Öryggi flugfarþega ógnað

**SVÍÞJÓÐ** Félag sænskra flugmanna og ECA, félag evrópskra flugmanna, segja nýjar tillögur EASA, flugumferðarstjórnar Evrópusambandsins, ógna öryggi flugfarþega.

Samkvæmt nýju tillögunum um vinnutíma flugáhafna geta flugmenn neyðst til að vera vakandi í 22 klukkustundir, að því er kemur fram á fréttavef Dagens Nyheter.

Samkvæmt tillögum EASA verða ekki gerðar undanþágur fyrir einstakar þjóðir. Sænskir flugmenn ætla ekki að gefast upp í baráttunni gegn breyttum vinnutíma. Núverandi vinnudagur getur orðið sextán tíma langur. Helmingur flugmanna hefur óvart sofnað í flugstjórnarklefanum. - ibs



**RÝMT TIL FYRIR NÝFRAMKVÆMDUM** Sveitarfélög reyna að bæta skuldastöðu sína með því að eigna sér land og selja til verktaka. NORDICPHOTOS/AFP

# Hrekja fólk af heimilum

**Nauðungarflutningar fólks af heimilum sínum vegna byggingaframkvæmda eiga sér reglulega stað í Kína. Mótmæli gegn slíku hafa kostað fólk lífið.**

**KÍNA** Þann 3. mars árið 2010 varð sjötug kona, Wang Cuiyan að nafni, undir skurðgröfu þegar nokkrir tugir verkamanna unnu að því að rífa niður hús hennar í borginni Wuhan í Hubei-héraði í Kína. Í rauninni var hún grafin lifandi.

Í nýrri 85 blaðsíðna langri skýrslu frá mannréttindasamtökunum Amnesty International eru tilgreind dæmi um níu manns sem létu lífið þegar reynt var að flytja þá nauðuga burt af heimilum sínum.

Þar kemur fram að á síðustu árum hafi milljónir manna verið hraktar burt af heimilum sínum í Kína vegna þess að rífa þurfti heilu hverfin til að rýma fyrir nýframkvæmdum.

„Þrátt fyrir að alþjóðasamfélagið hafi fylgst með og fordæmt slík mannréttindabrot í tengslum við undirbúninginn fyrir Ólympíuleikana árið 2008, þá hefur nauðungarflutningum fjölgað á síðustu þremur árum,“ segir í skýrslunni. Kafað er ofan í fjörutíu dæmi um nauðungarflutninga fólks af heimilum sínum á árunum 2009 til 2011. Alls staðar kom til átaka í tengslum við mótmæli íbúa gegn flutningnum.

Þá er tilgreint 41 dæmi um að fólk hafi kveikt í sjálfu sér til að mótmæla nauðungarflutningum.

Oftast eru það yfirvöld í sveitarfélögum sem ganga svona hart fram gegn fólki. Fyrst er reynt að hrekja fólk burt af heimilunum með stöðugu áreiti, fangavist og barsmíðum.

Ástæðan fyrir hörkunni sem íbúunum er sýnd virðist vera sú að sveitarfélögin hafa stofnað sér í skuldir og reyna síðan að ná niður skuldunum með því að eigna sér land, sem síðan er selt eða leigt verktökum undir nýbyggingar.

Kínastjórn hefur óspart ýtt undir þetta framferði sveitarfélaganna með því að verðlauna og styðja til dáða sveitarstjórnarmenn sem geta sýnt fram á efnahagslegan ávinning í reikningum sveitarfélaganna, alveg án tillits til þess hvaða meðulum er beitt til að bæta efnahagsstöðuna.

Í skýrslunni kemur fram að Wen Jiabao forsætisráðherra og fleiri kínverskir ráðamenn hafi áttað sig á því að þetta er alvarlegt vandamál. Aðrir ráðamenn hafi hins vegar reynt að gera lítið úr vandanum og jafnvel sagt mannréttindabrotin nauðsynlegan fórnarkostnað í þágu framfara landsins.

gudsteinn@frettabladid.is




Íslandsstofa og Enterprise Europe Network bjóða til tveggja funda um verklegar framkvæmdir í Noregi. Markmiðið er að draga upp mynd af þeim verkefnum sem ætla má að Norðmenn ráðist í á næstu árum.

Mánudagur 15. október kl. 9 | Samgöngumannvirki

- **Bjørn Erik Selnes**, forstöðumaður hjá Statens Vegvesen: Tækifæri á norska markaðnum og áætlanir til ársins 2023
- **Egill Viðarsson**, verkefnastjóri: Reynsla Almennu verkfræðistofunnar í Noregi
- **Kolbeinn Kolbeinsson**, framkvæmdastjóri: Reynsla Ístaks í Noregi

Föstudagur 19. október kl. 9 | Húsbyggingar

- **Truls Vasvik**, meðeigandi Prognosesenteret: Byggingariðnaðurinn í Noregi - markaður mikilla tækifæra
- **Sigurður Harðarson**, arkitekt: Reynsla Batterísins arkitekta í Noregi

**Fundirnir fara fram á ensku og verða haldnir á Hilton Reykjavík Nordica.**

Vinsamlegast skráið þátttöku á **islandsstofa@islandsstofa.is** eða í síma **511 4000**.
Nánari upplýsingar á vef Íslandsstofu, **www.islandsstofa.is.**

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

islandsstofa.is

markhonnun.is

# nettó

Kræsingar & kostakjör



## BRAGÐGÓÐ GÆÐA MARSIPAN-TERTA

FRÁ KRISTJÁNSBAKARÍ

**998** KR STK



# MEÐ **RJÓMA TAKK!**






**RJÓMI**

1/2 L

~~VERÐ ÁÐUR 438 KR/STK~~

**349** KR STK




**RJÓMAPELI**

1/4 L

~~VERÐ ÁÐUR 229 KR/STK~~

**198** KR STK

## Rannsóknarskýrsla um Orkuveitu Reykjavíkur

# Þverpólitísk ábyrgð á óráðsíu OR

**Allir helstu stjórnmálaflokkarnir á Íslandi báru ábyrgð á stjórnun Orkuveitunnar á því tímabili sem skuldir hennar ruku upp. Þeir komu líka allir að ákvörðunum um að greiða sér arð út úr fyrirtækinu. Úttektarnefnd telur arðgreiðslur fjármagnaðar með lántökum.**




Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) jukust úr 17,7 milljörðum króna í 224,4 milljarða króna frá ársbyrjun 2002 til ársloka 2010. Á sama tíma greiddu eigendur fyrirtækisins sér arð upp á 16,3 milljarða króna og ábyrgðargjald upp á rúmlega tvo milljarða króna og færðu hlut Landsvirkjunar til Reykjavíkurborgar sem seldi hlutinn síðar fyrir á fjórða tug milljarða króna.

Þetta kemur fram í skýrslu úttektarnefndar um starfsemi OR á ofangreindu tímabili. Nefndin telur að arðgreiðslurnar hafi verið fjármagnaðar með erlendri lántöku og að ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ógöngum fyrirtækisins sé mikil.

Allir helstu flokkarnir stýrðu Reykjavík, og þar af leiðandi OR, á þessu tímabili. Því má segja að þverpólitísk ábyrgð sé á þeim fjárhagslegu ógöngum sem OR rataði í á fyrsta áratug þessarar aldar.

Alfreð Þorsteinsson var stjórnarformaður OR í umboði R-listans frá stofnun hennar í upphafi árs 1999 og þar til eftir kosningarnar 2006. Að R-listanum stóðu Samfylkingin, VG og Framsóknarflokkurinn.

Eftir kosningarnar 2006 var myndaður meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Við þau tímamót varð Guðlaugur Þór Þórðarson stjórnarformaður OR. Hann sat í þeim stóli þar til í júní 2007. Við tók Haukur Leósson sem var síðan látinn hætta eftir að REI-málið komst í hámæli í október sama ár. Skömmu seinna var myndaður nýr meirihluti Samfylkingar, VG og Framsóknarflokks í borginni og hann skipaði Bryndísi Hlöðversdóttur í starf stjórnarformanns OR.

Sú stjórn sat í 100 daga áður en nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista Ólafs F. Magnússonar tók við taumunum. Kjartan Magnússon tók við stjórnarformennsku í OR fram í ágúst þegar meirihlutinn sprakk aftur. Þá tóku Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur höndum saman og gerðu Guðlaug Þ. Sverrisson að stjórnarformanni. Hann sat fram yfir kosningarnar vorið 2010 þegar nýr meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar skipaði Harald Flosa Tryggvason stjórnarformann. Hann situr enn.

Guðmundur Þóroddsson var forstjóri OR frá því að fyrirtækið var sett á fót og fram á mitt ár 2008. Þá tók Hjörleifur Kvaran, sem hafði verið aðstoðarforstjóri, við keflinu. Hjörleifur hafði reyndar setið í forstjórastólnum tímabundið áður á meðan Guðmundur tók sér leyfi til að stýra Reykjavík Energy Invest (REI), útrásararmi OR, um stundarsakir. Hjörleifi var sagt upp störfum í fyrra og Bjarni Bjarnason ráðinn í hans stað.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Fabia** er byggð á einfaldri hugmynd: Það á að vera skemmtilegt að keyra. Þess vegna er bíllinn svo nettur að utan en rúmgóður fyrir fólk og farangur að innan. **ŠKODA Fabia** er nýr og frábær bíll sem þú einfaldlega verður að prófa!

**ŠKODA Fabia** kostar aðeins frá:*

**2.190.000,-**

*Skoda Fabia Classic 1.2 beinskiptur
70 hestöfl. Eyðsla: 5,5 l/100 bl. akstur, $CO_2$: 128 g/km

**Umboðsmenn**
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is
HEKLA

# Safnaðu þekkingu

## Fjölbreytt námskeið á næstu dögum

**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**



### MENNING

Níu lönd í Norður-Evrópu
skráningarfrestur til 22. október

Konan á 1000 síðum:
Saga Karitasar eftir Kristínu Marju Baldursdóttur
skráningarfrestur til 22. október

Vesturheimsferðir í nýju ljósi
skráningarfrestur til 23. október

Louis Armstrong – listamaður tuttugustu aldarinnar
skráningarfrestur til 29. október

Hitchcock
skráningarfrestur til 31. október

### STARFSTENGD HÆFNI

Húsaskoðun og matstækni
skráningarfrestur til 16. október

Árangursríkar slæðukynningar (e. power point)
skráningarfrestur til 22. október

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
skráningarfrestur til 23. október

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
skráningarfrestur til 15. októbber

Bylting í meðferð á gigtarsjúkdómum
haldið 18. október

Vanræksla og ofbeldi gegn börnum
– samstarf við barnaverndanefndir
hefst 19. október

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð:
Framhaldsnámskeið
skráningarfrestur til 29. október

Vakandi athygli (gjörhygli) og innsæ íhugun
skráningarfrestur til 30. október

### TUNGUMÁL

Spænska II
hefst 16. október

Samskiptahæfni og samskipti á ensku fyrir lengra komna
skráningarfrestur til 29. október

### UPPELDI OG KENNSLA

Þunglyndi unglinga og ungmenna – einkenni og viðbrögð
skráningarfrestur til 26. október

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
skráningarfrestur til 29. október

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
hefst 16. október

Stjórnun og leiðtogahæfni
skráningarfrestur til 16. október

Stefnumiðuð starfsþróun og mælingar á árangri fræðslumála
skráningarfrestur til 17. október

Grunnatriði í áhættustjórnun í verkefnum
skráningarfrestur til 17. október

Expanding your sales in export markets
skráningarfrestur til 19. október

Enterprise Information Technology:
Strategies for Complex System Implementations
skráningarfrestur til 25. október

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Greining ársreikninga og notkun upplýsinga
úr bókhaldi við stjórnun
hefst 15. október

Skattlagning tímabundinnar vinnu erlendis
skráningarfrestur til 16. október

Rekstur smáfyrirtækja
skráningarfrestur til 18. október

Excel II
skráningarfrestur til 23. október

### UPPLÝSINGATÆKNI

Kanban í upplýsingatækni
skráningarfrestur til 18. október

WordPress II – Framhaldsnámskeið
hefst 19. október

Vefhönnun fyrir hönnuði
skráningarfrestur til 29. október

### PERSÓNULEG HÆFNI

Siðfræði – Að greina, gagnrýna og bæta siðferði
hefst 15. október

Úr neista í nýja bók – fjarnámskeið
hefst 18. október

Áhrif frumbernskunnar á börn og fulloröna
skráningarfrestur til 22. október

Gimp ljósmyndavinnsla - Að laga gamlar myndir
skráningarfrestur til 30. október

Raki í húsum og heilsufar - þekking og reynsla
skráningarfrestur til 30. október

### NÁMSKEIÐ Í FJARFUNDI

Þunglyndi unglinga og ungmenna – einkenni og viðbrögð
skráningarfrestur til 25. október

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# Ísland alltaf verið töluvert á eftir

**Því fyrr sem meðferð vegna geðsjúkdóma hefst þeim mun minni líkur eru á langvarandi örorku. Eina sérhæfða meðferðarúrræðið fyrir ungt fólk í byrjandi geðrofi er á Laugarásvegi. Kynjahlutföll eru afar skökk. Neysla kannabisefna meðal hópsins hefur aukist.**

Rúmlega þrjátíu einstaklingar sækja nú einu sérhæfðu endurhæfinguna á landinu fyrir ungt fólk í byrjandi geðrofi. Þjónustan er á vegum Landspítalans og er í stóru og fallegu húsnæði við Laugarásveg í Reykjavík.

### Seint í rassinn gripið

Þjónustunni var fyrst komið á fót hér á landi árið 2005, en var svo endurskipulögð og efld til muna árið 2010. Fyrir þann tíma lá ungt fólk með sín fyrstu geðrofseinkenni inni á blönduðum deildum með sjúklingum á mismunandi stigum í sínum veikindum og var þörfum þeirra því ekki mætt nægilega vel. Sérhæfingin byggir á svokölluðu snemminngripi, að reyna að minnka tímann sem fólk er inni á stofnunum. Fólkið fær svo stuðning og endurhæfingu úti í samfélaginu til að draga úr líkum á langtímaörorku vegna geðfötlunar.

Nanna Briem er geðlæknir á Laugarásvegi. Hún segir óhætt að segja að úrræðinu hafi verið komið seint á laggirnar, en Ísland hafi þó alltaf verið töluvert á eftir er varðar sérstaka þjónustu fyrir geðsjúka og geðfatlaða, en þróunin sé að komast á rétt ról.

### Hugtakafordómar miklir

Allir sem sækja endurhæfingu á Laugarásveg eru með byrjandi geðrofssjúkdóma, flestir með undirliggjandi geðklofa. Minnihlutinn þjáist af geðhvörfum eða öðrum tengdum sjúkdómum.

Nanna segir þó að starfsfólk forðist að setja greiningar á einstaklinga frá fyrsta degi þar sem erfitt sé að skilgreina sjúkdóma í blábyrjun.

„En líka vegna þess að fólki finnst það erfitt. Þess vegna gefum við okkur góðan tíma í greiningarferlið og tölum frekar um geðrofssjúkdóma.“

Magnús Ólafsson, deildarstjóri á Laugarásvegi, tekur undir þetta og segir fordóma gagnvart geðsjúkdómum í samfélaginu mikla.

„Við notumst við orðið „geðrofssjúkdómur“, sem segir líka miklu meira. Það eru til dæmis miklir fordómar í tengslum við hugtakið geðklofa og því viljum við ekki nota það hér.“



**LAUGARÁSVEGUR 71** Húsnæðið er eina sérhæfða úrræðið fyrir ungt fólk í byrjandi geðrofi. Talið er að meira en 150 manns veikist af geðklofa hér á landi á ári hverju, en langflestir veikjast um og upp úr tvítugu. Meðalaldur á Laugarásveginum er 24 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hvað er geðrof?

Hugtakið geðrof er notað yfir ástand þar sem einstaklingur upplifir truflun eða tap á tengslum við raunveruleikann án þess að meðvitund skerðist. Einkennin eru oft svo raunveruleg að viðkomandi áttar sig ekki á því að hann er í geðrofi.

Dæmigerð geðrofseinkenni eru ranghugmyndir, ofskynjanir og óreiða í hugsun og tali. Oft eru þessi einkenni kölluð „jákvæð“ einkenni því þau eru viðbót við venjulega líðan, en í geðrofssjúkdómum geta einnig komið fyrir svokölluð neikvæð einkenni eins og tilfinningaleg flatneskja, framtaksleysi og skortur á drifkrafti.

Helstu geðsjúkdómarnir eru geðklofi, geðhvörf og geðhvarfaklofi sem og bráð geðrof sem vara stutt.

**3%**

einstaklinga fá geðrofseinkenni um ævina.

## 26 ára kona, greind með geðklofa



„Fyrst varð ég mjög þunglynd og félagsfælin og einangraðist í kjölfarið,“ segir hún. „Svo veiktist ég af geðklofa út frá því.“ Fyrstu einkenni komu fram hjá henni í lok árs 2009, en hún var veik í meira en hálft ár áður en hún komst undir læknishendur. Hún hefur ekki góðar minningar frá geðdeildinni, þar sem hún lá í um það bil mánuð.

„Mér leið hrikalega illa þar inni,“ segir hún, en í kjölfarið fór hún á Klepp í endurhæfingu og fluttist þaðan á Laugarásveginn í mars í fyrra. Hún sækir nú endurhæfingu tvisvar í viku.

„Mér líður vel hér. Hér er allt opnara og heimilislegra, en umhverfið á Kleppi er frekar þunglyndislegt og mun minna við að vera. Hér fer ég í ræktina og stunda myndlist, en það var minna um það áður.“

Henni kemur vel saman við hina þjónustuþegana á Laugarásvegi, en segir vissulega að það halli á konur og að hugsanlega væri þægilegra ef þær yrðu fleiri. Hún vinnur nú hálfan daginn og stundar nám í kvöldskóla.

## Nýir notendur




Fjöldi á biðlista: ............................ 6
Meðalaldur: ................................24



Þetta er áhyggjuefni. Við vitum ekki enn hvað verður um konurnar og það er nauðsynlegt að skoða.

**NANNA BRIEM**
GEÐLÆKNIR

**80%**

fólks með geðrofssjúkdóma upplifa einkenni í fyrsta sinn á aldrinum 15 til 30 ára.

### Áhersla á einstaklingana

Reynt er að horfa einstaklingsmiðað á hvern einstakling á Laugarásvegi til að aðstoða hann við að ná þeim markmiðum sem hann hefur sett sér, samhliða því að vinna með sjúkdóminn. Mikil áhersla er lögð á skapandi vinnu, eins og myndlistar- og tónlistarnámskeið, íþróttaiðkun og matreiðslu.

Nanna og Magnús eru sammála um hversu brýnt sé að fólkið haldi áfram í skóla eða vinnu og hefur samvinna við framhaldsskóla á svæðinu gengið vel. Meirihluti þeirra sem sækja þjónustu á Laugarásveginn stundar menntun samhliða af einhverju tagi, en framhaldsskólaaldurinn er sá tími þegar sjúkdómarnir láta fyrst á sér kræla.

### Mikil kannabisneysla

Neysla kannabisefna meðal ungs fólks í byrjandi geðrofi hefur aukist mikið á síðustu árum. Sama þróun hefur átt sér stað erlendis, þar sem neyslumynstrið virðist einkennast af þeim efnum, frekar en áfengi eða harðari fíkniefnum.

„Neyslan er orðin rosalega mikil. Mjög stór hluti þeirra sem eru að þróa með sér geðrofssjúkdóm er líka í kannabisneyslu,“ segir Nanna. „Margir segja að þeim líði betur ef þeir reykja kannabis, en ef þú gerir það kallar þú sjúkdóminn frekar fram.“

### Kynjahlutföll áhyggjuefni

Kynjahlutföllin á Laugarásvegi eru afar ójöfn. Karlar eru 27 og konurnar fimm. Nanna segir brýnt að skoða hvaða ástæður liggi þar að baki.

„Þetta er áhyggjuefni. Við vitum ekki enn hvað verður um konurnar og það er nauðsynlegt að skoða,“ segir hún. Hugsanleg skýring er sú að konurnar séu eldri þegar þær veikjast og gætu því verið félagslega betur settar.

„En það er samt ekki öll skýringin því á Norðurlöndunum eru hlutföllin ekki svona skökk, þó það séu vissulega fleiri karlar en konur í svona úrræðum. Þetta er absúrd.“

### Snemminngrip skila miklu

Langflestir þeirra sem koma á Laugarásveg koma þaðan beint frá bráða- og móttökudeild Landspítalans, en áður kom fólkið flest frá Kleppi. Reynt er að ná fólki inn strax eftir fyrsta geðrofið, þar sem batahorfur fólks eru mun betri eftir því sem fyrr er gripið inn í með sérhæfðum úrræðum.

Eftirfylgni er mjög mikilvæg og stefnt er að því að fylgja fólki eftir að endurhæfingu lokinni í þrjú til fjögur ár og jafnvel lengur ef með þarf.

## 22 ára karlmaður, greindur með geðhvörf

„Ég var lagður inn á deild og sviptur sjálfræði eftir að ég kom heim úr löngu ferðalagi í útlöndum,“ segir hann. „Þar var ég í mánuð. Það voru prófuð á mér alls konar lyf og það var virkilega ógeðsleg reynsla. Síðan kom ég hingað, þó mig langaði það ekki fyrst, en það hefur verið frábært.“

Hann hefur verið án lyfja í töluverðan tíma og segir það ganga vonum framar. Hann sækir endurhæfingu á Laugarásveginn einu sinni í viku, en meðferð hefur minnkað töluvert á síðustu misserum í hlutfalli við bata hans.

„Það getur auðvitað verið flókið að hafa fullt af fólki vinnandi í sér, en miðað við aðstæður er þetta mjög fínt. Ég er búinn að kynnast fullt af fólki, mér líður vel og fæ klárlega þann stuðning sem ég þarf á að halda. Ég drekk kaffi, spila á gítar, mála, tala við fólk og fer í ræktina. Þetta er eins og að fara í gegnum skóla, ná bara með því að jafna sig eftir áfall,“ segir hann. „Þetta er þúsund sinnum betra heldur en að vera inni á einhverri stofnun. Það var skelfilegt að vera lokaður inni á deild og þangað ætla ég aldrei, aldrei aftur að fara.“

Hann segir margt athugavert við geðheilbrigðiskerfið á Íslandi, en vill ekki fara út í smáatriði hvað það varðar. „Ég kann til dæmis ekki við akademískar skilgreiningar á geðveiki, mér finnst þær úreltar og hljóma eins og




tölvumál. Það er verið að skilgreina viðkvæmt, huglægt ástand í mörgum tilfellum sem er oft miklu flóknara heldur en ákveðin sjúkdómshugtök,“ segir hann. „Það er oft sögð vera þunn lína á milli geðveiki og snilldar, því það leynist oft svo mikil snilld í geðveikinni og öfugt. Þetta tvennt getur eiginlega ekki lifað hvort án annars. Fólk sem er geðveikt, allavega það sem ég hef kynnst, er líka snillingar. En það er kannski vegna þess að ég er geðveikur sjálfur.“

## Kleppur í 100 ár

### Íbúar í hverfinu uggandi – 1971

Kleppsspítali keypti einbýlishúsið við Laugarásveg árið 1971. Lengi hafði verið leitað að heppilegu húsi fyrir fimmtán sjúklinga spítalans í íbúðahverfi.

„Einhver kurr varð meðal íbúa hverfisins og töldu margir að þessir sjúklingar gætu orðið til þess að íbúðaverð lækkaði í þessu eftirsótta hverfi. Sumir héldu því fram að þessir sjúklingar væru beinlínis hættulegir fyrir barnafólk hverfisins. Þessi umræða fór hátt í samfélaginu og sýndist sitt hverjum.

Margir voru þeir sem töldu að geðsjúkir væru enn best geymdir á sérstökum einangruðum hælum en aðrir voru á því að slíkt væri úrelt sjónarmið. Félagsmálaráð Reykjavíkur hélt almennan fund með íbúum hverfisins þar sem Tómas Helgason skýrði frá ráðandi sjónarmiðum varðandi búsetu geðsjúkra í íbúðahverfum. Hann sagði að íbúar við Laugarásveg ættu að vera fegnir að fá þessa nágranna sem venjulega væru afskiptalitlir og barngóðir. Eftir þetta upphlaup þögnuðu þessar gagnrýnisraddir og lítið hefur borið á þeim síðan.“

*Úr bók Óttars Guðmundssonar, Kleppur í 100 ár.*



**Á MORGUN:**
**Ástandið á Kleppi**



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is

FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur **frá 5.390.000 kr.**
FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur **frá 6.290.000 kr.**

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kauptu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **KUGA** TITANIUM S AWD
FRÁ
**39.477 kr./mán.***

* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

23. feb. – 2. mars

# Aprés Ski

## Stuð með Stebba og Eyfa í hlíðum Austurríkis

Verð á mann í tvíbýli, frá: **188.990 kr.**

Innifalið er flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, frítt fyrir skíði, ein taska (20 kg) og gisting í 7 nætur með hálfu fæði.



Stebbi og Eyfi sjá um að halda uppi rammíslenskri stemningu á Hótel Gamshag með gítar og gleði að vopni. Saalbach-Hinterglemm er eitt af betri skíðasvæðum Austurríkis, sem býður uppá nóg af snjó og mikið úrval af brekkum, við allra hæfi.



# Haltu jólin á milli aðv

26. jan. – 2. feb.

## Bad Hofgastein

### Skíðaferð

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, frá: **96.900 kr.**

Ein glæsilegasta skíða- og heilsuaðstaða Austurríkis. Staðsett í um 700 m fjarlægð frá Schlossalmbahn skíðalyftunni. Frí skíðarúta fer að skíðasvæðinu frá hóteli.

Innifalið er flug, skattar og gisting í 7 nætur á þriggja stjörnu hóteli með hálfu fæði.





19. – 26. jan.

## Bad Gastein

### Skíðaferð

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, frá: **104.360 kr.**

Enn frægasti og fegursti „spa"-bær Austurríkis. Apparthotel Shillerhof er staðsett aðeins 25 metra frá Graukogel skíðalyftunni, svo það er hægt að skíða heim á hótel.

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 7 nætur á þriggja stjörnu hóteli með hálfu fæði.

Helgarferðir í nóv. og des.

## London

### Jólamarkaðir og menning

Verð á mann í tvíbýli, frá: **65.990 kr.**

Njóttu þess að versla og skoða þig um í höfuðbóli Bretaveldis. Menning, viðburðir og jólastemning á hverju götuhorni.

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 3 nætur á Holiday Inn Commercial Road með morgunverði.



**WOW FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

Við bjóðum fjölbreyttar og spennandi pakkaferðir til allra áfangastaða WOW air. Fjölda sérferða, borgarferða, golfferða, skíðaferða, leikhús- og menningarferða af ýmsum toga, með og án fararstjóra. Viltu fá upplýsingar eða tilboð vegna árshátíða, eða er kominn tími á hvataferð fyrir þitt starfsfólk? Við erum við símann.

wowtravel.is

WOW travel | Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is



Tímabil: 22. des. – 2. jan.

# Salzburg

Skelltu þér á skíði í Austurríki yfir hátíðarnar

Verð á mann frá: **55.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum.

Hvernig væri að skella sér til Austurríkis yfir jólin? Þú byrjar skíðaferðina í að sjálfsögðu í Salzburg, þar sem þú finnur öll flottustu skíðasvæði Alpanna, stórbrotið landslag, útsýni og allt hitt sem Austurríki býður upp á.

Skoðaðu jólamarkaðina og dreyptu „Glüwhein". Ekkert jafnast svo á við að hlaupa út úr gufubaði og henda sér í snjóinn. Njóttu lífsins yfir hátíðarnar og skipulegðu draumaferðina þína með WOW Travel.

# entu- og skíðaferða



30. nóv. – 3. des.

## Brighton

Fegursta borg Bretlands

Verð á mann í tvíbýli, frá: **59.800 kr.**

Byrjaðu jólamánuðinn í Brighton. Meðfram sjónum er aragrúi veitingahúsa, þar sem hægt er setjast og virða fyrir sér útsýnið og mannlífið.

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 3 nætur á Jurys Inn Brighton með morgunverði.



14. – 17. des.

## Berlín

Verslunarferð á aðventunni

Verð á mann í tvíbýli, frá: **69.900 kr.**

Hvernig væri að taka sér hlé frá aðventu-amstrinu og klára jólainnkaupin í höfuðborg Þýskalands? Eða bara njóta alls þess sem Berlín hefur að bjóða.

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 3 nætur á Park Inn Radisson (4 stjörnu) með morgunverði.



## Fótboltaferðir

með Gaman Ferðum

**Man Utd vs. QPR** 23. – 26. nóv.
Verð á mann í tvíbýli, frá: **84.900 kr.**

**Liverpool vs. Wigan** 16. – 19. nóv.
Verð á mann í tvíbýli, frá: **99.900 kr.**

**Arsenal vs. WBA** 7. – 10. des.
Verð á mann í tvíbýli, frá: **89.900 kr.**

Innifalið í pökkunum er flug til London, gisting í 3 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

WOW air TRAVEL

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Endurspegla orð og gjörðir stjórnmálamanna þjóðina?

# Andúð á erlendu

Þegar íslensku bankarnir hrundu var ákveðið að láta erlenda kröfuhafa þeirra „taka höggið“ með því að gera innstæður að forgangskröfum. Íslendingar ákváðu að breyta reglunum eftir á og því var sýndur skilningur á alþjóðavísu, enda blasti kerfishrun við þjóðinni ef önnur leið hefði verið valin. Erlendu kröfuhafarnir voru samt „brenndir“ og það kostaði þá þúsundir milljarða króna. Til viðbótar voru þeir sem settu peninga inn á Icesave-reikninga „brenndir“, enda innstæður útlendinga ekki taldar jafn mikilvægar og innstæður Íslendinga.

SKOÐUN

Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



Þverpólitískur hópur fólks hefur samt sem áður haldið uppi linnulausum áróðri um að mistök hafi verið gerð þegar kröfuhafar fengu afhentan stóran hluta í tveimur nýjum íslenskum bönkum, sem þeir þó eiga samkvæmt öllum lögum og reglum. Ástæðan fyrir mistökunum var sú að eignir þessara banka hefðu frekar átt að fara í að grynnka á húsnæðisskuldum þessa sama hóps.

Margar þeirra krafna sem eru til á íslensku bankana hafa gengið kaupum og sölum síðan þeir fóru á hausinn. Nýir eigendur hafa keypt kröfurnar á hrakvirði með von um auknar heimtur, sem orðið hefur raunin. Hluti þessara aðila eru erlendir vogunarsjóðir, og þeir þykja ekki geðugir. Á grundvelli þessa hafa ýmsir stjórnmálamenn og álitsgjafar kallað eftir því að gróði útlendinganna verði þjóðnýttur. Ýmsir hagsmunaðilar hafa síðan lagt fram tillögur um að nota fé þessara aðila til að endurfjármagna skuldir nánast allra á Íslandi á einhliða ákvörðuðum kjörum og nota til þess mátt gjaldeyrishaftanna.

Þegar Magma Energy, sem er stýrt af manni frá Kanada, keypti hlut í íslensku orkufyrirtæki hristist íslenskt samfélag. Vondir útlendingar voru ásakaðir um að komast bakdyramegin inn og ásælast auðlindir okkar þrátt fyrir að kaupin hafi verið fullkomlega lögleg. Það var meira að segja rætt innan sitjandi ríkisstjórnar, í fullri alvöru, að þjóðnýta eignir þeirra með almannasjónarmið að leiðarljósi.

Nú síðast kom hingað Kínverji sem vill byggja hótel og gólfvöll í rokrassgati. Hann hefur farið að fullu að lögum. Samt er látið eins og að í manninum holdgervist myrkraöfl sem vilji eyða íslensku samfélagi eins við þekkjum það til að skapa „Lebensraum“ fyrir kínverska alþýðulýðveldið.

En það er ekki bara erlend fjárfesting eða útlenskir kröfuhafar sem hræða íslenska þjóð. Nývերið opinberaði þingmaðurinn Þór Saari þá skoðun sína að takmarka ætti fjölda ferðamanna á Íslandi vegna þess að uppáhaldskaffihúsið hans er alltaf fullt af þeim og að ekki væri lengur hægt að heimsækja náttúruperlur án þess að ferðamenn væru „að trufla mann í sínu eigin landi“.

Fyrir nokkrum árum barðist Frjálslyndi flokkurinn fyrir því að fólk tæki innflytjendavandann alvarlega, en hann snerist um stórfelldan innflutning á austur-evrópskum atvinnuglæpamönnum og verkafólki sem hirti störf af sönnum Íslendingum. Ráðandi hluti Sjálfstæðisflokksins hræðist ekkert meira en að skriffinnar frá Brussel hertaki landið með samning að vopni og steli í kjölfarið fiskinum og orkunni. Andúð Framsóknarflokksins á erlendum mat er síðan vel þekkt stærð.

Íslendingar virðast hafa þá sjálfsmynd að hér búi umburðarlynd, alþjóðleg, frjáls og vítt þenkjandi nútímaþjóð. Þegar rýnt er í orð og gjörðir þeirra sem við kjósum á þing virðist hún þó byggð á sandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fullt umboð

Margt hnýsilegt er að finna í nýrri skýrslu um starfsemi OR, til dæmis umfjöllun um REI-málið. Þar ver Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sinn hlut í þeirri atburðarás og segist meðal annars hafa haft fullt umboð fyrir sameiningu REI og GGE. „Benda má á,“ segir Vilhjálmur, „að á stjórnarfundi OR sem haldinn var samhliða eigendafundinum þar sem málið var afgreitt, greiddu allir fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar tillögunni atkvæði. Enginn var á móti. Fulltrúi VG sat hjá.“



### Einn á báti

Vilhjálmur nefnir þó ekki að fulltrúi Sjálfstæðisflokks á umræddum fundi var hann sjálfur. Félagar hans í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins fréttu ekki af sameiningunni fyrr en daginn áður og mótmæltu þá harðlega en var sagt að þeir stæðu frammi fyrir orðnum hlut. Vilhjálmur getur reynt að telja sjálfum sér trú um að hann hafi haft fullt umboð í þessu máli – en staðreyndin er sú að hann var einangraður í eigin flokki.



### Helvítis vitleysa

Annars er óþarfi að hafa mikið fleiri orð um kúltúrinn í Orkuveitunni en þau sem höfð eru eftir Ólafi Jónssyni, sem var ritari stjórnarinnar, í skýrslunni. Spurður um ástæðuna fyrir fjárhagsvandanum segir hann: „Gegndarlaus sóun og sukk. Eins og ég var að segja, kaupa þetta og hitt, tóm helvítis vitleysa.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Illviljinn meiðir

Ný stjórnarskrá

Guðrún Pétursdóttir

fv. formaður stjórnlaganefndar



Brynjar Níelsson, lögmaður og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins, skrifaði á þriðjudag pistil á Pressan.is þar sem hann fer svo ósönnum orðum um Þjóðfundinn 2010 að ég get ekki orða bundist. Sem formaður stjórnlaganefndar sem stóð að þjóðfundinum hlýt ég að svara þessum makalausa málflutningi.

Brynjar er andvígur endurskoðun stjórnarskrárinnar, finnur ferlinu allt til foráttu og hikar ekki við að hagræða staðreyndum eins og hentar málflutningi hans. Meðal annars veitist hann að Þjóðfundinum 2010 og segir: „Á hverju borði voru leiðbeinendur á vegum stjórnvalda sem leiddu umræðurnar og auðvelt er að sjá af frumgögnum hvernig það hafði áhrif á umræðuna.“

Ekki veit ég hvernig lögmaðurinn hefur tamið sér að lesa frumgögn, en hitt veit ég, að þessi fullyrðing er rakalaus þvættingur. Þetta er ekki aðeins ósatt, heldur móðgun við allt það góða fólk sem vann af heilum hug að undirbúningi og framkvæmd þjóðfundarins – og ekki síst við 950 þjóðfundargesti sem valdir voru af handahófi úr Þjóðskrá og endurspegluðu þjóðarviljann í þessu starfi. Margra mánaða undirbúningur lá að baki þessum einstæða fundi, þar sem fjöldi fólks lagði sig fram um að finna bestu leiðir til að fá fram vilja þjóðfundargesta, þannig að hver og einn fengi notið sín og fundarmenn legðu sjálfir línurnar. Það var höfuðatriði að starfsmenn skiptu sér ekki af inntaki umræðunnar. Þjóðfundargestirnir lögðu fram umræðuefnin og í samræðum þeirra mótuðust hinar breiðu línur. Á hverju borði var aðstoðarmaður, eins konar „lóðs“, sem leiðbeindi um tímamörk og form dagskráratriða og vakti yfir að allir fengju notið sín, en gætti þess að blanda sér aldrei efnislega í umræðurnar.

Þjóðfundargestirnir og starfsmenn voru í skýjunum yfir hvað fundurinn gekk fallega og vel fyrir sig. Við gengum til verks af heilum hug, af einlægni og drenglyndi og vorum stolt af vel unnu verki eftir langan dag. Verki sem við unnum með hag þjóðar okkar að leiðarljósi.

Mér varð hálf ómótt við að lesa pistil Brynjars Níelssonar. Mér finnst þetta ljót skrif. Illviljinn meiðir. En ég er fegin því að hann skuli ekki hika við að opinbera sinn innri mann – svona í aðdraganda prófkjörsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Það verður ekkert lagað seinna


Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur


Þorvaldur Gylfason hélt því fram í Kastljósinu á þriðjudag að verði fyrstu spurningunni í þjóðaratkvæðagreiðslunni um drög stjórnlagaráðs svarað játandi af meirihluta kjósenda þá geti Alþingi ekki annað en samþykkt drögin óbreytt sem nýja stjórnarskrá. Þetta er auðvitað ekki þannig. En það er samt ansi líklegt að þetta verði þannig.

Þetta er staðan: Minnihlutastjórnin þarf að reiða sig á þingmenn Hreyfingarinnar og Bjartrar framtíðar. Hinir róttækari stjórnlagaráðsliðar sem talað hafa fyrir því að drög stjórnlagaráðs eigi að samþykkja án minnstu breytinga hafa ágætistengsl við þessi stjórnmálaöfl. Það verður því ekki séð að meirihluti sé á þinginu fyrir því að leggjast í vinnu við lagfæringar á drögunum. Fari svo að meirihluti kjósenda svari fyrstu spurningunni játandi munu þingmenn Hreyfingarinnar fylgja eftir kröfu Þorvalds Gylfasonar og annarra ráðsliða og mun það líklegast vera eina leiðin til að þoka málinu áfram.

Segjum að tillögurnar verði samþykktar af meirihluta kjósenda og svo samþykktar óbreyttar af þinginu; þing rofið og boðað til kosninga. Munu menn að loknum kosningum boða til annarrar þjóðaratkvæðagreiðslu eða mun einhver freistast til að segja að það sé í raun búið að samþykkja sömu tillögur, „orðrétt“? Hvað finnst ráðsliðum eða þingmönnum um það?

Í meirihlutaáliti með þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðsluna segir vissulega: „Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar að frumvarp Alþingis, að aflokinni síðari samþykkt þess skv. 79. gr. gildandi stjórnarskrár, eigi að bera undir þjóðina til endanlegrar staðfestingar og gildistöku í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.“ En eru allir þingmenn meðvitaðir og sammála um þessa túlkun? Ég myndi þiggja ítrekun á því að svo sé.

Ég hef áður sagt að ég telji hryggjarstykkið í tillögum stjórnlagaráðs ekki vera slæmt. Mér fannst rétt að skila þessu verki áfram til þingsins og ég neita því ekki að ég hafði ákveðnar væntingar til þeirrar vinnu sem þar myndi fara fram. Kannski voru það mistök. Kannski var verk stjórnarinnar ekki öfundsvert, með hluta þingsins algjörlega á móti öllum tillögum ráðsins og annan hluta á móti öllum breytingum á þeim tillögum. En staðan er samt eins og hún er. Og kjörseðillinn eins og hann er.

Það er því miður ekki hægt að halda því fram að í tillögunum felist fullbúið og endanlegt frumvarp til stjórnskipunarlaga. Ég vona að menn séu í öllu falli ekki ósammála mér um að betra hefði verið ef sérfræðinganefnd þingsins hefði skilað af sér fyrir kosningar og tillögurnar í heild hefðu verið verið sendar til Feneyjarnefndar Evrópuráðsins, eða annarra erlendra sérfræðinga. Eða ósammála mér í því að betra hefði verið ef fleiri augu hefðu skoðað mannréttinda- eða kosningakaflana.

En kannski finnst mönnum þetta ekki það alvarlegt. Kannski ætla einhverjir að láta sig hafa það því þeir sjá ekki fram á neitt betra í náinni framtíð. Svo verður þá að vera en sé það tilfellið þá gætu þeir kannski sýnt þeim sem ekki eru tilbúnir til að taka sömu sénsa með stjórnskipan ákveðinn skilning.

**Eitruð breytingagrein**

Líkt og ég hef í tvígang bent á í greinum hér í Fréttablaðinu er ákvæðið um breytingar á stjórnarskránni eins og stjórnlagaráð skildi við það ekki nægilega gott. Í tillögunum er gert ráð fyrir að stjórnarskrá sé hægt að breyta samdægurs með nægilega sterkum þingmeirihluta, 5/6 þingmanna. Í ástandi eins og því sem myndaðist haustið 2008 getur ýmislegt gerst. Ekki er ég viss um að ég vilji að þingmenn geti breytt stjórnarskrá með samhljóða ákvörðun við þess konar aðstæður.

Hin aðferðin sem drögin bjóða upp á felst í þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar á einum til þremur mánuðum eftir að Alþingi samþykkir þær. Hér er ekki haldið fram að þessar aðferðir bjóði upp á það að auðvelt verði að breyta stjórnarskránni, þær gera það ekki. En þær verja okkur ekki nægilega vel gegn stundarbrjálæði stjórnmálamanna og tryggja ekki vönduð vinnubrögð. Af þessu hef ég verulegar áhyggjur. Og því miður sé ég ekki þá leikfléttu sem tryggir að þessum ákvæðum, eða öðrum sem ráðinu gafst ekki tóm til að fullvinna, verði breytt úr þessu.

# Samfélagsleg áhrif kláms


Samfélagsmál



Róbert R. Spanó
prófessor og forseti Lagadeildar HÍ



Halla Gunnarsdóttir
aðstoðarmaður innanríkisráðherra


Innanríkisráðuneytið og lagadeild Háskóla Íslands hafa undanfarin misseri efnt til umræðu um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu. Hófst þetta ferli haustið 2010 með stórum samráðsfundi þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og í framhaldinu smærri fundum með fulltrúum réttarvörslukerfisins, fræðasamfélagsins, stofnana og frjálsra félagasamtaka. Í framhaldi af samráðinu hefur verið gripið til fjölmargra aðgerða og má þar nefna lagabreytingar, ráðstefnuhald, aukið formlegt samráð varðandi rannsókn kynferðisbrota og gerð fræðilegrar rannsóknar sem nú stendur yfir.

Í þessu ferli hefur komið fram að ýmsir aðilar sem starfa í tengslum við málaflokkinn meta það svo að aukin klámvæðing kunni að hafa áhrif á kynferðisbrot, bæði á tíðni þeirra og á ofbeldið sjálft. M.ö.o. þá þurfi að taka klám til sérstakrar skoðunar í tengslum við umræðu um kynferðisbrot.

**Tíðarandi og löggjöf**

Samkvæmt almennum hegningarlögum er dreifing, innflutningur, sala, útbýting og prentun kláms refsiverð á Íslandi og getur varðað fangelsi allt að sex mánuðum. Lögin kveða ekki á um hvernig skilgreina eigi klám og dómafordæmi eru ekki mörg. Þá breytist tíðarandinn hratt. Bækur sem voru bannaðar um miðja síðustu öld með vísan til þess að þær innihéldu klám myndu tæplega falla undir það hugtak í vitund fólks í dag. Þá hafa áhrif internetsins verið gríðarleg á undanförnum árum og aðgengi að klámi stóraukist. Samhliða fer ekki fram mikil umræða um mörkin milli kláms annars vegar og kynferðislega opinskás efnis hins vegar.

> Á ráðstefnunni verður jafnframt velt upp spurningum um sálræn áhrif kláms á þá sem slíks efnis neyta, einkum á börn og ungmenni.

**Ráðstefna um klám**

Þessi mörk verða til umfjöllunar á ráðstefnu um klám sem innanríkisráðuneytið og Lagadeild HÍ efna til í samvinnu við velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneytið þriðjudaginn 16. október nk. Á ráðstefnunni verður jafnframt velt upp spurningum um sálræn áhrif kláms á þá sem slíks efnis neyta, einkum á börn og ungmenni. Markmiðið er að varpa ljósi á hvert hlutverk stjórnvalda eigi að vera þegar kemur að klámi, með tilliti til dreifingar, notkunar og einstaklingsbundinna og samfélagslegra áhrifa.

Vonin er að þetta verði liður í því að efna til markvissrar umræðu um klámvæðingu og samfélagsleg áhrif hennar. Ráðstefnan hefst kl. 13 í Hátíðasal Háskóla Íslands og er öllum opin.

# Kjör og nám kennara


Menntamál



Björgvin G. Sigurðsson
alþingismaður


Fyrir fjórum árum samþykkti Alþingi með samstöðu þvert á flokka tímamótabreytingar á kennaranámi, þar með talið lengd og umfangi náms leikskólakennara. Ég greiddi atkvæði með þeim lagabreytingum og er sannfærður um að þær eru og verða til góðs. Verði meðal annars til þess að bæta kjör kennara og hækka laun þessarar mikilvægu stéttar sem er og hefur lengi verið launuð langt undir því sem sanngjarnt getur talist.

Hins vegar virðist sem lenging námsins úr þremur árum í fimm hafi m.a. orðið til þess að fækka þeim sem fara í námið. Auðvitað veldur fleira en lengd námsins, svo sem lág laun. Mikið er undir þar sem stefnt er að því að tveir þriðjungar starfsmanna leikskólanna verði til þess menntaðir í stað eins þriðjungs nú.

Því tók ég það upp í þinginu um daginn hvort ætti að áfangaskipta náminu. Nemendur fengju þannig réttindin í áföngum en til að ljúka því yrði áfram um fimm ára nám að ræða. Eða eins og ein amma og leikskólakennari sagði við mig í tölvupósti í gær: „Ég tek undir það að það megi þrepaskipta náminu og að fólk fái réttindi í þrepum. Eftir stendur að börnin okkar eiga skilið góða kennara og því þarf það starf að vera eftirsóknarvert og það verður helst gert með góðum launum.“

Þetta taldi ég rétt að árétta til að ekki liggi eftir sá misskilningur að við séum að ræða um að stíga til baka og stytta námið aftur í þrjú ár. Slík þrepaskipting náms yrði þannig að nemandinn fengi tiltekin réttindi t.d. að loknum þremur árum. Það held ég að yrði mjög til góðs. Bæði til að draga fleiri að þessu mikilvæga og góða starfi og einnig hinu að fyrr fengjust fleiri fagmenntaðir starfsmenn inn í leikskólana. Það er þetta sem verið er að fara yfir en ekki skref til fyrra fyrirkomulags.

Umræðan er mikilvæg og þarf að verða til þess að markmiðin um sanngjarnari laun og fleiri menntaða leikskólakennara náist sem allra fyrst.


SÝNING LAUGARDAG KL. 11:00-15:00




NÝJUNG
á íslenskum
innréttingamarkaði

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA

Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

*Farðu alla leið með Eirvík*

EIRVÍK *innréttingar*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Hagsmunir Orkuveitunnar og almennings

Orkumál

Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi



Hagsmunir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) eru hagsmunir almennings. Hagsmunir borgarbúa, Akurnesinga, Borgfirðinga og landsmanna allra. Hagsmunirnir eru fjárhagslegir og samfélagslegir, og varða náttúruna og fólkið og komandi kynslóðir.

### Hlutverk borgarstjórnar

Í lýðræðissamfélagi er kjörnum fulltrúum falið að gæta almannahagsmuna. Þeir bjóða sig fram af hugsjón, vegna ákveðinnar stefnu eða hugmyndafræði sem þeir vilja að samfélagið sé rekið eftir. Svo fara fram kosningar og niðurstaðan verður í samræmi við vilja fólksins.

Á fjögurra ára fresti veita Reykvíkingar 15 einstaklingum umboð til að gæta almenningshagsmuna. Borgarstjórn Reykjavíkur annast menntamál, umhverfismál, skipulagsmál, velferðarmál, menningar- og ferðamál, mannréttindamál, íþrótta- og tómstundamál – mótar stefnu og forgangsraðar fjármunum. Hún ber líka ábyrgð á rekstri OR, Faxaflóahafna, Strætó, Sorpu og fleiri fyrirtækja sem sannarlega starfa í þágu almennings og leggja grunn að góðum búsetuskilyrðum.

### Lýðræðislegar leikreglur

Í skýrslu úttektarnefndar OR eru stjórnarhættir harðlega gagnrýndir og þar er lagt til að utanaðkomandi aðilar sitji í stjórn fyrirtækisins. Þar koma fram efasemdir um að sveitarstjórnarfólk hafi nægilega faglega þekkingu og reynslu til að sitja í stjórninni, auk þess sem efast er um að borgarfulltrúar geti sinnt eftirlitshlutverki sínu ef þeir eiga líka sæti í stjórn OR. Þá þykir fara illa á því að pólitísk átök og óeining einkenni starf stjórnarinnar.

Enginn, ekki færasti sérfræðingur, hefur sérþekkingu á öllum sviðum rekstrar OR, sem spannar virkjanir, vatnsból, rafmagn, dreifingu, fráveitu og gagnaveitu. Innan fyrirtækisins eru aftur á móti sérfræðingar á öllum þessum sviðum sem veita kjörnum fulltrúum upplýsingar sem þeir svo byggja pólitískar ákvarðanir á.

Borgarfulltrúar eiga ekki í vandræðum með eftirlitshlutverk sitt gagnvart fagráðum eða öðrum fyrirtækjum borgarinnar. Hvers vegna ætti annað að gilda um OR? Borgarráð staðfestir t.a.m. allar deiliskipulagsáætlanir sem samþykktar eru í skipulagsráði og aldrei hafa hagsmunaárekstrar verið vandamál í því samhengi, jafnvel þótt sami einstaklingurinn sitji í báðum ráðum.

Pólitísk átök í stjórn OR eru til komin vegna þess að borgarbúar eru ósammála um það hvernig á að reka fyrirtækið. OR sinnir samfélagslega mikilvægu hlutverki og reksturinn er því eðli málsins samkvæmt pólitískur, þar eru hagsmunirnir miklir, flóknir og til langrar framtíðar. Þess vegna skiptir máli að í stjórn OR sitji fulltrúar ólíkra sjónarmiða borgarbúa, sem gera út um ágreiningsmál á opinn og gagnsæjan hátt og leiða þau til lykta með lýðræðislegum hætti.

### Öxlum ábyrgð

Utanaðkomandi stjórn OR verður aðeins að veruleika með því að brjóta leikreglur lýðræðisins. Stjórn mun alltaf þurfa að taka afstöðu til atriða sem borgarbúar eru ósammála um, skera á hápólitíska hnúta. Til þess sækir hópur fólks sér reglulega umboð í kosningum og það er varasamt að ætla að skjóta sér undan þeirri ábyrgð með því að fela utanaðkomandi aðilum það verk.

Reynslan sýnir að kjörnir fulltrúar, með hagsmuni almennings að leiðarljósi, skipta máli. Ef ekki hefði verið fyrir kjörna fulltrúa væri REI nú í höndum útrásarvíkinga og líklega slitastjórna. Almannafyrirtæki sem gegnir jafn viðamiklu hlutverki og OR á fyrst og fremst að vera rekið með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Í lýðræðissamfélagi verður það aðeins tryggt með skýru umboði frá þeim einum sem það geta veitt: borgarbúum.




# Bergrisi við Austurvöll

Heilbrigðismál

Vilhjálmur Hjálmarsson
einstaklingur með ADHD



Þegar bergrisi ákveður að taka til í kringum sig getum við hin átt fótum okkar fjör að launa. Nú ber við að bergrisinn við Austurvöll virðist í ham því draga skal úr fjárútlátum ríkissjóðs vegna kostnaðarþátttöku við lyfjameðferð við ADHD um ríflega 200 milljónir.

Sjálfur er ég ekki sérfróður um vinnuferli við fjárlagagerð en fæ ekki betur séð en að þingnefnd hafi farið full stórum við undirbúning á þessum þætti fjárlagafrumvarpsins. Í drögum að fjárlögum má finna meinta tilvísun í klínískar leiðbeiningar Landlæknis þess efnis að metýlfenídatlyf (ADHD-lyf) séu einungis ætluð börnum. Þeim sem hafa kynnt sér málið er þó fulljóst að hér er vísað í gamla lyfjaskrá – í klínísku leiðbeiningunum er hins vegar kýrskýrt að lyfjagjöf er talin virka mjög vel á fullorðna sem börn. Starfsmaður velferðarráðuneytis segir þó einungis að um óheppilegt orðalag sé að ræða. Ráðherra bætti um betur í fréttum Stöðvar 2 þann 3/10 og ítrekaði að greiðsluþátttöku ríkissjóðs ætti að ná niður um tvo þriðjuhluta á einu ári.

Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að sitja fund með 6 starfsmönnum velferðarráðuneytisins ásamt formanni og framkvæmdastjóra ADHD-samtakanna föstudaginn 5/10. Er að vísu stjórnarmaður í samtökunum en sat fundinn fyrst og fremst á eigin forsendum sem einstaklingur með ADHD. Sjálfur tók ég lyfin þann morguninn og var nokkuð skýr í kollinum. Áður en lengra er haldið skal hrósa því sem vel var gert – og kristallast best í fyrirsögn síðustu fréttar á vef ráðuneytisins þann 10/10: „Lyfjameðferð vegna ADHD og misnotkun fíkla á metýlfenídati eru óskyld mál.“ Um þetta voru allir fundarmenn sammála.

Eftir fundinn var maður nokkuð bjartsýnn, þó reynslan kenni að fagna ekki of snemma. Ráðuneytið samþykkti að ganga frá nokkurs konar fundargerð til birtingar ásamt eigin frétt um málið á heimasíðu sinni. Fréttin birtist eftir hádegi 10/10 undir yfirskriftinni „Mikilvægar staðreyndir vegna umræðu um ofvirknilyf“. Ráðuneytið áréttaði enn og aftur að ætlunin væri að lækka fjárframlög um ríflega tvo þriðjuhluta. Þessu til stuðnings var birt merkilegt súlurit sem sýndi hvernig lyfjanotkun einstaklinga eldri en 20 ára hefur stóraukist og er nú svo til jöfn notkun þeirra sem yngri eru. Þó var látið undir höfuð leggjast að tiltaka að yngri hópurinn telur um 6.000 einstaklinga á meðan í eldri hópurinn eru líklega allt að 10.000 manns. Eins er einungis „viðurkennt“ að þessi lyf geti nýst fullorðnum einstaklingum en í engu getið að ADHD-greiningum hjá fullorðnum fer einfaldlega fjölgandi. Þetta heitir í mínum bókum að ljúga með tölum – að sleppa óþægilegum þáttum til að fegra eigin málstað.

Sem fyrr er gert ráð fyrir að lækka megi lyfjakostnað úr 340 í 120 milljónir á einu ári. Til frekari upplýsinga bendir ráðuneytið „á umfjöllun í Læknablaðinu 02. tbl. 97. árg. 2011 um mikla notkun ADHD-lyfja hér á landi: Met í notkun ADHD-lyfja“ þar sem rætt er við Kristin Tómasson, Pál Matthíasson og Geir Gunnlaugsson. Sú lesning er stórgóð og kemur skýrt fram að læknarnir telja að víða sé pottur brotinn og of algengt að kerfið sem slíkt bjóði upp á mistök og jafnvel misnotkun. Þar er líka að finna þessa ágætu tilvitnun: „Ef við reiknum með að sparnaður ríkisins vegna minnkandi notkunar lyfsins geti numið allt að 200 milljónum á ári er ljóst að fjárhagslegur ávinningur er umtalsverður. En mikilvægara er þó að tryggja með öruggum hætti að þeir sem þurfa lyfin fái þau, um leið og dregið verður úr misnotkun lyfjanna.“ Þessu virðast nefndarmenn Alþingis síðan hafa snúið upp í hinn fullkomna sannleik: Skera skal kostnað niður strax um ríflega 200 milljónir – svo á að sjá til hvort nýtt sérfræðiteymi geti mögulega útfært önnur úrræði.

Hvur skrambinn – er hér aftur komið hið ónákvæma orðalag? Bergrisinn farinn að berja höfði við stein og mögulegi sparnaðurinn orðinn að heilögum sannleika!

Ágætu ráðherrar fjármála og velferðarmála: Finnst ykkur þetta boðleg vinnubrögð fyrir Alþingi Íslendinga? Ég óska eftir að þið svarið þessu greinarkorni skilmerkilega á opinberum vettvangi. Eins bið ég þess skemmstra orða að jötnum þeim er nú virðast ríða húsum í sölum Alþingis verði veitt viðeigandi aðstoð – AHDH-samtökin gætu jafnvel veitt ráðgjöf þar að lútandi. Ónákvæmt orðalag er vinsamlegast afþakkað.

# Kanilsnúðadagar

## Kanilsnúðar sem bráðna í munni og gera líka samviskunni gott!

Það eru kanilsnúðadagar í IKEA um helgina. Laugardag og sunnudag frá 13 til 17 keppa fjögur lið bakara í kanilsnúðabakstri. Þér er boðið upp á ylvolga kanilsnúða, og ef þú vilt styrkja gott málefni getur þú gefið frjálst framlag í bauk bakaranna sem að þínu mati gera besta snúðinn. Það lið sem safnar hæstu upphæðinni vinnur kanilsnúðakeppnina. Heildarsöfnunarupphæðin rennur svo óskipt til Árvekni – verkefnis um slysavarnir barna, og IKEA gefur á móti annað eins.

**Hver króna sem þú gefur tvöfaldast því á leiðinni til Árvekni!**



© Inter IKEA Systems B.V. 2012

Þessi lið keppa í kanilsnúðabakstrinum

- Mosfellsbakarí
- Hótel & matvælaskólinn í Menntaskólanum í Kópavogi (Hérastubbur bakari og Björnsbakarí)
- Hótel & matvælaskólinn í Menntaskólanum í Kópavogi (Kökuhornið og Fjarðarbakarí)
- Veitingastaður IKEA

**Lestu meira um Kanilsnúðadagana og öryggi barna á www.IKEA.is**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**42** **LEIKARINN HUGH JACKMAN** á afmæli í dag

*„Að vera á Broadway er nútímajafngildi þess að vera munkur. Ég sef mikið, borða mikið og hvíli mig mikið."*

## Merkisatburðir

1905 – Verzlunarskóli Íslands settur í fyrsta sinn.
1918 – Kötlugos hefst og stendur til 4. nóvember.
1956 – Körfuknattleiksdeild KR stofnuð.
1962 – Kvikmyndin 79 af stöðinni er frumsýnd í Reykjavík.
1968 – Sumarólympíuleikar settir í Mexíkóborg.
1977 – Ólafur Egill Egilsson leikari fæðist.

SÉRA GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR: TEKUR VIÐ LANGHOLTSKIRKJUSÓKN

# Bjartsýn á framtíðina

Nýr sóknarprestur Langholtskirkju í Reykjavík stígur þar í stólinn í sunnudagsmessunni næstkomandi sunnudag. Það er séra Guðbjörg Jóhannesdóttir sem kveðst hlakka til að tengjast aftur Heima- og Vogahverfi því þar eigi hún vissar rætur. „Ég er skírð í Langholtskirkju og bjó hjá afa og ömmu á Langholtsveginum á menntaskólaárunum í MS," segir hún brosandi og rifjar umbeðin upp ferilinn í fáum orðum.

„Ég vígðist til Sauðárkrókskirkju þegar ég var 28 ára og flutti norður með eiginmanni og fjórum börnum, eins, tveggja, fimm og sjö ára. Fyrir norðan bættist svo fimmta barnið við. Það var svolítið stuð, en báðar ömmur barnanna voru okkur afar hjálplegar. Þær skiptust á að koma, mættust jafnvel á flugvellinum. Ég þjónaði líka tveimur kirkjum á Skaga, Hvammi í Laxárdal og Ketu. Það var ótrúlega dásamlegt að vera í Skagafirði. Þar er svo gott fólk. Við vorum þar í níu ár. Vinna mannsins míns, sem er endurskoðandi, var færð suður svo við neyddumst til að flytja en þegar við erum í fríi förum við heim í Skagafjörð."

> Þó að allir stóli á prestinn er mikilvægt að presturinn stóli ekki bara á sig

Hjá Guðbjörgu tóku við afleysingar þegar hún kom suður og hafa Háteigskirkja, Selfosskirkja, Neskirkja og Hafnarfjarðarkirkja notið starfskrafta hennar, sú síðastnefnda í þrjú ár en hinar skemur. Hún segir Langholtskirkju vissulega eftirsóknarverðan vinnustað. „Þar sem ég hafði verið sóknarprestur í níu ár fannst mér eðlilegt að sækjast eftir því aftur þegar ég hefði tækifæri til. Hverfið er líka afmarkað og fólksfjöldinn temmilegur. Fermingarbörnin eru svona 50-60 og það er vel viðráðanlegt að kynnast 60 börnum og foreldrum þeirra. Svo er landsþekkt tónlistarstarf í Langholtskirkju og ég er mjög spennt fyrir að vinna með öllu því frábæra fólki sem þar er. Langholts-, Ás- og Laugarneskirkja hafa með sér samstarf sem er mikils virði því það sem maður lærir af reynslu sinni í prestsembætti er að það gerir engin ein manneskja nokkurn skapaðan hlut."

Þegar minnt er á að allir stóli samt á prestinn og honum megi helst aldrei verða á í messunni brosir Guðbjörg og segir: „Já, þó að allir stóli á prestinn er mikilvægt að presturinn stóli ekki bara á sig. Hann þarf líka að stóla á samstarfsfólkið, hann þarf að vera í handleiðslu til að halda sönsum og hann þarf stundum að vera í fríi til að sinna fjölskyldu sinni. Ef presturinn passar upp á þessi atriði getur hann tekist á við ótrúlegustu hluti." Guðbjörg ber hag presta fyrir brjósti enda er hún formaður Prestafélagsins. Versnandi fjárhagur safnaða sem meðal annars leiðir af fækkun í þjóðkirkjunni á höfuðborgarsvæðinu veldur henni líka áhyggjum. Samtímis kveðst hún þó bjartsýn á framtíðina. „Sem betur fer koma ungir foreldrar í hverri viku með lítil börn og taka meðvitaða ákvörðun um að bera þau til skírnar," segir hún. „Því er óhætt að segja að staða kirkjunnar sé sterk."

gun@frettabladid.is



**GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR** Hlakkar til að tengjast aftur Heima- og Vogahverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---

†



Elskuleg móðir, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

**NÍELSÍNA ÁSTA JÓNSDÓTTIR**
**Hrafnistu Hafnarfirði,**
**áður Álfhólsvegi 105, Kópavogi,**

lést mánudaginn 8. október á LSH Fossvogi. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 15. október kl. 13.00.

**Þorbjörn Daníelsson**
**Guðrún Daníelsdóttir**
**Ósk Jónsdóttir**
**Anna Jóna Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, tengdadóttir og amma,

**SÓLEY ÓLAFSDÓTTIR**
**Garðavegi 24, Hvammstanga,**

lést á sjúkrahúsinu á Hvammstanga þriðjudaginn 9. október. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 19. október kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga eða Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs.

**Guðmundur Sigurðsson**
**Guðmundur Valur Guðmundsson** **Guðný Bergþóra Tryggvadóttir**
**Sigurður Þór Guðmundsson** **Hildur Stefánsdóttir**
**Sigríður Ása Guðmundsdóttir** **Gunnar Reynisson**
**Ása Guðmundsdóttir**
**Hanna Sóley, Eyrún Huld, Guðmundur Bragi, Stefán Pétur, Ólafur Ingvi, Ása Margrét, Jóhann Ingvi og Vilborg Anna**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR**
**frá Stærri-Bæ,**

lést mánudaginn 8. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Ágústsson**
**Þorkell Gunnarsson** **Kristín K. Karlsdóttir**
**Sigríður Laufey Gunnarsdóttir** **Brandur Matthíasson**
**Jón Rúnar Gunnarsson** **Kristín P. Birgisdóttir**
**Ágúst Gunnarsson** **Anna Margrét Sigurðardóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Árni B. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ARNFRÍÐUR INGVARSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 15. október kl. 15.00.

**Sigríður Stephensen** **Pálmar Sveinn Ólafsson**
**Þorsteinn Stephensen**
**Herdís Stephensen** **Sigurður Bergþórsson**
**Stefán Pálmarsson**
**Ólafur Pálmarsson**
**Einar Pálmarsson**
**Árni Pálmarsson**
**Ingvar Sigurðsson**

---

†



Ástkær móðir, tengdamóðir, systir, frænka og vinkona,

**HALLFRÍÐUR HANNA ÁGÚSTSDÓTTIR**
**Hlíðarstíg 2, Sauðárkróki,**

lést á heimili sínu 3. október. Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 13. október kl. 13.00.

**Úlfar Ingi Haraldsson, Sigríður Mjöll Björnsdóttir, systkini, frændfólk og vinir.**

---

†



Okkar ástkæri,

**SNORRI JÓNSSON**
**Grundarlandi 17,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 6. október. Útför auglýst síðar.

**Dollý Nielsen** **Pétur Sveinsson**
**Stella Leifsdóttir** **Davíð Ingibjartsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,

**SIGRÍÐUR ÁGÚSTA JÓNSDÓTTIR**

lést í faðmi ástvina sinna á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 10. október.

**Þórdís Marteinsdóttir**
**Jón Guðmundur Marteinsson**
**Hafsteinn Alexander Marteinsson** **Sveinbjörg Sævarsdóttir**
**Valgeir Elís Marteinsson**
**Marteinn Eyjólfur, Sigríður Ásta og Athena Rós**
**Jón Guðmundur Bergsson** **Guðrún B. Björnsdóttir**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SESSELJA JÓNSDÓTTIR**
**Æsufelli 4,**

lést á heimili sínu að kvöldi 9. október. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 19. október kl. 15.00.

**Guðbrandur Gimmel** **Ingunn Þórðardóttir**
**Anna Karlsdóttir** **Óskar Elíasson**
**Karl Jón Karlsson** **Winut Somsri**
**Lísa María Karlsdóttir** **Trausti Guðjónsson**
**Jón Sigurfinnur Ólafsson**
**barnabörn og langömmubarn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SAUÐAMESSA Í BORGARNESI

**Sauðamessa verður haldin í Borgarnesi á morgun en eftir fjárrekstur í rétt verður opnaður sveitamarkaður, mathákar keppa og ýmis skemmtiatriði verða í boði. Dagskráin hefst klukkan 14. Um kvöldið verður slegið upp Sauðamessuballi í Faxaborg.**


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.





Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Á næstunni mun hann heimsækja færustu kokka landsins og fá þá til að elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar heimsækir hann marga af færustu kokkum landsins og fær þá til að elda ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi. Í dag lítur Úlfar við hjá Friðriki Sigurðssyni, matreiðslumanni og meðlimi í Bocuse d'Or Akademíunni. Friðrik færir okkur uppskrift að einkar ljúffengum Marengo-kjúklingarétti. Hægt er að fylgjast með honum elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is. Næstu föstudaga heimsækir Úlfar fleiri matreiðslumeistara.

**GÓÐIR SAMAN** Úlfar Finnbjörnsson er hér ásamt Friðriki Sigurðssyni matreiðslumanni.

## MARENGO KJÚKLINGUR

1 kjúklingur skorinn í 8 bita
6 msk. ólífuolía
1 1/2 laukur, saxaður
4 hvítlauksgeirar, saxaðir
1 bolli hvítvín
5 meðalstórir tómatar, skornir í bita
250 g sveppir, skornir í bita
3 msk. steinselja, gróft söxuð
salt og nýmalaður pipar.

Hlutið kjúklinginn í átta bita. Kryddið með salti og pipar. Hitið ólíuna á sæmilega stórri pönnu. Brúnið bitana vel á báðum hliðum. Takið kjúklinginn af pönnunni og steikið laukinn í 3-4 mínútur. Setjið sveppina og hvítlaukinn út í og steikið áfram í 3-4 mínútur til viðbótar. Að endingu eru tómatarnir settir út í, kjúklingabitarnir ofan á þá og hellið hvítvíninu yfir. Setjið lok á pönnuna og eldið við hægan hita í um 30 mínútur. Þegar rétturinn er borinn fram er hann bragðbættur með salti og pipar eftir smekk og steinseljunni stráð yfir.




www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara













# FULLUR BÆR AF HRESSUM DÖMUM

**GLEÐI OG GAMAN** *Það er líf og fjör á Akureyri þessa helgi þar sem Dömulegir dekurdagar eru haldnir. Margt áhugavert er um að vera og bærinn hefur verið skreyttur með bleikum slaufum sem lífga upp á stemninguna.*

**BLEIKUR BÆR** Vilborg Jóhannsdóttir er önnur tveggja kvenna sem eiga hugmyndina að Dömulegum dekurdögum á Akureyri.
MYND/ÞÓRHALLUR JÓNSSON, PEDROMYNDIR

Þetta er í fimmta skipti sem Dömulegir dekurdagar fara fram á Akureyri. Vilborg Jóhannsdóttir, kaupmaður í Centro, er önnur tveggja kvenna sem fengu hugmyndina að slíkri bæjarhátíð. „Við vorum tvær að spjalla um árstíðarsveiflur í viðskiptum og vorum sammála um að október væri sá mánuður þar sem maður þyrfti virkilega að hafa fyrir því að skapa stemningu. Í framhaldinu ákváðum við að gera eitthvað í málunum, fá kvennahóp með okkur í skemmtilegt verkefni. Við vildum að allir gætu lagt verkefninu lið á sinn hátt,“ segir Vilborg.

**TILBOÐ OG SKEMMTUN**

Bleikur litur var valinn til skreytinga, bæði vegna þess hversu dömulegur hann er og einnig til að minna á árveknismánuð brjóstakrabbameins í leiðinni. „Við höfðum í huga þegar snjall útvarpsmaður bjó til saumaklúbbsmót í Vestmannaeyjum á sínum tíma með góðum árangri. Október er mánuður þegar konur gera eitthvað skemmtilegt saman. Þær eru búnar að koma börnunum í skólann og sláturvinnslu er lokið en jólabakstur ekki byrjaður. Veðrið er sömuleiðis oft gott á þessum árstíma. Við vildum ná konum landsins til Akureyrar og leyfa þeim að njóta alls þess besta sem bærinn hefur upp á að bjóða.“

Mjög margt skemmtilegt er á dagskrá þessa daga og verslanir í bænum láta ekki sitt eftir liggja með afsláttarkjörum og skemmtiatriðum. Löng og vel skipulögð dagskrá er í boði og má skoða hana á vefnum Visitakureyri.is. Flugfélag Íslands er með tilboð auk hótela og gistiheimila. Þá verður bíómyndin Hope Springs, með Meryl Streep og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum, frumsýnd hérlendis á Akureyri í kvöld. Þetta er sannkölluð kvennamynd sem fjallar um hjón sem hafa verið gift í 31 ár og vantar spennu í sambandið.

**GLEÐIN TEKUR VÖLD**

„Við höfum fengið kvennahópa frá Ólafsfirði, Siglufirði, Dalvík og fleiri stöðum á landinu. Það er ótrúlega skemmtilegt þegar svona margar konur skemmta sér saman. Svona „Weekend Night“ fyrir konur er þekkt í öllum helstu borgum heims og var til dæmis nýlega haldin í Kaupmannahöfn,“ segir Vilborg enn fremur.

Þegar fyrsta Dömulega dekurhelgin var haldin í skugga bankahruns í október 2008 var allt fremur látlaust, að sögn Vilborgar en síðan hefur hátíðin vaxið og dafnað. „Við sjáum fyrir okkur að bærinn verði fullur af hressum konum um helgina. Á laugardagskvöldið verður bleikt ball þar sem dansað verður zumba fram yfir miðnætti. Þá um kvöldið verða einnig útgáfutónleikar Retro Stefson á Græna hattinum. Spákonur og dáleiðar verða víða um bæinn og markaðsstemning með handverki verður í Sunnuhlíð.“

■ elin@365



**BLEIKAR SLAUFUR** Vilborg festir hér bleika slaufu á ljósastaur en Inga Vestmann fylgist með.

# BRAGÐGOTT KARTÖFLUSALAT

Kartöflusalat er gott með hamborgurum, roast beef eða skinku. Salatið má gera kvöldið áður og hafa tilbúið þegar komið er úr vinnu eða nota það með grillmat um helgina.

**Uppskriftin miðast við fjóra**

8 stórar kartöflur
1 dl sýrður rjómi
165 g majónes
2 msk. sítrónusafi
½ tsk. salt
½ tsk. nýmalaður pipar
2 tsk. sykur
2 msk. smátt saxaður blaðlaukur
1 grænt epli.

*Sjóðið kartöflurnar og kælið, skrælið þær og skerið í bita.*

*Hrærið því sem á að fara í sósuna og bragðbætið með salti, pipar og sítrónusafa. Vel má setja fleiri kryddtegundir eftir smekk, til dæmis örlítið hunang og smávegis karrí, sinnep og ananasbita.*

*Afhýðið epli, takið kjarnann frá og skerið í litla bita og setjið saman við sósuna ásamt blaðlauknum og kartöflubitunum. Þegar allt er vel blandað saman er salatið sett í ísskáp og það látið brjóta sig í nokkra tíma.*



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

12. OKTÓBER 2012

# Lífið

INNLIT TIL LÓU PIND

LINDA P HITTI YOKO ONO

NÝR KAFLI HJÁ MANUELU ÓSK



## FULLKOMLEGA ÓFULLKOMIN

### ÞÓRUNN ANTONÍA UM BRANSANN, ÁSTINA OG FRAMTÍÐARPLÖNIN

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það var svakalegt fjör á Slippbarnum á Marína-hótelinu á laugardagskvöldið. Nafnarnir **Björn Leifsson**, eigandi World Class, og fyrrum fyrirsætan **Björn Sveinbjörnsson**, sem starfar í dag sem framkvæmda-



stjóri Ntc, skemmtu sér vel ásamt nokkrum félögum á meðan eiginkonur þeirra, Hafdís Jónsdóttir og Svava Johansen, spiluðu saman golf í útlöndum. Þá mátti einnig sjá listakonuna **Elísabetu**



**Ásberg**, ljósmyndarann Bergljótu Þorsteinsdóttur, Reyni Loga Ólafsson, sem landaði titlinum Herra Ísland árið 1997, og Guðvarð Gíslason sem er betur þekktur sem Guffi kokkur.





Lífið

UMSJÓN
Elly Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Anton Brink
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Klæðnaður Þórunnar: Kjóll: ELLA, Feldur: Eggert Feldskeri Förðun: Kristín Erla Lína. Þakkir fær Mac.



Magnús og Hallgrímur Helgason. MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR



Ellert B. Schram og Össur Skarphéðinsson voru kátir.

# FRÆGIR Í ÚTGÁFUHÓFI

**Það var glatt á hjalla í glæsilegu hófi sem haldið var í Eymundsson Austurstræti þegar ný bók Magnúsar Orra Schram alþingismanns, sem ber heitið Á tímamótum, kom út.**

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Eiríkur Bergmann og Helgi Hjörvar.



Katrín Júlíusdóttir og höfundurinn.



Linda Pétursdóttir, Ungfrú heimur árið 1988.



# LINDA HITTI YOKO ONO




Linda P og Yoko Ono

„Það var auðvitað gaman að hitta þessa merkilegu konu og ekki síðra þegar hún sagðist vilja koma í Baðhúsið mitt næst þegar hún kæmi til landsins," segir Linda Pétursdóttir sem spjallaði við Yoko Ono í Hörpu í vikunni.

**Nú stendur meistaramánuður yfir. Hefur þú sett þér markmið þegar kemur að heilsunni í október?** „Ég er mjög meðvituð um að lifa heilbrigðu lífi enda hef ég lifað og hrærst í þessum heimi til fjölda ára og finnst alltaf jafn gaman að vinna við áhugamálið mitt. Ég ætla mér að halda áfram nú sem endranær að huga að mataræðinu og hreyfingu og ekki síður að hugsa um andlegu heilsuna en hún er vissulega einn þáttur sem ekki má gleyma.

Já, svo ætla ég að vera duglegri að gefa mér tíma til að lesa meira," segir Linda.




## BETRI SAMAN EN HVOR Í SÍNU LAGI



Karen Lind Tómasdóttir



Manuela Ósk Harðardóttir

„Við höfum báðar verið að blogga hvor í sínu horninu í langan tíma. Síðurnar voru báðar mjög vel lesnar en við vorum einhvern veginn að missa máttinn – þannig að við ákváðum að sameina krafta okkar og opna nýja og ferska síðu," segir Manuela Ósk Harðardóttir spurð um nýja bloggsíðu hennar og Karenar Lindar Tómasdóttur, m-x-k.com sem fór í loftið í vikunni.

„Við erum búnar að vera nánar vinkonur í mörg ár og þrátt fyrir að vera líkar um mjög margt þá höfum við einnig ólík áhugamál. Til dæmis hefur Karen mikinn áhuga á heilsu og líkamsrækt en tískan á hug minn allan. Við erum sannfærðar um að við séum betri saman en hvor í sínu lagi."

Ætla þær vinkonurnar aðallega að skrifa um allt sem þeim finnst skemmtilegt, áhugavert og spennandi en flokkarnir á síðunni eru tíska, heilsa, speki, slúður, viðtöl, heimili&hönnun og svo MXK-flokkur, þar sem við þær munu setja persónulegar færslur inn, en þannig voru gömlu bloggin þeirra byggð upp. „Við viljum halda því persónulegu."

Auk þess að blogga stundar Manuela nú nám í Húsmæðraskólanum. „Það má vel vera að námið í HMS komi við sögu á blogginu, enda svo rosalega margt skemmtilegt sem gerist þar. Ég er alsæl með að hafa drifið mig því þar fæ ég frábæran félagsskap og ótrúlega gagnlega leiðsögn í praktískum hlutum sem manni eru bara því miður ekki meðfæddir. Það var aldeilis ekki leiðinlegt að koma heim með bleikan prinsessukjól handa dóttur sinni sem ég saumaði alveg sjálf," segir Manuela að lokum.

Libresse

# Bleika slaufan

-árveknisátak um brjóstakrabbamein




## Saman styrkjum við Leitarstöð Krabbameins-félagsins

Libresse og Bleika slaufan



Stofan hjá Lóu er hlýleg og það sama á við húsið eins og það leggur sig.



Lóa Pind tekur á móti Sindra á Stöð 2 annað kvöld.

# LÓA PIND HEIMSÓTT



**Fréttakonan Lóa Pind fréttakona býr í fallegu, skandinavísku húsi í Gógötu í litla Skerjafirði í Reykjavík ásamt eiginmanni og tveimur sonum. Lóa leggur mikla áherslu á að heimilið sé þægilegt og vill sem minnst af styttum og öðrum fínum hlutum í kringum sig. Sjónvarpsmaðurinn Sindri Sindrason heimsækir Lóu í þættinum Heimsókn sem er í opinni dagskrá strax að loknum kvöldfréttum á Stöð 2 annað kvöld.**

MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Sterk þrívirk trönuberjablanda
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is









**Útsala**

Útsalan er hafin
hjá Textilline

**Öll efni á 1000-1500 krónur.**

textilline

**Laugavegi 101.**
**Sími 552 1260.**
**Opið frá 10 – 18.**

HAMINGJUHORNIÐ

Lóa Fatumata Einarsdóttir 26 ára

## GÓÐ LÍKAMSRÆKT TÆMIR HUGANN

**Starf:** Ég er verkfræðingur og starfa sem sérfræðingur á gæðasviði Nóa Síríus.

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?** Mér finnst gott að tæma hugann með því að stunda góða og öfluga líkamsrækt og hef verið tíður gestur í Crossfit Reykjavík. Ég er samt þannig að ég tek sjaldnast vinnuna með mér heim og eftir erfiðan vinnudag er nóg fyrir mig að setjast út í bíl í lok dags og þá er hausinn kominn í eitthvað annað.

**Hvernig hleður þú batteríin?** Með því að eyða góðri stund með kaffibollanum mínum.

**Hugleiðir þú eða notar þú aðrar aðferðir til að rækta hugann?** Ég hef ekki prófað neinar þróaðar hugleiðsluaðferðir en ég á það engu að síður til í að detta í alls konar pælingar þegar ég er á ferðinni og skil bílinn eftir heima. Þegar maður losnar við umferðarstressið á hugurinn það til í að fara á fullt og þá sérstaklega með viðeigandi tónlist í eyrunum. Ég gerði mikið af þessu þegar ég bjó í Kaupmannahöfn, enda fór ég allra minna ferða ýmist fótgangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum – undantekningarlaust með Ipodinn meðferðis.



MYND/BERGLIND BJÖRNSDÓTTIR

the PIER
WORLD OF INSPIRATION · FOR YOUR HOME

# LÆKKAÐ VERÐ



Skenkur
NÚ 95.940
áður 159.900

Borðstofuborð
NÚ 59.940
áður 99.900

Stækkun
NÚ 11.940
áður 19.900



40%

PROVENCE
GEGNHEIL EIK



Sófaborð
NÚ 38.940
áður 64.900

Konsoleborð
NÚ 47.940
áður 79.900




## DEKURDAGAR
Á AKUREYRI UM HELGINA
FRÁBÆR TILBOÐ
GÓMSAETAR SNITTUR




295 cm
189.900

330 cm
199.900

## MANDARÍN LÍNAN



Skenkur
NÚ 59.900
áður 79.900

the PIER

Skápur
NÚ 49.900
áður 65.400



SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

ARNA FRÍÐA

# SEM MEST ÞEGAR MÉR LÍÐUR

**Þórunn Antonía skaust hratt upp á stjörnuhimininn hér á landi eftir að hafa verið búsett í London um nokkurt skeið. Hún ræðir meðal annars samband síðum blaðanna fyrir skömmu. Lífið kynntist þessari hæfileikaríku og duglegu konu aðeins betur og forvitnaðist um rætur hennar.**

**ÞÓRUNN ANTONÍA MAGNÚSDÓTTIR**
**ALDUR:** 29 ára.
**STARF:** Söngkona, sjónvarpskona, stundum leikkona.
**FJÖLSKYLDUHAGIR:** Ég á níu systkini, tvenna foreldra, eitt húsgagn og fullt af kjólum. Ég er nátthrafn, glysgjörn, heiðarleg, með bullandi athyglisbrest, er fullkomlega ófullkomin og hef gaman af lífinu.
**ÁHUGAMÁL:** Ég elska tónlist, vini mína, mexíkóskan mat, Reykjavík, kvikmyndir og sjónvarpsþætti um fjöldamorðingja og mafíuna, vintage-pelsa, Kaliforníu, sólskin og gleði.
**MORGUNMATUR:** Kaffi, ferskir ávextir, járnmixtúra og aloe vera-safi.
**TÓNLISTIN:** Allt nema djass.
**TÍMARITIÐ:** Lifandi vísindi og Vogue.
**HÖNNUÐURINN:** ELLA , ÝR, Helicopter, Forynja, E-Label.
**FYRIRMYND:** Sterkar og fallegar konur sem eru góðar við aðrar konur. Mamma mín, stjúpmamma mín, amma mín, systur og vinkonur.
**FRAMTÍÐARDRAUMUR:** Að lifa lífinu lifandi og sjá ekki eftir neinu.



Þórunn var ákveðin í að verða prinsessa eða fegurðardrottning þegar hún var lítil.

**Hvar ertu alin upp og hvar liggja rætur þínar?** Ég ólst upp í vesturbænum með fallegu mömmu minni og eldri bróður. Ég eyddi mörgum stundum hjá ömmu minni og afa á Seltjarnarnesi og um helgar hjá pabba mínum. Pabbi og mamma skildu þegar ég var þriggja ára en ég lít á það sem blessun því að þau kynntust bæði ástinni í lífi sínu eftir það og ég eignaðist yndislegan fósturpabba sem heitir Þórhallur Sigurðsson og dásamlega fósturmömmu sem heitir Jenný Borgedóttir og græddi á þessu fullt af nýjum systkinum og við erum öll í góðu sambandi.

**Hvernig barn varstu?** Ég var uppátækjasöm, músíkölsk og glaðlynd sem barn og hef víst ekki mikið breyst.

**Hverjar eru fyrstu æskuminningarnar?** Mamma að syngja mig í svefn í herberginu mínu á Skeljagrandanum, ég að kúra mig í mjúka flauelinu í gítartösku pabba míns og ég að prakkarast eitthvað með Badda bróður inni í eldhúsi að herma eftir strumpunum og gera galdramixtúrur í eldhúsvaskinum þar sem öllu var til tjaldað – frá Lýsi til uppþvottalagar.

## Nauðsynlegt að taka sig ekki of hátíðlega

**Stjarna þín reis vægast sagt hratt eftir að þú fluttist heim til Íslands eftir langa dvöl erlendis. Hvernig æxlaðist þetta allt saman?** Ég hef unnið að músík til margra ára, aðallega erlendis, og lét lítið á mér bera hérlendis áður en ég fór út. Þegar ég svo flutti heim fyrir nokkrum árum ákvað ég að snúa mér að sjónvarpsþáttagerð og fór að leika í Steindanum okkar og aðstoðaði við framleiðsluna. Við bættist svo Týnda kynslóðin með Birni Braga og Nilla þannig að hlutirnir undu hratt upp á sig. Svo kynntist ég góðum vini mínum, honum Davíð Berndsen, og við gerðum saman plötuna Star-crossed.

**Manstu hvað þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?** Ég var harðákveðin í því að verða prinsessa eða fegurðardrottning og að eiga gullkjól og gullskó.

**Hver myndirðu segja að lykillinn að velgengninni væri?** Velgengnin er afrakstur mikillar vinnu en það er að mínu mati mjög mikilvægt að hafa gaman af því sem maður gerir og gera alltaf sitt besta. Svo er líka nauðsynlegt að taka sjálfan sig ekki of hátíðlega en bera á sama tíma virðingu fyrir sjálfum sér, vita sín takmörk og að trúa á sjálfan sig.

## Lykillinn að elska fólk eins og það er

**Nú er pabbi þinn, Magnús Þór Sigmundsson, tónlistarmaður. Hafði hann mikil áhrif á leið þína í lífinu?** Já, tónlistin er svo sannarlega í blóðinu og ég og pabbi minn erum mjög tengd í gegnum hana. Hann hefur verið mér mikill kennari og við styðjum hvort annað heilshugar í þeim málum. Við hófum okkar samstarf þegar ég var unglingur, ég hef alla tíð skrifað mikið af lögum og ljóðum en vegna þess hvað ég er mikill sveimhugi þá var þetta oft á tíðum frekar óskipulagt allt saman og pabbi fór yfir stílabækurnar með mér og við púsluðum saman fyrstu tónverkunum sem komu svo á fyrstu sólóplötunni minni Those Little Things sem kom út þegar ég var átján ára. Ég ber mjög mikla virðingu fyrir pabba sem manneskju og sem listamanni og við eigum mjög fallegt samband og erum á svo margan hátt einstaklega lík. En það sem mér þykir vænst um er það að hann ber mikla virðingu fyrir mér sem bæði texta- og lagahöfundi og leitar til mín til þess að fá álit á sínum verkum. Ég er einstaklega heppin með samband mitt við alla foreldra mína en það er ekki sjálfgefið, það hefur auðvitað gengið á ýmsu eins og í öllum fjölskyldum en lykillinn er að elska fólk nákvæmlega eins og það er og það sakar ekki ef maður lærir að taka leiðsögn frá fólkinu sem elskar mann sem mest.

## Á alltaf hlut í mér

**Nýlega slitnaði upp úr sambandi ykkar Ágústs Bents en eins og alþjóð veit þá voruð þið saman um nokkurt skeið. Var það erfið upplifun?** Það er auðvitað alltaf erfitt þegar leiðir skilja eftir mörg ár, en ég horfi til baka með virðingu og ást og fólk sem maður elskar á alltaf hlut í manni þó svo að sambandið hafi ekki gengið upp.

**Nú er Ísland lítið land og þið áberandi bæði – var erfitt að hætta saman opinberlega?** Já, það var frekar súrrealískt að sjá sambandsslitin á forsíðu slúðurblaða, en ég hló bara að því, það hefði nú verið hægt að birta betri myndir af okkur fyrst við vorum komin aftur á markaðinn. Það er tilgangslaust að vera að pæla í þessu. Forsíða dagsins í dag verður í ruslinu á morgun (nema á hárgreiðslustofum sem geyma öll gömul blöð). C´est la vie!

**Hvaða eiginleika þarf maðurinn sem þú fellur fyrir að bera?** Ég fíla alvöru karlmenn sem geta fengið mig til að hlæja, vita hvað þeir vilja, eru hreinir og beinir

og eru ek
ina. Alpha
hávaxnir c
að virða r
passa inn
**En aftu**
**lendan m**
sátt á Ísla
fá viðurke
markhópi,
líka.
**Þú bjós**
**sérðu fyri**
hef alltaf
að koma a
sé alveg f
í framtíðir
reikar oft f
þar aftur,
Angeles.
**Er þínu**
tók ákvörð
að jólum v
skjánum a
**Hver er**
**form þitt?**
inn í en é
og slíkt er
vörur og b
fisk og dre
ár í ballett
finnst mér
Ég lenti
jafna mig
get. Svo h
að ég ney
**Starf sö**

Framhal




# ILLA

sslit sem voru áberandi á for-



MYND/ANTON BRINK

ki með eitthvað vesen og dramatísera hlut-
a male týpur. Svo er ekkert verra ef þeir eru
og myndarlegir og auðvitað verður sá maður
mig og elska nákvæmlega eins og ég er og
í mitt líf.

**ur að framanum, ætlar þú að herja á er-**
**arkað með nýju plötuna þína?** Ég er mjög
ndi akkúrat núna en það er alltaf gaman að
nningu fyrir það sem maður gerir frá breiðari
, draumurinn er að koma plötunni út erlendis

**st lengi erlendis – leitar hugurinn oft út eða**
**ir þér að búa á Íslandi um ókomna tíð?** Ég
verið hálfgerður sígauni. Mér finnst gaman
á nýja staði og kynnast nýju fólki þannig ég
fyrir mér að búa einhvers staðar í útlöndum
nni. Ég bjó í London í sjö ár og hugurinn
til baka en ég er ekki spennt fyrir því að búa
ég er meira spennt fyrir New York eða Los

**samstarfi við Týndu kynslóðina lokið?** Ég
ðun um að einbeita mér að tónlistinni fram
vegna anna út af plötunni, en ég mun sjást á
aftur bráðum.

**r galdurinn á bak við glæsilegt líkamlegt**
**?** Ég á granna foreldra þannig að genin spila
g borða ekki hveiti þannig að kex og brauð
r ekki á boðstólum. Svo forðast ég mjólkur-
borða helling af ávöxtum, mikið grænmeti og
ekk vatn í staðinn fyrir gosdrykki. Ég var í níu
og bý óneitanlega vel að þeim grunni og svo
r gott að fara í sund og jóga.
reyndar í bílslysi í fyrra sem ég er enn þá að
eftir en ég reyni að hreyfa mig sem mest ég
ijálpar til að ég hef aldrei tekið bílpróf þannig
ðist til að labba allt sem er gott fyrir línurnar.
**öngkonunnar fer fram á ólíklegustu tímum**

ld á síðu 8

> „Ég á það til að semja mest af tónlist þegar mér líður illa. Þá er eins og skáldagyðjan banki upp á og það er mjög læknandi að semja um hlutina.

**MAX FACTOR KYNNIR:**

Nýr maskari frá **Max Factor**.
Veldu maskara eftir þínum augnlit.

Örsmáar spegil öreindir fanga ljósið og endurkasta því þannig að þinn náttúrulegi augnlitur virðist bjartari og fallegri.









Þórunn Antonía hefur nóg að gera þessa dagana. MYNDIR/ANTON BRINK

Framhald af síðu 7

**sólahringsins, hvernig gengur þér að halda þér í líkamlegu og andlegu jafnvægi?** Ég spila mikið seint á kvöldin og mínir vinnutímar eru vægast sagt óreglulegir. Það er því auðvelt að ofkeyra sig ef maður passar sig ekki, en ég hugsa vel um sjálfa mig og veit mín takmörk.

### Getur líka samið þegar henni líður vel

**Tónlistin þín er „feel good“ tónlist, líður þér eins og þú syngur?** Ég á það til að semja mest af tónlist þegar mér líður illa, þá er eins og skáldagyðjan banki upp á og það er mjög læknandi að semja um hlutina. Stundum veit ég ekki hvaðan hugmyndirnar að lögum og textum koma, þetta bara rennur í gegnum mann sé maður stilltur inn á þessa tíðni. En það sem ég hef verið að þroska mig í undanfarin ár er að semja ekki bara þegar maður dettur í vanlíðan. Það á listamannseðlið í manni til að bregða fyrir mann fæti og þá er hætta á að maður fari að skapa neikvæðar aðstæður í lífi sínu til þess að semja sig svo út úr. Ég hef unnið hörðum höndum við að temja þetta eðli og núna get ég líka samið þó mér líði vel og ég held að það heyrist á nýju plötunni minni Star-crossed.

**Eitthvað að lokum?** Næst á dagskrá hjá mér er að gera myndband við næsta lag af plötunni sem heitir Electrify my heartbeat ásamt vinkonu minni og snillingnum Þóru Hilmarsdóttur en ég er nokkuð viss um að hún eigi eftir að öðlast heimsfrægð fyrir vinnu sína. Tökur hefjast á þriðjudaginn og ég réð vinkonur mínar í flest störf því ég á svo fáránlega hæfileikaríkar vinkonur. Silvía Lovetank listakona sér um listræna yfirsjón, Helga Lilja ( Helicopter ) og Sara María ( Forynja ) um búninga, Harpa Káradóttir um make-up þannig að þó þetta verði erfiðisvinna ég get ég ekki beðið eftir að skapa eitthvað ógleymanlegt með þessum fagra hóp.

## Dagur í lífi Þórunnar Antoníu

**Dagarnir mínir eru aldrei eins og rútínan lítil vegna þess hve ólík verkefnin eru sem ég tek að mér. Til dæmis var dagurinn í dag svona:**

**11.00** Vaknaði í morgun klukkan 11 af því að ég fór mjög seint að sofa. Ég er að koma mér fyrir í nýrri íbúð þannig það er gott að nota næturkyrrðina til að dúllast í að koma sér vel fyrir. Setti Elvis Presley á fóninn meðan ég kíkti á Gmail, var aðeins á Facebook og Instagram og hringdi í vinkonur mínar til að hlæja mig inn í daginn meðan ég hellti upp á kaffi.

**11.30** Fór í sturtu og hoppaði í nokkrar búðir til að finna föt fyrir myndatöku. Talaði við pabba minn í símann og lofaði að kíkja til Hveró um helgina.

**13.15** Mætti í myndatökuna og for í „make up“ og pósaði svo myndunum á Instagram á meðan ég þuldi upp reglur í hausnum sem ég hafði heyrt kastað fram af Tyru Banks í America´s Next Top Model. Hökuna niður, bein í baki, brosa með augunum og svo framvegis.

**15.00** Mætti mjög uppstríluð eftir myndatökuna á Kaffivagninn út á Granda með helling af búðarpokum sem er pottþétt ekki algeng sjón á þessum slóðum. Þar fundaði ég með vinkonum mínum, Þóru Hilmarsdóttur leikstjóra og Sylvíu Lovetank listakonu um myndbandið mitt sem við erum að fara að taka upp í næstu viku. Fékk mér kaffi og fattaði að ég hafði gleymt að borða, meikaði ekki rækjusamloku með mæjó og fór á Vegamót og náði mér í fisk dagsins eins og svo oft áður og hélt á vinnustofu vinkonu minnar í áframhaldandi þar sem við förum yfir vídeóplön. Settist á stól sem var brotinn og datt á rassinn.

**18.00** Mætti í kveðjupartý á Danska barinn til Sunnu vinkonu minnar sem er að fara í heimsreisu eftir tvo daga. Eftir hálfan lítra af bjór var ég farin að íhuga að skella mér bara með. Rölti svo heim í nýju íbúðina og spjallaði við mömmu mína í símann á leiðinni.

**19.00** Ætlaði að fara í hot jóga en fór ekki. Ég hugsaði um að fara í sund en nennti ekki heldur fór heim að klára að senda nokkur email. Kvöldið er enn þá óráðið en ég kíki kannski í heimsókn, fer kannski út að labba og er með nýja diskinn með Feist í græjunum og hugsa hvað ætli gerist á morgun.

**23.30** Var þreytt og pældi í að fara að sofa en varð svöng og sauð mér brokkolí með ostrusósu. Það er ein af mörgum miðnætursnakksuppskriftum sem ég hef neyðst til að blanda saman vegna matarskorts í ísskápnum mínum.

**24.00** Gaf undan nátthrafnaeðlinu og kíkti á Sylvíu vinkonu á vinnustofuna hennar, sem er tveimur húsum frá mér, í spjall og horfði á hana mála meðan ég kíkti á antikhúsgögn á netinu til að fá hugmyndir fyrir nýja heimilið.




STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

Fjöldi þekktra vörumerkja:

Nike • Adidas • Didrikson • Champion • Roxy • Speedo • Seafolly • Arena
Zara • Levis • Lee • Wrangler • Boswell • Lindbergh • Shine • Sixmix • Imac
Bullboxer • Kaffe • Veto • B young • Oasis • All saints • Fransa • ... og fl.

ATH! TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA

HVAR ANNARS STAÐAR FÆRÐU ALLT AÐ 80% AFSLÁTT FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.




Það var flott mæting og góð stemning á haustkynningu KASTANÍU.



Bryndís bregður á leik með ánægðum viðskiptavini.



KASTANÍA býður fágæta fylgihluti sem tekið er eftir.

# KASTANÍA FAGNAR HAUSTI

**Í KASTANÍU að Höfðatorgi fást fylgihlutir sem tekið er eftir. Þær Bryndís Björg Einarsdóttir og Ólína Jóhanna Gísladóttir velja þá inn af kostgæfni.**

KASTANÍA fagnaði hausti með viðskiptavinum á dögunum. „Við bjóðum póstlistavinum okkar reglulega að vera fyrstir til að skoða nýjar vörur og að þiggja léttar veitingar en það er einn liður í því að veita góða og persónulega þjónustu,“ segir Bryndís Björg Einarsdóttir, sem rekur verslunina ásamt Ólínu Jóhönnu Gísladóttur.

Þar er lögð áhersla á fylgihluti sem tekið er eftir. „Við erum yfirleitt með örfá eintök af hverjum hlut og fáum nýjar og spennandi vörur með mjög reglulegu millibili.“ Verslunin er staðsett að Höfðatorgi en þar ríkir huggulegt andrúmsloft og góð stemning. „Hér eru veitingastaðir og kaffihús allt í kring, meðal annars Hamborgarafabrikkan, Íslenska kaffistofan og Happ, og er tilvalið að líta við og gera sér glaðan dag.“

Hægt er að skrá sig á póstlistann á www.kastania.is. Verslunin er sömuleiðis á Facebook.



Litríkir og flottir silkiklútar frá Plomo o Plata úr hágæða ítölsku silki.



Eigendurnir Ólína Jóhanna Gísladóttir og Bryndís Björg Einarsdóttir.



Æðislegar töskur, skyrtur og silkibolir fást í úrvali.



Gleðin skein úr hverju andliti.



Sænsku TRIWA-úrin hafa slegið í gegn um allan heim. Þau eru bæði fyrir dömur og herra.



Póstlistavinum verslunarinnar var boðið að koma og skoða nýjar vörur og þiggja léttar veitingar.




Í versluninni fæst húsilmur frá Marc Jacobs. Sömuleiðis ilmkerti og strá frá Millefiori Milano.

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Arnar Grant mælir með því að fólk setji sér langtímamarkmið.

# MIKILVÆGT AÐ VELJA SÉR RÉTTU HREYFINGUNA

**Með haustinu fyllast líkamsræktarstöðvarnar af fólki sem þráir betri og bættan lífstíl. Arnar Grant einkaþjálfari veit eitt og annað þegar kemur að því að þjálfa sál og líkama.**

## Markmið

Skrifaðu heilsumarkmið þín niður og komdu þeim fyrir þar sem þú sérð þau daglega, til dæmis á ísskápinn.

„Mín reynsla er sú að best sé að setja sér langtímamarkmið til 6 mánaða í einu og ef markmiðið er að minnka fituprósentu og léttast, miðum við að 10% af líkamsþyngd tapist á þessum tíma. Þessum 6 mánuðum er svo skipt niður í 6 skammtímamarkmið. Sem dæmi má nefna að kona sem er 75 kg og hefur sem markmið að losa sig við 7,5 kg á 6 mánuðum, er þá með mánaðarmarkmið að losna við 1,25 kg á mánuði. Ef markmiðið er að bæta á sig vöðvamassa er notuð sama tækni.

Með hæfilegum skammtastærðum af hollum mat, góðum nætursvefni og hreyfingu ætti fólk að sjá árangur innan skamms tíma. Til að byrja með er hæfilegt að æfa þrisvar sinnum í viku og mæli ég með æfingum annan hvern dag til þess að ná að hvílast vel á milli æfinga.

## Hreyfing

Fyrir fólk sem er í slæmu formi er best að æfa annan hvern dag fyrstu vikurnar. Fyrir fólk sem er að fara í gang aftur eftir hlé er best að æfa tvo daga og hvíla einn og svo framvegis.

Að velja sér réttu hreyfinguna er mjög mikilvægt. Fólk sem er 10 kg eða meira yfir kjörþyngd ætti til dæmis alls ekki að hlaupa til þess að létta sig. Hjól, sund eða lyftingar myndu henta mun betur.

## Lóðalyftingar

Ég er mjög hrifinn af lóðalyftingum. Lóðaþjálfun er í raun áhættuminni en flestar aðrar íþróttir. Lyftingar þar sem full hreyfing er gerð með þyngdum liðkar líkamann og teygjanleiki í vöðvum, vöðvafestingum og sinum verður betri. Sem dæmi má nefna að sérstaklega gott er að gera djúpar hnébeygjur til að viðhalda liðleika og styrk í mjöðmum. Lóðaþjálfun getur flýtt fyrir bata af meiðslum. Þessu til stuðnings má benda á að sjúkraþjálfarar og læknar mæla oft með lyftingum.

## Nauðsynlegt að hita upp

Áður en byrjað er að lyfta lóðum er nauðsynlegt að hita upp vöðvana. Gott er að ganga rösklega á hlaupabretti, hjóla, stíga á skíðavél eða þrekstiga. Léttar teygjur eru einnig fín leið til að hækka líkamshita og undirbúa vöðvana fyrir komandi átök.

Gott er að byrja með léttri þyngd 12-16 lyftur, án þess að reyna á vöðvana til fulls. Lóðin eiga að vera hæfilega létt til að hægt sé að einbeita sér frekar að hreyfingunni og réttri líkamsstöðu. Tilgangur lóðaþjálfunar er að þreyta vöðvann en ekki að klára fyrir fram ákveðin skipti.

## Mataræðið

Losaðu þig við hitaeiningaríkan mat sem þú veist að þú borðar fyrir rest. Minnkaðu stóru máltíðirnar hægt.

Drekktu stórt vatnsglas um leið og þú vaknar á morgnana og með öllum mat. Heilsuréttir er ekki endilega góðir fyrir þig, þeir geta verið fitu- og hitaeiningarríkir. Hafðu hugfast að allt byggist þetta á skammtastærð. Borðaðu fjölbreytta fæðu.

## Hvað er brennsla?

Orðið brennsla er stytting á orðinu fitubrennsla og þekkt meðal fólks sem stundar líkamsrækt.

Fitubrennslu stundar fólk á marga vegu, svo sem með lyftingum, eróbikki, hlaupum eða hjólreiðum. Brennsla er mikilvæg fyrir fólk sem vill grennast, losa fitu og halda sér í formi. Brennsla er einnig mikilvægt fyrir fólk sem vill auka vöðvamassa því brennslan er fínasta úthaldsæfing líka. Margir sem reyna að auka vöðvamassa ná stundum ekki að skila 100% æfingu vegna úthaldsleysis.

Til þess að brenna fitu verður að hækka púlsinn. Hámarkspúls er 220 slög á mínútu að frádregnum aldri viðkomandi. Hjá konum er hámarksbrennslupúls u.þ.b. 80% af hámarkspúls og hámarksbrennslupúls karla er 70-75% af hámarkspúls.

## Tökum sem dæmi:

25 ára kona (220-25=195) hámarksbrennslupúls þá u.þ.b. 156 slög á mínútu.

Fyrstu 18-20 mínúturnar hækkar líkamshitinn og púlsinn. Brennslan byrjar ekki að ráði fyrr en eftir þann tíma. Mátuleg brennsla er því um það bil 35-45 mínútur. Brennslan getur verið hvenær dags sem er, það sem skiptir mestu máli er að hafa hámarksbrennslupúls í huga.

Gangi þér vel!








PRESSA HLAUT EDDUVERÐLAUNIN 2012
SEM BESTI LEIKNI SJÓNVARPSÞÁTTURINN
skemmtilegri
FRÁBÆR DAGSKRÁ
FYRIR AÐEINS
254 KR. Á DAG
PRESSA
NÝ ÞÁTTARÖÐ HEFST Á SUNNUDAG KL. 20.15
Ný og æsispennandi þáttaröð um blaðakonuna Láru sem má hafa sig alla við þegar störf hennar og fjölskyldulíf fléttast óvænt saman. Undirheimar Reykjavíkur ólga af kynþáttahatri og ofbeldi. Fylgstu með frá byrjun.
BÍÓ
GULL
krakkar
FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI
KFC
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000
ISLENSKA/SIA.IS STV 61450 11.10'12

# 154 BLAÐSÍÐNA NUDE HOME KOMIÐ ÚT

NUDE HOME er komið út en um er að ræða nýtt tímarit um heimili, hönnun, mat og vín. Blaðið er gefið út af Origami ehf. sem er útgáfufyrirtæki NUDE magazine sem komið hefur út frá árinu 2010. Þetta fyrsta tölublað af NUDE HOME er 154 síður að stærð. Ritstjóri blaðsins er Þórunn Högnadóttir, stílisti og blaðamaður, sem er fyrrverandi ritstjóri sjónvarpsþáttarins Innlit/Útlit.

Í þessu fyrsta blaði er fjölbreytt efni þar sem áhersla er lögð á danska hönnun. Lesendur fá yfirlit yfir helstu hönnunarverslanir sem gaman er að heimsækja í Kaupmannahöfn og íslenskir arkitektar segja frá danskri hönnun sem er í uppáhaldi hjá þeim. Farið er í heimsóknir til Oliver Gustav í 18. aldar bruggverksmiðju við Kongens Nytorv og á veitingastaðinn Noma í Kaupmannahöfn sem er þekktur fyrir framúrstefnulega matargerð. Einnig er sumarhús fimm manna íslenskrar fjölskyldu skoðað, kíkt á vinnustofu ELLU í Ingólfsstræti og margt margt fleira.

Áætlað er að næsta tölublað komi út seinni partinn í nóvember.






Þórunn Högnadóttir ritstjóri Nude home.

## Helgar-MATURINN



**Freyja Sigurðardóttir þjálfari**

**„Föstudagsmaturinn hjá okkur fjölskyldunni er oft kjúklingur og sætar kartöflur en kjúklingur er í miklu uppáhaldi hjá okkur. Ég borða mikið af kjúklingi þegar ég er að búa mig undir fitnessmót. En þá fæ ég ekkert krydd eða sósur með.“**

Kjúklingur, sætar kartöflur og sumarsalat (þó það sé komið haust þá er allt í lagi að halda sumarsalatinu inni).

**Fyrir 5**

**Kjúklingur:**

6 kjúklingabringur steiktar á rafmagnspönnunni frá Saladmaster.

*Ég krydda bringurnar með kjúklingakryddinu frá Pottagöldrum og á algjörum sparidögum vef ég bringurnar með beikoni. Það finnst strákunum mínum algjört æði.*

**Sætar kartöflur:**

3-4 sætar kartöflur
½ rauðlaukur
2 cm ferskur engifer
1 dl matreiðslurjómi
½ piparostur

**AÐFERÐ**

*Þú skerð kartöflur í teninga og setur í eldfast mót, ofan á það fer niðurskorinn rauðlaukur og mjög smátt skorið engifer.*
*Svo seturðu kartöflur ofan á þetta aftur, engifer og rauðlauk, koll af kolli (eins og þú sért að gera lasanja).*
*Í lokin seturðu 1 dl af matreiðslurjóma og skerð svo piparostinn smátt og setur yfir kartöflurnar. Inn í ofn í 30-40 mínútur við um 200°C.*

**Sumarsalat**

1 poki spínat
½ poki klettasalat (rucola)
1 rauð paprika
2 tómatar
10 cm agúrka, smátt skorin
15 jarðarber
tvær lúkur af bláberjum
svo finnst okkur gott að hafa smá fetaost með.

*Allt skorið vel niður í skál.*
*Með þessu drekkum við vatn með lime eða sódavatn.*
*Verði ykkur að góðu og góða helgi.*



# KEYPT & SELT

## Til sölu



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

**VÖRUBRETTI TIL SÖLU**
Allar nánari upplýsingar hjá orn. solvason@rfl.is Rúmfatalagerinn.



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www. Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Skemmtanir







## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

**Kaupi gull !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),
Verið velkomin



**Leðursófar frá 3. 4. og 5. áratugnum óskast !!!**
Helst tveggja sæta. Stólar í sama stíl óskast einnig. Leður má vera illa farið.
Uppl. s. 821 7547 eða arnis@365.is

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

**Gullsmiðja Óla Kaupum gull**
Kaupum allt gull og silfur á toppverði.
Gullsmiðja Óla - Veltusundi 1, v/Ingólfstorg. 101 RVK.
Sími 564 3248

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur, CD diska og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun










# HEILSA

## Heilsuvörur




**Lífrænu húð- og snyrtivörurnar frá Green People**
Húð- og snyrtivörurnar frá Green People eru lífrænt vottaðar og eru því án allra aukaefna. Vörurnar hafa jafnframt unnið til fjölda verðlauna. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Yndisleg og gullfalleg St.bernhards tík leitar að framtíðarheimili, eingöngu fólk með reynslu af hundahaldi og í eigin húsnæði. Allar fr.uppl.gefur ræktandi í S:6990108, gudnyvala@islandia.is, sankti-ice.is

**Hundagalleríið auglýsir**
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro Erum á facebook.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Einstæður 32 ára kk með 11 ára strák aðra hvora helgi, óskar eftir 2-3 herb íbúð. með langtímaleigu í huga. Verður að vera í rvk, skilvísum greiðslum heitið og meðmælum. S. 615-4447

Íbúð eða herb. óskast í hfj. fyrir reglusaman mann í fullri vinnu. Uppl. í s. 697 9582 eða 553 0520

Óska eftir 3ra herb. íbúð sem allra fyrst á svæði 101,105 og 107. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 860 0262.

## Fasteignir



**Breiðahvarf-Einbýli til sölu-frábært verð.**
Til sölu þetta glæsilega nýja hús sem er um 400 fm þar af um 65 fm gestahús. Til afh. í núverandi ástandi. Ekkert áhvílandi, engin skipti. verð aðeins 48.5 millj. Stefán Hrafn hdl sýnir: 895 2049.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í kvöldstarf. Góð laun fyrir réttan aðila. Föst laun og bónusar. Áhugasamir sendi á erna@tmi.is

Starfsmaður óskast á hjólbarðaverkstæði í Kópavogi Helst vanur. Uppl. Í s. 820 1070.

**Kaffi Klassík kringlunni**
Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu.
Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan
S. 661 7000.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




Klæðskiptingur v/kynnast klæðskipting undir fimmtugu. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8378.

45 ára íslensk kona með mikla reynslu leitar mjög ákveðið að tilbreytingu með karlmanni. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8269.

Ung og heit íslensk kona, laghent með olíu, leitar karlmanns til ljúfra leikja. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8742.

**Spjalldömur 908 1616**
Opið allan sólarhringinn.


TOSHIBA
DELL
acer
hp
ASUS
FARTÖLVURÝMING
VERÐFALL Á YFIR 80 GERÐUM AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM !
acer -40.000
Acer Aspire 5750-2316G1TMN far
99.990
Fullt verð 139.990
TOSHIBA -20.000
Toshiba Satellite Pro C850-10N
99.990
Fullt verð 119.990
acer -30.000
Acer Aspire M3-581T-32364G34Mn
109.990
Fullt verð 139.990
AÐEINS NOKKRIR DAGAR !
acer -30.000
Acer Aspire V5-171-32366G50ass
79.990
Fullt verð 109.990
acer -20.000
Acer Aspire V5-571G-32364G32Ma
79.990
Fullt verð 99.990
ASUS -50.000
Asus K73SD-TY195V
119.990
Fullt verð 169.990
TAKMARKAÐ MAGN !
SÝNINGAREINTÖK
OG UMBÚÐALAUST
Á GEGGJUÐU VERÐI !
OPIÐ
Í DAG 10-18
LAU 11-16
tl.is
TÖLVU LISTINN
6 VERSLANIR UM ALLT LAND
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730
EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735
KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740
SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745
HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750




# SANTA MARIA

## YFIR 50 ÁRA REYNSLA Í SÖLU OG FRAMLEIÐSLU Á MEXICO VÖRUM

Tex Mex vörulínan frá Santa Maria telur um 50 vöruheiti sem gerir þér kleift að elda mexíkanskan mat án mikillar fyrirhafnar.




**MINI SKÁLAR & SKELJAR**




**TORTILLAS**
Margar tegundir: krydd & hvítlauks tortilla, heilhveiti tortilla, maís tortilla & hveiti tortilla.




**SNAKK**
tortilla snakk með osti, salti eða chili.




**MIX**



**DIP**




**FINGRAMATUR**
Jalapeños með cheddar osti, mozzarella stangir og laukhringir.




**SÓSUR**



**NAUTAHAKK**
**1198KR/KG**




**LÍFRÆNAR VÖRUR**
Fjölkorna tortilla, tortilla snakk með salti, taco mix og taco sósa.

## MEXÍKÖNSK PIZZA fyrir 4
*að hætti Rikku*

8 tortillur
olía til steikingar
1 rauðlaukur
400 g nautahakk
kryddblanda
4 msk maískorn
2 vorlaukar, sneiddir
8 kirsuberjatómatar, sneiddir í fjóra hluta

8 msk salsasósa
8 msk baunamauk (refried beans)
rifinn cheddar ostur

KRYDDBLANDA:
1 msk eldpiparkrydd
1/4 tsk hvítlaukskrydd
1/4 tsk laukkrydd
1/4 tsk cayennekrydd
1 tsk þurrkaður oreganó
1/2 tsk paprikukrydd
2 tsk cuminkrydd
1 tsk sjávarsalt

Hitið ofninn í 200°C. Steikið tortillurnar á pönnu upp úr olíu í 1-2 mínútur á hvorri hlið. Steikið laukinn upp úr olíu þar til að hann er orðinn mjúkur í gegn. Takið laukinn af pönnunni og brúnið nautahakkið. Kryddið hakkið með kryddblöndunni. Leggið tortillu á pappírsklædda ofnplötu og smyrjið með baunamauki og leggið aðra ofan á, smyrjið hana með tómatsalsa og stráið lauk, nautahakki, vorlauk, maís, tómötum og osti yfir.
Berið fram með guacamole.

Gildir til 14. október á meðan birgðir endast.



KJÚKLINGA-
LUNDIR

2099KR/KG

VERÐ ÁÐUR 2998.-

## Mexíkanskar Mole kjúklingalundir fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 fræhreinsaður rauður eldpipar
2 laukar
2 hvítlauksrif
1 msk olía
1 msk smjör
7-800 g kjúklingalundir
50 g hakkaðar möndlur
1 tsk kanill
1 tsk kóríanderkrydd
3 msk tómatþykkni
250 ml kjúklingasoð
50 g dökkt súkkulaði
sjávarsalt, eftir smekk

Setjið eldpiparinn og laukana í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Brúnið kjúklinginn í potti upp úr olíunni og smjörinu og takið frá. Setjið möndlur, kanil og kóríander í pottinn og hitið. Bætið laukblöndunni og tómatþykkninu við og eldið í 3-5 mínútur. Hellið kjúklingasoðinu út í og bætið súkkulaðinu saman við ásamt kjúklingnum. Látið malla í 30 mínútur. Kryddið með salti eftir smekk. Gott er að bera réttinn fram með hrísgrjónum eða í tortilla vefju.

# MESTA ÚRVALIÐ Á BETRA VERÐI!

FRÁBÆRT
Í TORTILLA
VEFJUNA

ÍSLANDS LAMB



LAMBAINNRA-
LÆRI

2998KR/KG

VERÐ ÁÐUR 4998.-

### GUACAMOLE

1/4 rauðlaukur
1 hvítlauksrif
1/4 rauður eldpipar
safi af 1 límónu
200 g lárpera
20 g ferskur kóríander
salt og nýmalaður pipar
5 kirsuberjatómatar, fræhreinsaðir og saxaðir

Setjið laukana ásamt eldpiparnum og límónusafanum í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Bætið lárperunni og kóríander saman við og maukið. Kryddið til með salti og pipar og handhrærið tómötunum saman við.



ÓMISSANDI Í
MEXÍKANSKA
MATARGERÐ!



HABANERO PIPAR



CHILIPIPAR



LIME

NÝTT Í HAGKAUP
TILBÚIÐ BEINT Í OFNINN!

EKTA MEXÍKANSKT!

Enchilladas með kjúklingi
eða nautahakki.

Burritos með kjúklingi
eða nautahakki.



BURRITOS
599KR/PK
KYNNINGARVERÐ



ENCHILADAS
599KR/PK
KYNNINGARVERÐ

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hviða, **6.** úr hófi, **8.** skip, **9.** ætt, **11.** ekki heldur, **12.** bragðbætir, **14.** miklu, **16.** tveir eins, **17.** arr, **18.** drulla, **20.** skóli, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** frá, **4.** sandgrynning, **5.** bjálki, **7.** einn, **10.** gagn, **13.** dolla, **15.** kk nafn, **16.** skaði, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kast, 6. of, 8. far, 9. kyn, 11. né, 12. krydd, 14. stóru, 16. tt, 17. sig, 18. aur, 20. fg, 21. próf.
**LÓÐRÉTT:** 1. rokk, 3. af, 4. sandrif, 5. tré, 7. fyrstur, 10. nýt, 13. dós, 15. uggi, 16. tap, 19. ró.

# Glötuð tækifæri

**BAKÞANKAR Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Nú þegar fjögur ár eru liðin frá Hruni er rétt að líta um öxl og gráta það sem ekki var gert á meðan samfélagið óslaði peningana upp að hnjám og Íslendingar voru öðrum þjóðum fremri í flestu.

**VIÐ** hefðum átt að koma okkur upp okkar eigin sjálfstæðu geimrannsóknaráætlun með því lokatakmarki að senda fyrsta mannaða geimfarið til Mars ekki seinna en 2013.

**VIÐ** hefðum átt að leggja Reykjavíkurflugvöll í stokk.

**VIÐ** hefðum átt að leggja kampavínsleiðslur í hvert hús svo fólk gæti drukkið þann vinsæla drykk eða baðað sig upp úr honum án þess að þurfa að pæla í afgreiðslutíma Vínbúðanna.

**VIÐ** hefðum átt að gullhúða alla ljósastaura.

**VIÐ** hefðum átt að leyfa apa- og gíraffahald í þéttbýli.

**VIÐ** hefðum átt að veita fólki raunhæfa möguleika á að reisa sér almennilega kastala að erlendri fyrirmynd til að búa í. Því að húka í fimm hundruð fermetrum þegar hægt er að breiða úr sér á fimm þúsund?

**VIÐ** hefðum átt að reisa þyrlupalla við mikilvæga staði í höfuðborginni, svo sem við Sævar Karl, Kauphöllina, Leonard og Range Rover umboðið.

**VIÐ** hefðum átt að fylla upp í Tjörnina í Reykjavík og byggja þar skrifstofuturna með gólfefnum úr fílatönnum.

**VIÐ** hefðum ekki átt að láta nægja áform um að gefa út 10 þúsund króna seðil. Af hverju ekki 50 þúsund eða 100 þúsund?

**VIÐ** hefðum átt að höggva andlit fjögurra merkustu Íslendinganna í Esjuna að undangenginni hugmyndasamkeppni um hverjir væru þess verðugir.

**VIÐ** hefðum átt að taka að okkur að veita Nóbelsverðlaunin í viðskiptum og leggja til myndarlegt verðlaunafé.

**OG** síðast en ekki síst: Við hefðum átt að berjast fyrir því að Ísland fengi einnar tölu landssímanúmer, eða alla vega tveggja. 354 er eitthvað svo þriðjaflokks.

**EN** á þessum klikkuðum við og þá er bara að bíða þangað til næst.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Minni þolinmæði gagnvart konum í pólitík

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lítur yfir sviðið í tilefni boðaðs brotthvarfs úr stjórnmálum.

**Meðal annars efnis:**

**Andlegir leppalúðar eða lýðræðisréttur**
Grautarhaus og vangefið smámenni voru lyndiseinkunnir sem menn gáfu andstæðingum sínum í deilum um stjórnarskrána 1944.

**Spæjarar með pressupassa**
Lára í Pressu, Tinni, Annika Bengtzon og fleiri blaðamenn sem krimmarnir óttast




Allt sem þú þarft


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# KRÓNAN

**Tilboð gilda aðeins í Lindum**

# LINDAR DAGAR




**Föstudag - sunnudags**

DÚNDUR-VERÐ

**45% afsláttur**

**799 kr. kg**

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísagúllas og snitsel

**30% afsláttur**

**499 kr. pk.**

Verð áður ~~698~~ kr. stk.
Grillborgarar með brauði , 4 stk. í pk.

**45% afsláttur**

**149 kr. kg**

Verð áður ~~265~~ kr. kg
Appelsínur

Íslenskt

**40% afsláttur**

**137 kr. kg**

Verð áður ~~228~~ kr. kg
Íslenskt hvítkál

# 99 kr. MARKAÐUR

– úrval af mat, heimilis- og smávörum!

**AÐEINS Í LINDUM**

– meðan birgðir endast!

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**KRÓNAN LINDUM**

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!

# menning

menning@frettabladid.is



**HREINT HJARTA FRUMSÝND** Heimildarmyndin Hreint hjarta eftir Grím Hákonarson verður frumsýnd í Bíói Paradís í kvöld. Myndin fjallar um séra Kristin Friðfinnsson, sóknarprest á Selfossi, sálgæsluhlutverk hans og deilur við kirkjuyfirvöld. Myndin hlaut áhorfendaverðlaun á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði í vor.

## Svangur þjónn í bobba

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur aðalhlutverkið í gamanleiknum Tveggja þjónn, sem frumsýndur verður í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Verkið, sem er eftir Richard Bean og byggt á klassískum gamanleik Carlo Goldoni, fékk feikigóðar viðtökur þegar það var frumsýnt í breska þjóðleikhúsinu í fyrra og í kjölfarið sett upp á West End og Broadway.

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur hinn sísvanga Francis, sem er eldfljótur að misskilja en með óbilandi sjálfsbjargarviðleitni. Hann ræður sig sem þjón tveggja herra og þarf að koma í veg fyrir að upp um það komist. Í kjölfarið lendir hann í hringiðu misskilnings, endalausra blekkinga og ólgandi ástríðna.

Með önnur hlutverk fara Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Örn Árnason, Jóhann G. og Eggert Þorleifsson. KK-band leikur tónlistina en Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrir.



**TVEGGJA ÞJÓNN** Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur hinn sísvanga Francis, sem er eldfljótur að misskilja en með óbilandi sjálfsbjargarviðleitni.

*Ný vitneskja:* Fyrirlestur: Christopher Vasey

Máttur hugsana

Hvers vegna hafa þær slík áhrif á líf okkar?

**16 október 2012 – kl 20:00**

Radisson Blu Saga Hotel v/Hagatorg, 107 Reykjavík

*Erindið verður flutt á ensku.*

Aðgangseyrir 500 kr.

Skipuleggjandi: Christof.Leuze@leuze.de

www.gral-norden.net

SKÁLDIÐ STÍGUR FRAM




Með *Skáldi* lýkur Einar Kárason Sturlungasögu sinni. Í *Óvinafagnaði* var Þórður kakali í sögumiðju, í *Ofsa* þeir Gissur Þorvaldsson og Eyjólfur ofsi en hér er það skáldið Sturla sem lifði þessa róstusömu tíma og færði okkur þá í frásögnum sínum.

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



**TEIKN Á VEGG** Sýningin spyr okkur hver staða teikningarinnar er og minnir okkur á að teikna og veita teikningunni athygli, að sögn gagnrýnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Tímalausar teikningar

Myndlist ★★★★☆

**Teikning – þvert á tíma og tækni**

Bogasalur Þjóðminjasafnsins

**John Baine, Anna Guðjónsdóttir, Per Kirkeby, Þóra Sigurðardóttir. Sýningarhöfundur:** Þóra Sigurðardóttir. **Meðhöfundur:** Kristín Guðnadóttir.

Teikningin hefur í gegnum tíðina ekki alltaf notið sömu virðingar og myndverk unnin í ýmsa aðra miðla. Kannski er það af því að hún er ekki eins varanleg og til dæmis olíumálverk á striga eða höggmynd unnin í marmara, eða þá að ástæðan er að hún er oft unnin sem undirbúningur að einhverju meiru, sem vinnuplagg, en ekki endanlegt verk. Gildi teikningarinnar vill því gleymast í okkar daglega lífi, og þeir galdrar sem hún býr yfir.

Sýningin Teikning – þvert á tíma og tækni vill benda okkur á einmitt þetta. Hún spyr okkur hver staða teikningarinnar er, og minnir okkur á að teikna og veita teikningunni athygli. Við höfum nefnilega öll á einhverjum tímapunkti í lífi okkar sinnt teikningunni að einhverju marki, bæði meðvitað og ómeðvitað, og í raun má sjá teikningar verða til allt í kringum okkur á hverjum degi. Flugvél sem flýgur í loftinu, bíll sem spólar á götunni, og hundur að spræna utan í vegg. Allt eru þetta teikningar.

Eins og segir í vandaðri sýningarskrá þá fjallar sýningin um teikninguna sem leið til miðlunar, þekkingar, hugsana, athugana og tjáningar. Síðar segir í skránni að í sýningunni sé leitast við að draga fram tímaleysi þeirrar nálgunar sem teikningin býr yfir, eiginleika hennar, mátt, dulúð og áþreifanleika. Í skránni segir einnig að í vestrænu samfélagi hætti flestir að teikna um tólf ára aldur, sem er sorgleg staðreynd.

Þóra Sigurðardóttir, höfundur sýningarinnar, velur þá leið að markmiði sínu að tefla saman verkum Johns Baine sem hann gerði í Íslandsleiðangri John Thomas Stanley árið 1789 og teikningum þriggja núlifandi listamanna, þeirra Önnu Guðjónsdóttur, Per Kirkeby og sjálfrar sín ( Þóru Sigurðardóttur).

Þegar komið er inn í Bogasalinn sjást verk Johns Bain þar í öndvegi í miðjum salnum, en um er að ræða eftirprentanir verka hans. Baines var stærðfræðingur og stjörnufræðingur á ofanverðri 18. öld, á þeim tíma þegar ljósmyndin var ekki komin til sögunnar og góðir teiknarar því eftirsóttir. Teikningar Baines eru festar upp óinnrammaðar, líkt og önnur verk á sýningunni, beint á vegginn og draga með sér og undirstrika bogaform salarins með einkar fallegum hætti. Baines dvelur í teikningunni og byggir hana upp svo oft er unun á að horfa. Maður getur nánast fundið fyrir nálægð listamannsins, hlaðandi upp landslaginu á pappírinn, í þéttri krossteikningu.

Hægra megin við Baines er einn þekktasti núlifandi listamaður Norðurlanda, Per Kirkeby með léttleikandi þurrnálarverk frá Færeyjum og Íslandi, hálfgerðar skissur ferðamannsins og athugandans á gönguferð um landið. Kirkeby lærði jarðfræði áður en hann fór út í myndlist og sú staðreynd tengir hann sterkar við bæði landslagið sem hann teiknar og verk vísindamannsins Baines.

Vinstra megin við myndir Baines eru grafíkmyndir Þóru Sigurðardóttur. Þóra er í myndum sínum í mikilli nánd við jörðina og yfirborðið, öfugt við þá Baines og Kirkeby sem horfa á úr fjarlægð. Nálgun hennar við teikninguna er nánast líkamleg og í þeim er einhver ólga, flétta og núningur. Stundum í raun abstrakt og stundum hálf fígúratíft.

Anna Guðjónsdóttir er á svipuðum slóðum, nálægt jörðinni og jarðefnunum. Bestu myndir hennar eru nánast eins og skítugar, eins og verið sé að drullumalla á flötinn, sbr. án titils frá 2009. Fyrir utan margar af frábærum myndum Baines, þá komu verk Önnu mér mest á óvart á sýningunni, með næmri efnistilfinningu sinni og útgeislun.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Falleg og oft hnýsileg sýning sem vekur sérstaka athygli á verkum Johns Baines, en nær einnig að velta upp spurningum um stöðu og gildi teikningarinnar í samtímanum.

## Saga til næsta bæjar á enda

Sýningu Hönnunarsafns Íslands á íslenskri vöruhönnun síðustu ára, Saga til næsta bæjar, lýkur um helgina. Á henni er dregin upp mynd af verkefnum vöruhönnuða, stórum og smáum sem hafa staðið yfir á síðustu árum.

Verkin á sýningunni varpa enn fremur ljósi á hvernig vöruhönnuðir á Íslandi hafa nálgast fag sem víðast hvar annars staðar byggir á langri hefð vöruframleiðslu og iðnaðar. „Mikil breyting hefur orðið á vettvangi íslenskrar hönnunar á síðasta áratug og almenn vakning á gildi hönnunar fyrir samfélög og mikilvægi samstarfs þvert á greinar og jafnvel menningarheima,“ segir í fréttatilkynningu frá safninu. Þar er líka vakin athygli á því að á síðasta sýningardegi, næstkomandi sunnudag, verður sýningarstjórinn, Hlín Helga Guðlaugsdóttir vöruhönnuður, með leiðsögn um sýninguna klukkan þrjú. Klukkan fjögur verða umræður í sýningarsal þar sem gefst gullið tækifæri til að spjalla um veg vöruhönnunar á Íslandi í dag með sýningarstjóra og vöruhönnuðum. Léttar veitingar í boði.



**MERKIKERTI** Meðal verka íslenskra vöruhönnuða sem sjá má á sýningunni Saga til næsta bæjar er Merkikerti Hildigunnar Gunnarsdóttur og Snæfríðar Þorsteins sem sést hér fremst á myndinni.

# Mo Yan hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels

Fræðingum ber ekki saman um hvernig beri að lýsa skáldskap Kínverjans Mo Yan, sem hlaut í gær bókmenntaverðlaun Nóbels. Sumir hafa lýst honum sem svari Kína við Franz Kafka eða Joseph Heller en á vefsíðu breska dagblaðsins Guardian í gær var honum líkt við Kólumbíumanninn Gabriel Garcia Marquez og bandaríska höfundinn Thomas Pynchon.

Mo Yan er tiltölulega óþekkt nafn á Vesturlöndum en hefur engu að síður verið ofarlega á listum veðbanka yfir þá sem eru líklegastir til að hreppa Nóbelsverðlaunin. Hann er fæddur í Kína árið 1955. Að sögn tímaritsins Time er hann í hópi þeirra höfunda hvers verk hafa verið einna oftast bönnuð í Kína en samt sem áður náð að vekja athygli. Mo Yan er reyndar höfundarnafn og merkir „ekki tala“, en réttu nafni heitir hann Guan Moye. Mo Yan hefur skrifað tugi skáldsagna og smásagnakvera frá því að fyrsta bók hans kom út árið 1981. Þá nýjustu kveðst hann hafa skrifað á aðeins 43 dögum. Nokkrar bóka hans hafa verið þýddar á ensku. Þekktust er líklega Red Sorghum sem samnefnd kvikmynd var gerð eftir árið 1987.

Í umsögn dómnefndar kom fram að hann hljóti Nóbelsverðlaunin fyrir „ofskynjunarkennt raunsæi sem bræði saman þjóðsögur, fortíð og samtíð“. Eftir því sem næst verður komist hafa verk hans ekki verið þýdd á íslensku, en enskar þýðingar á verkum hans má finna á bókasöfnum.



**MO YAN** Kínverski höfundurinn var sigurstranglegur í ár að mati veðbanka. Dómnefndin veitti honum verðlaunin fyrir „ofskynjunarkennt raunsæi sem bræðir saman þjóðsögur, fortíð og samtíð“. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 12. október**

### Fundir

**12.00** Opinn fundur verður í Iðnó, Vonarstræti 3, á vegum félagsins Ísland-Palestína. Fundurinn er í tilefni þess að Rachel Corrie hlaut friðarverðlaun Lennon og Ono í vikunni. Gestir verða Craig og Cindy Corrie, foreldrar hennar.

### Leikrit

**20.00** Leikfélagið Hugleikur sýnir leiksýninguna Læknisleikir - Tsékhov í hugleikrænni atferlismeðferð að höfuðstöðvum sínum að Eyjarslóð 9. Allir með doktorspróf fá ókeypis inn gegn framvísun sannfærandi vottorða en fyrir aðra er miðaverð kr. 1.000.

### Málþing

**13.00** Málfundur verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík undir yfirskriftinni Áhættan tamin. Fjallar fundurinn um áhættugreiningu og áhættustýringu og er hann öllum opinn.

### Tónlist



**21.00** Hljómsveitin Foreign Monkeys mætir á Ellefuna og tryllir lýðinn. DJ mætir í búrið að tónleikum loknum og aðgangur er ókeypis að vanda.

**21.00** Ómar Diðriksson heldur útgáfutónleika ásamt hljómsveit sinni á Café Rosenberg.

**22.30** Hið rómaða sveitaballsband Blek og byttur spilar á Bleiku sveitaballi í Iðnó. Ballið er til styrktar Göngum saman og rennur aðgangseyrir, kr. 2.500, óskiptur til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini.

**23.00** Hljómsveitin Kraftlyfting skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar



**13.00** Hekla Dögg Jónsdóttir myndlistarmaður og prófessor við Listaháskólann fjallar um eigin verk í hádegisfyrirlestri Opna Listaháskólans í húsnæði myndlistardeildar, Laugarnesvegi 91, stofu 024.

**20.00** Birgir Bjarnason heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Vísindi og raunveruleikinn í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22. Fyrirlesturinn fjallar um nýjustu kenningar Stephen Hawkings.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL. 10 SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT



LÍFRÆN JÓGURT
95 KR. 170 GR
Bio·Bú



dr. antonio MARTINS
LÍFRÆNT KÓKOSVATN
FERNA 500 ML
FLASKA 330 ML
398 KR. 298 KR.



100 GR HIMNESKAR HRÍSKÖKUR SALTAÐAR
129 KR.



HNETUMJÓLK OG HRÍSMJÓLK
MEÐ VIÐBÆTTU CALCÍUM
298 KR. 1 LTR.



Bio·Bú
BIO BÚ: LÍFRÆNT SKYR
HREINT SKYR- VANILLU SKYR
OG SKYR MEÐ MANGÓ
119 KR. 170 GR



HIMNESKT KALDHREINSUÐ
HÖRFRÆOLÍA 250 ML
998 KR.



HIMNESKIR DRYKKIR 330 ML
198 KR.



340 GR HIMNESKT HNETUSMJÖR
LÍFRÆNT GRÓFT OG FÍNT
398 KR.



KÍNÓAFRÆ 500 GR
598 KR.



CHIAFRÆ 200 GR
598 KR.



HIMNESKT LÍFRÆNT
FÍNT EÐA GRÓFT
SPELTHVEITI 1 KG.
398 KR.



HIMNESK 500ML JÓMFRÚAR ÓLÍFUOLIA
KALDPRESSUÐ
798 KR.



HIMNESK KALDPRESSUÐ KÓKOSOLÍA
998 KR. 400 GR



HEIMA MÖNDLUR MEÐ HÝÐI 500 GR
698 KR.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUM KL. 10 SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT
FERSKUR KJÖRFUGL
HEILL FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
698 KR.KG.
HEIMA
HEIMA SEASON KRYDD 454 GR
298 KR. STK
ÍSLANDS LAMB
Lambalæri
ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
Í ÁLBAKKA TILBÚIÐ Í OFNINN
2198 KR.KG
750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN
598 KR
FROSIN ÞÝSK NAUTALUND
3879 KR. KG.
FROSIÐ ÞÝSKT NAUTARIBEYE
2998 KR. KG.
BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BÓNUS
Spareribs
FULLELDAÐ- ÞARF AÐEINS AÐ HITA
ALI ELDUÐ GRÍSARIF SPARERIBS
998 KR.KG.
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g
BÓNUS
UNNIÐ ÚR GRÍSALÆRI
1195 KR.KG.
BÓNUS BAJONSKINKA
Ali
ÍSLANDS NAUT
VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS
ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
398 KR.KG.
FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAKK 100% KJÖT
1498 KR.KG.
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1879 KR.KG
BÓNUS
1389 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**23** **MILLJÓNIR BANDARÍKJADOLLARA** eru taldar hafa bæst við tekjurnar í Las Vegas í kjölfar heimsóknar draumaprinsins enska, Harry, þangað á dögunum. Prinsinn gerði sér lítið fyrir og afklæddist á hótelherbergi sínu, umkringdur fögrum meyjum og að sögn einhverra, fíkniefnum. Þótt heimsóknin hafi sannarlega ekki komið sér vel fyrir hann persónulega eru allar líkur á að borgaryfirvöld tækju honum fagnandi hefði hann áhuga á að skreppa þangað aftur.



**RÓMANTÍSKUR** Hjónaleysin Justin Timberlake og Jessica Biel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Var tilbúinn að giftast 14 ára

Justin Timberlake hefur verið tilbúinn að ganga í það heilaga síðan hann var fjórtán ára ef marka má félaga hans í hljómsveitinni ´N Sync, Lance Bass. Timberlake er trúlofaður leikkonunni Jessicu Biel og er brúðkaup fyrirhugað á árinu. Bass segir í viðtali US Weekly: „Justin hefur alltaf verið rómantískur og á auðvelt með að verða ástfanginn. Hann hefur verið heppinn með langtímasambönd en hann er ekki týpan sem flakkar á milli stúlkna.“

Bass heldur áfram og dásamar Biel. „Hún er strákastelpa sem elskar að drekka bjór og fylgist með íþróttum. Hann þarf einhverja sem nennir að hanga með honum og strákunum.“

Timberlake fór á skeljarnar í desember í fyrra en parið hefur verið saman í fimm ár. Timberlake segir lykilinn að farsælu sambandi þeirra vera að hann leyfi leikkonunni að ráða í einu og öllu. „Hingað til hefur sú regla virkað vel.“

# FÆR SÉR BJÓR MEÐ ALEX FERGUSON

**Norman Whiteside er væntanlegur til landsins og verður heiðursgestur á árshátíð Stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi um helgina.**

„Ég kom til Íslands árið 1982 og spilaði leik með United. Ég man að við áttum mjög erfitt með svefn því það var sólarljós allan sólahringinn,“ segir Norður-Írinn Norman Whiteside, fyrrum leikmaður enska fótboltaliðsins Manchester United.

Norman er væntanlegur til landsins á morgun og mun stoppa hér í tvo daga. Eiginkona hans, Denise, kemur með honum auk þess sem fulltrúar frá MUTV, sjónvarpsstöð Manchester United, koma til að vera viðstaddir árshátíðina annað kvöld. „Ég ferðast mikið um heiminn og fæ tækifæri til að tala við fólk við hin ýmsu tilefni. Það er hluti af starfi mínu,“ segir Norman og bætir við að hann hlakki mikið til að koma aftur til Íslands, enda hafi hann lítið náð að skoða sig um síðast.

Hann var á mála hjá Manchester United á árunum 1978 til 1989 en þá spilaði hann fyrir Everton í tvö ár þar til hann þurfti að leggja skóna á hilluna sökum hnémeiðsla aðeins 26 ára gamall.

Ferill Whiteside er þó glæsilegur, enda sló hann í gegn kornungur. Hann á metið sem yngsti markaskorari Manchester United og árið 1982 sló hann met Pelé og varð yngsti leikmaðurinn til að taka þátt í HM í knattspyrnu. „Þegar næsta HM verður haldið í Brasilíu 2014 verð ég búinn að eiga það met í 32 ár. Ég er mjög stoltur af því,“ segir hann.

Whiteside hefur starfað fyrir Manchester United síðustu átján árin og er vinur margra af helstu stjörnum liðsins.

Þar á meðal er Sir Alex Ferguson, stjóri klúbbsins. „Alex hóar oft í mig inn á skrifstofuna sína eftir leiki og við fáum okkur bjór saman,“ segir Whiteside, en hann spilaði undir stjórn Ferguson fyrstu tvö og hálft ár stjórans hjá Manchester.

Whiteside býr í um átta kílómetra fjarlægð frá heimavelli liðsins, Old Trafford. „Það búa yfir 200 leikmenn hinna ýmsu liða úrvalsdeildarinnar á þessu svæði þar sem svo margir klúbbar eru í um klukkutíma fjarlægð frá okkur þarna,“ segir hann og nefnir sem dæmi leikmenn Liverpool, Blackburn, Wigan og auðvitað Manchester-liðanna. „Það er ekki hægt að fara út að borða hérna án þess að hitta einhvern leikmann, sem er auðvitað algjör martröð,“ bætir hann við og hlær.

**tinnaros@frettabladid.is**



**NORMAN WHITESIDE** Whiteside var á mála hjá Manchester United á árunum 1978 til 1989. Hann lagði skóna á hilluna 26 ára gamall sökum hnémeiðsla. NORDICPHOTOS/GETTY

## FÉKK FRÉTTIRNAR Á SKRIFSTOFU JIMMY CARTER

Whiteside var ungur að árum þegar hann skrifaði undir samning við Manchester United. Hann segir vikuna sem það gerðist hafa verið þá bestu í lífi sínu. „Það var á mánudegi sem ég flaug yfir til Manchester til að sýna þeim hvað í mér bjó. Ég var bara þrettán ára á þeim tíma og þetta var í fyrsta skipti sem ég fór í flugvél, svo þú getur ímyndað þér spenninginn. Eftir að hafa sýnt þeim mínar bestu hliðar í fjóra daga flaug ég svo aftur heim til Belfast á föstudegi og fór í skólaferð til Ameríku þá um helgina. Mánudaginn þar á eftir, viku eftir að ég hafði flogið til Manchester, var ég staddur á skrifstofu Jimmy Carter, forseta Bandaríkjanna. Þegar ég gekk út af skrifstofunni, í sjöunda himni yfir að hafa fengið að hitta forsetann, dró kennarinn minn mig til hliðar og tilkynnti mér að foreldrar mínir hefðu verið að hringja og Manchester United vildi skrifa undir samning við mig. Ég held að þetta hafi verið besti dagur ævi minnar,“ rifjar Norman upp.








**ÖLDUSLÓÐ** „Mörg laganna hér eru fín og það sama má segja um textana sem eru ýmist á ensku eða íslensku,“ segir í gagnrýni um þriðju sólóplötu Svavars Knúts.

# Ljúf stund með Svavari Knúti

Tónlist ★★★☆☆

**Svavar Knútur**
Ölduslóð

**Dimma**



Ölduslóð er þriðja sólóplata Svavars Knúts. Sú fyrsta, Kvöldvaka, kom út árið 2009 og hafði að geyma frumsamin lög og texta, en ári síðar kom Amma sem hann tileinkaði ömmum sínum. Á henni var safn íslenskra sönglaga. Á nýju plötunni, Ölduslóð, er þráðurinn tekinn upp frá fyrstu plötunni með nýjum lögum og textum.

Svavar Knútur er ágætt sönglagaskáld. Mörg laganna hér eru fín og það sama má segja um textana sem eru ýmist á ensku eða íslensku. Tékkneska söngkonan Markéta Irglová syngur nokkur laganna með Svavari. Þetta er mjög ljúf tónlist. Lögin eru flest mjög hæg, kassagítar, ukulele og charango eru áberandi í útsetningunum og bæði Svavar sjálfur og Markéta hafa mjög blíðan söngstíl.

Þetta er mjög vel unnin og heilsteypt plata. Hún færir heiminum engar sérstakar nýjungar í lagasmíðum eða efnistökum, en þetta er ágæt sönglagaplata í ljúfu deildinni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fleiri fín lög og textar frá Svavari Knúti.

# Frábærar barnaplötur og DVD




## Ávaxtakarfan

Tónlistin úr Ávaxtakörfunni er á góðri leið með að verða vinsælasta íslenska barnatónlistin á undanförnum árum og kemur hún nú út í sinni þriðju útfærslu. Tilefnið er auðvitað frumsýning kvikmyndarinnar um Ávaxtakörfuna. Þessari frábæru barnaplötu fylgir einnig DVD diskur með myndbönd við öll lögin.







**Skoppa og Skrítla**
- Enn út um hvippinn og hvappinn




**Gulleyjan**




**Thorbjörn Egner**
- Gömlu góðu barnaleikritin á 4 geislaplötum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


SKYFALL
007
Coca-Cola zero
FORSALA HAFIN Á midi.is OG SAMbio.is
LAUGARÁS BÍÓ
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL
BORGARBÍÓ
FRUMSÝND 26. OKTÓBER

# sport

sport@frettabladid.is



**HELGI VALUR DANÍELSSON** verður líklega ekki með Íslandi gegn Albaníu í dag þar sem hann hefur verið veikur síðustu daga. Helgi Valur var í byrjunarliði Íslands í fyrstu leikjum undankeppni HM 2014 gegn Noregi og Kýpur í byrjun september.



**ÁBYRGÐARHLUTVERK** Wayne Rooney ber fyrirliðabandið gegn San Marínó í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Gerrard í banni í kvöld:

## Rooney fær fyrirliðabandið

**FÓTBOLTI Roy Hodgson, þjálfari enska landsliðsins, tilkynnti í gær að Wayne Rooney yrði fyrirliði liðsins í leik þess gegn smáríkinu San Marínó í undankeppni HM 2014 í kvöld.**

**Steven Gerrard er venjulega með fyrirliðabandið en hann mun taka út leikbann í kvöld. Þá er Frank Lampard meiddur. Rooney hefur aldrei áður verið í hlutverki landsliðsfyrirliða.** - esá

**Alvörulandsleikir Íslands á Balkanskaganum**

| | |
|---|---|
| 26. maí 1991* | 0-1 tap fyrir Albaníu |
| 13. maí 1992 | 0-1 tap fyrir Grikklandi |
| 7. júní 1997 | 0-1 tap fyrir Makedóníu |
| 24. mars 2001 | 1-2 tap fyrir Búlgaríu |
| 26. mars 2003 | 0-4 tap fyrir Króatíu |
| 7. sept. 2005 | 2-3 tap fyrir Búlgaríu |
| 10. júní 2009 | 0-2 tap fyrir Makedóníu |

**Samt: 7 leikir, 7 töp, markatala: 3-14**

***Leikur í undankeppni EM**

# Ísland hefur aldrei náð í stig á Balkanskaganum

## Íslenska fótboltalandsliðið getur náð í sögulegt stig og eða sigur í Albaníu í kvöld. Ísland hefur tapað öllum sjö alvöruleikjum sínum á Balkanskaganum.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið mætir Albaníu í Tírana í kvöld í undankeppni HM. Balkanskaginn hefur verið allt annað en gjöfull fyrir íslenska landsliðið í undankeppnum HM og EM í gegnum tíðina. Íslenska landsliðið hefur spilað sjö alvöru landsleiki í þessum hluta Evrópu og hafa þeir allir tapast.

Það eru liðnir meira en tveir áratugir síðan íslenska landsliðið spilaði sinn fyrsta landsleik á Balkanskaganum og það var einmitt á móti Albaníu á Qemal Stafa-leikvanginum í maí 1991. Íslenska liðið átti þá afleitan leik og tapaði 0-1 fyrir heimamönnum en þau úrslit voru mikil vonbrigði og einu stigin sem Albanar fengu í riðlinum.

Fyrstu fjórir leikir íslenska karlalandsliðsins í Balkanlöndunum töpuðust allir naumlega en þeir voru í Albaníu, Grikklandi, Makedóníu og Búlgaríu. Íslenska liðið er aftur á móti búið að fá á sig 9 mörk í undanförnum þremur leikjum sínum á Balkanskaganum. Þar af tapaði liðið 0-4 á móti Króatíu árið 2005 og 0-2 á móti Makedóníu í síðasta leik sínum þar sem var í júní 2009.

Íslenska liðið var reyndar nálægt því að brjóta múrinn í september 2005. Íslenska liðið komst þá í 2-0 eftir sextán mínútna leik á móti Búlgaríu í Sofíu en tapaði leiknum á endanum 3-2. Íslenska liðið fékk dauðafæri til að bæta við forystuna en varð enn á ný að sætta sig við einn eitt stigalausa ferðalagið heim til Íslands.

Íslenska liðið hefur einnig tapað báðum vináttulandsleikjum sínum í Balkanlöndunum. Sá fyrri var á móti Albaníu 2004 og sá seinni í Svartfjallalandi í febrúar á þessu ári en það var annar leikur íslenska liðsins undir stjórn Lars Lagerbäck.

ooj@frettabladid.is



**SÍÐASTA MARKIÐ** Hermann Hreiðarsson skoraði síðasta mark Íslands í alvörulandsleik á Balkanskaganum. Hér fagnar hann á móti Búlgaríu. AFP

## ÚRSLIT

**Grindavík - Snæfell 110-102 (56-47)**

**Grindavík**: Samuel Zeglinski 37/8 stoðsendingar, Aaron Broussard 28/9 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/8 fráköst, Þorleifur Ólafsson 12, Jóhann Árni Ólafsson 9/7 fráköst/7 stoðsendingar, Davíð Ingi Bustion 6, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Jón Axel Guðmundsson 3.

**Snæfell**: Hafþór I. Gunnarsson 26/8 fráköst, Jón Ó. Jónsson 20/11 fráköst, Jay Threatt 20/8 stoðsendingar, Pálmi Fr. Sigurgeirsson 11, Asim McQueen 10, Sveinn Davidsson 10, Ólafur Torfason 5.

**Stjarnan - Keflavík 101-83 (49-38)**

**Stjarnan**: Marvin Valdimarsson 31/8 fráköst, Justin Shouse 27/9 fráköst/8 stoðsendingar, Fannar Freyr Helgason 10/8 fráköst, Jovan Zdravevski 9, Dagur Kár Jónsson 8, Brian Mills 7/9 fráköst/, Björn Kristjánsson 5, Kjartan Atli Kjartansson 2, Guðjón Lárusson 1, Sæmundur Valdimarsson 1.

**Keflavík**: Kevin Giltner 14/7 fráköst, Michael Graion 12, Magnús Þór Gunnarsson 12/7 stoðsendingar, Darrel Keith Lewis 12/5 fráköst/5 stoðsendingar, Valur Orri Valsson 10/6 fráköst, Almar Stefán Guðbrandsson 10/6 fráköst, Andri Daníelsson 6/5 fráköst, Snorri Hrafnkelsson 4, Ragnar Gerald Albertsson 3.

**KR - Tindastóll 90-69 (47-35)**

**KR**: Finnur Atli Magnússon 17/5 fráköst, Helgi Már Magnússon 17/12 fráköst, Danero Thomas 14, Brynjar Þór Björnsson 12/7 fráköst, Ágúst Angantýsson 12, Keagan Bell 8, Jón Orri Kristjánsson 4, Martin Hermannsson 3, Kormákur Arthursson 3.

**Tindastóll**: George Valentine 12/10 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 12, Helgi Rafn Viggósson 12, Friðrik Hreinsson 12, Isaac Deshon Miles 12, Sigtryggur Arnar Björnsson 5, Svavar Atli Birgisson 2, Helgi Freyr Margeirsson 2.

**Skallagrímur - Njarðvík 77-74 (31-38)**

**Skallagrímur**: Carlos Medlock 17, Haminn Quaintance 16/8 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 15/9 fráköst, Orri Jónsson 12, Trausti Eiríksson 7, Sigmar Egilsson 5, Hörður Hreiðarsson 3, Birgir Þór Sverrisson 2.

**Njarðvík**: Jeron Belin 24, Elvar Már Friðriksson 20, Marcus Van 14/18 fráköst, Friðrik E. Stefánsson 8, Maciej Stanislav Baginski 6, Ágúst Orrason 2/5 fráköst.



## ÚRSLIT

### N1-deild karla

**ÍR - FH 28-25 (17-12)**
**Mörk ÍR (skot)**: Sturla Ásgeirsson 12/6 (14/6), Davíð Georgsson 4 (8), Ingimundur Ingimundarson 3 (5), Guðni Már Kristinsson 3 (7), Björgvin Hólmgeirsson 3 (12), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (3), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1 (3),
**Varin skot**: Kristófer Guðm. 14/1 (39.3, 36%),
**Hraðaupphlaup**: 2 (Sturla 1, Jón Heiðar 1)
**Fiskuð víti**: 6 (Sturla 2, Guðni 2, Ingim. 1, Sigurjón 1)
**Mörk FH (skot)**: Ragnar Jóhannsson 7/1 (10/1), Einar Rafn Eiðsson 5/1 (7/2), Ólafur Gústafsson 4 (16), Andri Berg Haraldsson 3 (5), Magnús Óli Magnússon 2 (3), Bjarki Jónsson 1 (1), Sigurður Ágústsson 1 (1), Þorkell Magnússon 1 (1), Ísak Rafnsson 1 (3), Halldór Guðjónsson (2).
**Varin skot**: Daníel Freyr Andrésson 15 (37/4, 41%), Sigurður Örn Arnarson 3 (9/2, 33%).
**Hraðaupphlaup**: 6 (Einar R. 3, Ragnar 2, Ólafur 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Ragnar 1, Einar Rafn 1, Sigurður 1)

**Valur - Fram 23-23 (13-10)**
**Mörk Vals (skot)**: Finnur Ingi Stefánsson 8 (11/1), Þorgrímur Smári Ólafsson 4 (8), Valdimar Fannar Þórsson 3/1 (4/2), Gunnar Malmquist 3 (5), Agnar Smári Jónsson 3 (7), Magnús Einarsson 1 (2), Gunnar Harðarson 1 (2).
**Varin skot**: Lárus Helgi Ólafsson 13 (28/2, 46%), Hlynur Morthens 6 (14, 43%).
**Hraðaupphlaup**: 7 (Finnur 4, Þorgrímur 1, Gunnar 1, Agnar 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Finnur 1, Valdimar 1, Agnar 1)
**Mörk Fram (skot)**: Róbert Aron Hostert 7 (19), Jóhann Gunnar Einarsson 5/2 (7/2), Þorri Björn Gunnarsson 3 (4), Ægir Hrafn Jónsson 2 (2), Ólafur Magnússon 2 (5), Elías Bóasson 1 (1), Garðar B. Sigurjónsson 1 (1), Jón Arnar Jónsson 1 (4), Sigurður Eggertsson 1 (4).
**Varin skot:** Björn V. Björnsson 11/2 (34/3, 32%),
**Hraðaupphlaup**: 7 (Róbert 2, Jóhann 1, Þorri 1, Ægir 1, Ólafur 1, Elías 1)
**Fiskuð víti:** 2 (Elías 1, Haraldur 1)

### N1-deild kvenna

**Fram - Fylkir 36-12 (22-6)**
**Mörk Fram**: Marthe Sördal 9, Sunna Jónsdóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Guðrún Þ. Hálfdánsdóttir 3, Hekla Rún Ámundadóttir 3, Birna B. Haraldsdóttir 2, María Karlsdóttir 1, Elva Arnard. 1, Steinunn Björnsd. 1.
**Mörk Fylkis**: Sigríður Rakel Ólafsdóttir 5, Tanja Zamoreva 4, Andrea Ósk Þorkelsdóttir 1, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 1, Hildur María Leifsdóttir.

# VILJA KVITTA FYRIR KÝPURLEIKINN

**Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson segir að það sé gott að fá leik gegn Albaníu skömmu eftir tapið gegn Kýpur svo þeir geti hætt að grenja út af honum. Strákarnir búast við átakaleik á erfiðum útivelli en segjast vera klárir í slaginn gegn sterkum Albönum og háværum áhorfendum í Tírana.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið mætir því albanska ytra í undankeppni HM 2014 í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 17.00 og fer fram á Qemal Stafa-vellinum í Tírana og er búist við fjölda háværra áhorfenda á völlinn.

Ísland er í öðru sæti riðilsins eftir tvo leiki. Strákarnir unnu Noreg í fyrsta leik en töpuðu svo ytra gegn Kýpur í slökum leik. Albanir eru einnig með þrjú stig eftir tvo leiki.

„Ég hef ekki komið hingað áður og þetta er sérstakt land. Við höfum samt lítið farið af hótelinu. Við mættum samt einum með haglabyssu og skotbelti á gangi úti á götu er við vorum í rútu á leið upp á hótel. Það var óneitanlega sérstakt,“ sagði fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson um sín fyrstu kynni af Albaníu en hann segist ekki vera farinn að skipuleggja sumarfrí í Albaníu.

Liðið hefur fengið fínan undirbúning fyrir þennan leik og Aron segir að liðið setji alltaf pressu á sig.

„Við viljum sýna að þessi Kýpurleikur var eitthvað sem gerist bara einu sinni. Það er fínt að fá þennan leik svona fljótt á eftir svo við getum hætt að grenja yfir þessum Kýpurleik. Við vitum manna best að við vorum ekki upp á okkar besta. Við ætlum að breyta því núna og vonandi náum við okkar spili í gang. Þá er allt hægt í þessu,“ sagði Aron Einar en hann gerir sér að sama skapi grein fyrir því að andstæðingurinn er hættulegur.



**ÖFLUGUR** Innköstin hjá landsliðsfyrirliðanum eiga alveg örugglega eftir að skapa usla í Tírana í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þeir eru með mjög sterkan heimavöll og þetta verður erfitt. Við búumst við baráttu og látum. Við verðum að vera klárir í það. Okkar markmið er samt að snúa við þessum Kýpurleik.“

Aron segir að liðið hafi lært margt af Kýpurleiknum.

„Það má taka margt úr honum. Við héldum boltanum ekki vel og vorum að pressa stíft þegar við hefðum átt að sitja niðri og loka svæðum. Það var lærdómur og við erum reynslunni ríkari.“

Albanía vann 3-1 heimasigur á Kýpur en sá sigur ku hafa verið óverðskuldaður. Engu að síður eru liðin svipuð að styrkleika.

> Nú er kjörið tækifæri fyrir okkur til þess að girða upp um okkur.
>
> ARON EINAR GUNNARSSON
> LANDSLIÐSFYRIRLIÐI

„Albanir eru flinkir eins og Kýpverjarnir. Þeir eiga samt stóra framherja og við vitum að þeir munu sparka boltanum hærra upp völlinn en Kýpverjar. Þeir skjóta líka mikið á markið. Við erum vel undirbúnir og vitum hvað við erum að fara út í. Þessi heimavöllur er samt líflegri en á Kýpur. Hér eru áhorfendur mjög líflegir og láta í sér heyra. Það verður upplifun að spila fyrir klikkaðan múg. Það verður bara gaman.“

Aron segir að strákarnir hefðu verið sáttir við stig á Kýpur en þar sem það hafi ekki gengið sé meiri pressa að taka stig núna.

„Ef við ætlum að gera eitthvað í þessum riðli þá verðum við að fara að gera eitthvað almennilegt. Við erum búnir að vinna vel í varnarleiknum og þetta svæðin. Það vantaði í síðasta leik,“ sagði Aron en hvað er markmiðið fyrir leikinn?

„Við viljum ná upp okkar leik og helst taka þrjú stig. Það verður erfitt og erfiðara en gegn Kýpur. Ef við ætlum að fara eitthvað í þessum riðli þá verðum við að fá stig á útivelli og nú er kjörið tækifæri fyrir okkur til þess að girða upp um okkur.“ henry@frettabladid.is




Stelpurnar í Gerplu voru í landsliði Íslands sem varð Evrópumeistari í hópfimleikum kvenna árið 2010. Nú eru þær aftur á leiðinni út fyrir hönd Íslands og ætla að leggja allt í sölurnar við að verja titilinn dagana 19.–21. október næstkomandi.

Weetos styrkir stelpurnar okkar þar sem **10 kr.** af hverjum seldum pakka til 5. nóvember renna beint til þeirra.

**Styðjum stelpurnar okkar!**

10 kr. af hverjum pakka til Gerplu



Verðlaunaðu þig með Weetos

> **Stöð 2 kl. 20.10**

**Spurningabomban**

***Logi Bergmann stendur ávallt fyrir sínu í Spurningabombunni og það má búast við miklu fjöri í kvöld. Grínistarnir Dóri DNA og Steindi jr. eru saman í liði gegn sjónvarpsfólkinu Sigrúnu Ósk og Sindra úr Íslandi í dag.***



# dagskrá

## KVIKMYNDIR OG ÞÆTTIR KVÖLDSINS



### Run Fatboy Run

Rómantísk gamanmynd frá árinu 2007 um ungan mann að nafni Dennis. Hann átti að ganga að eiga unnustu sína, Libby, fyrir fimm árum en guggnaði á síðustu stundu. Nú er hún að fara að giftast öðrum manni og hann ákveður að reyna að vinna hana aftur.

**Leikstjóri:** David Schwimmer
**Aðalhlutverk:** Simon Pegg, Thandie Newton og Hank Azaria

Rotten Tomatoes 48% IMDb 6,7 Stöð 2 Bíó 13:00



### The Voice

Feikivinsæll bandarískur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurgöngu um heiminn og hefur þegar skotið aðalkeppinautum sínum í The X Factor ref fyrir rass vestanhafs. Fjöldi hæfileikaríks tónlistarfólks kemur fram og leitað er að þeim hæfileikaríkasta í hópnum.

**Dómarar:** Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.

Skjár einn 21:30

**Dómar:** Í fyrsta sæti yfir mest áhorf á þáttum sem ekki byggja á handriti á sjónvarpsstöðvunum ABC, CBS, NBC and Fox.



### Jersey Girl

Bandarísk bíómynd frá 2004 sem fjallar um ekkil sem reynir sitt besta til að vera dóttur sinni góður faðir eftir að hann fær taugaáfall og er rekinn úr vinnu. Hann flytur því heim til New Jersey og tekur upp gjörbreyttan lífsstíl.

**Leikstjóri:** Kevin Smith
**Aðalhlutverk:** Ben Affleck, Liv Tyler, Raquel Castro og Jennifer Lopez.

Rotten Tomatoes 41% IMDb 6,1 Stöð 2 21:40



### Make It Happen

Dramatísk dansmynd frá árinu 2008 sem fjallar um ungan dansara, Lauryn. Eftir að hafa ekki fengið pláss í dansskóla sem hún sótti um í leiðir lífið hana í óvæntar áttir. Hún endar með því að taka upp nýjan dansstíl og uppgötvar í leiðinni heilmikið um sjálfa sig og líf sitt.

**Leikstjóri:** Darren Grant
**Aðalhlutverk:** Mary Elizabeth Winstead, Tessa Thompson og Riley Smith.

Rotten Tomatoes 22% IMDb 5,2 Stöð 2 Bíó 12:20

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Baráttan um Hvíta húsið **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Milli línanna **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.00** Tónskáldið Páll Ísólfsson **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.15 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (2:6) (Gimli) (e)
**15.55 Herstöðvarlíf** (18:23) (Army Wives)
**16.40 Táknmálsfréttir**
**16.50 Landsleikur í fótbolta** (Albanía - Ísland) BEINT frá leik í forkeppni HM 2014.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** (Logi Bergmann Eiðsson.) Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma og kynna á ný gesti sem slógu í gegn í þáttum Hemma á sínum tíma. Gestur þáttarins er Logi Bergmann Eiðsson.
**20.30 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Fjallabyggðar og Akraness. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.
**21.40 Jersey-stelpan** (Jersey Girl)
**23.25 Endurómur úr fortíðinni** (1:2) (4 garçons dans la nuit) Fimmtán árum eftir morðið á unglingsstúlkunni Rose er einn fjórmenninganna sem fundu líkið myrtur. Hina þrjá grunar að sami morðingi hafi myrt þau bæði. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
**01.00 Undirheimar: Þróunin** (Underworld: Evolution) Ævintýramynd um vampírur og varúlfa, stríð á milli þeirra og ástir vampírudísar og varúlfs. Leikstjóri er Len Wiseman og meðal leikenda eru Kate Beckinsale, Scott Speedman, Derek Jacobi og Bill Nighy. Bandarísk bíómynd frá 2006. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12:20 Make It Happen**
**13:50 Rain man**
**17:20 Make It Happen**
**18:50 Rain man**
**21:05 Nanny McPhee**
**22:45 The Road**
**00:35 Schindler's List**
**03:45 Nanny McPhee**
**05:25 The Road**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (11:22)
**08.30 Ellen** (19:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (6:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (22:30)
**10.55 Hank** (2:10)
**11.20 Cougar Town** (17:22)
**11.45 Jamie Oliver's Food Revolution** (4:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Run Fatboy Run** Bráðskemmtileg gamanmynd með Simon Pegg, Thandie Newton og Hank Azaria í aðalhlutverkum.
**14.45 Game Tíví**
**15.10 Sorry I've Got No Head**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (20:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (8:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (6:24) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.
**20.10 Spurningabomban** (5:21) Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum spurningaþætti þar sem hann egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir.
**21.00 The X-Factor** (9:26)
**22.30 To Be Fat Like Me** Grínmynd með Kaley Cuoco í hlutverki ungrar og spengilegrar stúlku sem klæðir á sig aukakíló til að upplifa hvernig er að vera í yfirvigt í menntaskóla.
**00.00 The Transporter** Hasarmynd um fyrrverandi sérsveitarmanninn Frank Martin.
**01.30 Terminator Salvation** Fjórða myndin um Tortímandann.
**03.20 Run Fatboy Run**
**04.55 Spurningabomban** (5:21)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.25 Spænsku mörkin**
**18.55 England - San Marínó** BEINT frá landsleik í undankeppni HM.
**21.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**21.30 The U** Einstök heimildarmynd um ótrúlegan árangur háskólaliðsins Miami Hurricanes í ameríska fótboltanum í upphafi níunda áratugar síðustu aldar. Þjálfarinn tók þá umdeildu ákvörðun að sækja blökkumenn í fátækustu hverfin í Flórída og setja þá í lið háskóla.
**23.20 Undankeppni HM: England - San Marínó**
**01.55 Formúla 1: Kórea - Æfing 3**
**04.50 Formúla 1: Kórea - Tímataka** BEINT

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Sunnudagsmessan**
**17.00 Chelsea - Norwich**
**18.45 Swansea - Reading**
**20.30 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**
**21.00 Premier League World 2012/13**
**21.30 Being Liverpool** Þáttaröð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**22.15 PL Classic Matches: Man United - Middlesbrough, 1996**
**22.45 WBA - QPR**
**00.30 Man. City - Sunderland**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku-Láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Ofurhetjusérsveitin**
**17.30 Sorry I've Got No Head**
**18.00 iCarly** (17:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (20:22)
**19.00 Friends**
**19.25 The Simpsons** (21:22)
**19.50 How I Met Your Mother** (10:22)
**20.15 The Secret Circle** (8:22)
**21.00 The Vampire Diaries** (8:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.45 Pretty Little Liars** (9:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**22.30 Breakout Kings** (8:13) Dramatísk þáttaröð.
**23.15 The Secret Circle** (8:22)
**00.00 The Vampire Diaries** (8:22)
**00.40 Pretty Little Liars** (9:25)
**01.25 Breakout Kings** (8:13)
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** (46:175)
**19.00 Ellen** (20:170)
**19.45 Það var lagið** Vinsæll skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn fær til sín þjóðþekkt fólk sem fær að spreyta sig í söngkeppni.
**20.40 Idol-Stjörnuleit** Rúmlega 1.400 keppendur skráðu sig til leiks í Idol-Stjörnuleit. Haldin voru tvö áheyrnarpróf og í þessum þætti sjáum við hvernig þátttakendum gekk í því fyrra. Hinir upprennandi söngvarar mættu á Hótel Loftleiðum í Reykjavík og þar beið dómnefndarinnar erfitt verkefni.
**21.45 Pressa** (6:6)
**22.35 The X-Factor** (10:26)
**23.20 Entourage** (1:20)
**23.45 Það var lagið**
**00.40 Idol-Stjörnuleit**
**01.45 Pressa** (6:6)
**02.30 The X-Factor** (10:26)
**03.35 Entourage** (1:20)
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 90210** (15:22) (e)
**16.40 One Tree Hill** (13:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 GCB** (6:10) (e) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt.
**19.05 An Idiot Abroad** (4:9) (e) Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt um Karl Pilkington og ferðir hans um sjö undur veraldar. Karl heldur til Ísrael þar sem mannrán er sett á svið til að kenna honum lexíu í öryggisskyni.
**19.55 America's Funniest Home Videos** (e)
**20.20 America's Funniest Home Videos**
**20.45 Minute To Win It** Skemmtiþáttur þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.
**21.30 The Voice** (5:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er hæfileikaríku tónlistarfólki.
**23.45 Jimmy Kimmel**
**00.30 Johnny Naz** (3:6) (e)
**01.00 CSI: New York** (8:18) (e)
**01.50 House** (4:23) (e)
**02.40 A Gifted Man** (6:16) (e)
**03.30 Jimmy Kimmel** (e)
**05.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.30** Frys.com Open 2012 (1:4) **09.30** Golfing World **10.20** Frys.com Open 2012 (1:4) **13.00** Presidents Cup 2011 (2:4) **20.00** Frys.com Open 2012 (2:4) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 95,7** FM957 **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 98,9** Bylgjan **FM 100,5** Kaninn **FM 102,9** Lindin
**FM 90,1** Rás 2 **FM 93,5** Rás 1 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 97,7** X-ið **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 105,5** Útvarp Boðun


Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*
* 3,5% lántökugjald

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**Afsláttarverð Kr. 579.875,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 170.000,-**

Einnig til í stærðum 2x90, 2x100, 120 og 140 cm

Charlotte Julien







Október-hátíð

Tempur dýnur,stillanlegur botn og lappir
**170.000** kr. afsláttur
2x80x200

AÐEINS **49.900.-** afb. á mánuði í 12 mánuði

Þráðlaus fjarstýring

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

# „Þetta er dúndur.“

EGILL HELGASON / KILJAN




„Margbrotið verk ...
stöðug spenna ...“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Stór bók í öllum
skilningi ... fantavel
skrifað ... ríghélt mér!“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN

„Spurning hvort maður
eigi eftir að lesa betri
skáldsögu í haust.“

ÞRÖSTUR HELGASON / KILJAN

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Um helförina og ástina,
um Ísland og Litháen, um Agnesi
sem elskar Ómar sem elskar
Agnesi sem elskar Arnór.



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*



*„Helgin mín þjófstartaði með frumsýningu Jónsmessunætur í gærkvöldi. Foreldrar mínir eru í bænum, eins og vanalega þegar ég frumsýni, svo ég ætla mér að eyða tíma með þeim á milli sýninga. Ætli ég endi svo ekki helgina á einu góðu hvítvínsglasi á sunnudagskvöldið.“*

Þórunn Arna Kristjánsdóttir, leikkona

# Hjálmar spila í fyrsta sinn á Grænlandi

„Okkur hefur alla langað mjög lengi að fara til Grænlands,“ segir Helgi Svavar Helgason, trommuleikari Hjálma.

Hljómsveitin flýgur í fyrsta sinn til Grænlands á laugardaginn og spilar í höfuðstaðnum Nuuk um kvöldið. „Við höfum verið beðnir um að koma og spila áður en þá komumst við ekki,“ segir Svavar. „Tónleikarnir verða í fáránlega flottu húsi miðað við íbúafjölda. Þetta er Harpa þeirra Grænlendinga.“

Hið óvenjulega við förina er að Hjálmar geta ekki flogið heim strax eftir tónleikana því þeir þurfa að bíða í þrjá til fjóra daga eftir flugi til baka. „Við ætlum að nota tímann í að fara í siglingu og gera eitthvað skemmtilegt. Kannski semja ný lög.“

Hjálmar hafa spilað töluvert erlendis á þessu ári. Nú síðast tróðu þeir upp á tveimur tónlistarhátíðum í Hollandi. Á annarri þeirra spiluðu þeir með Norðmanninum Erlend Oye úr hljómsveitinni Kings of Convenience. Eftir Grænlandstónleikana spila Hjálmar á Airwaveshátíðinni ásamt Finnanum Jimi Tenor en þeir tóku upp plötu saman fyrr á árinu. **- fb**



**Á LEIÐ TIL GRÆNLANDS** Hljómsveitin Hjálmar spilar í fyrsta sinn á Grænlandi á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Rokksveit Jonna Ólafs skemmtir á Kringlukránni um helgina
Labbi úr Mánum og Óttar úr Popps skemmta á laugardag
Öll gullaldarlögin með Stones-Bítlunum-Kinks ofl.
Sjáumst Hress !
Café/Restaurant KRINGLU KRÁIN —á góðri stund




**TÖKUR Á ÞRIÐJUDAGINN** Tökur á nýrri mynd Ágústs Guðmundssonar hefjast í Reykjavík á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁGÚST GUÐMUNDSSON: MJÖG KÁTUR AÐ BYRJA Á NÝRRI MYND

# Tæknibrellur leika stóra rullu í nýrri draugamynd

Nýtísku tæknibrellur verða áberandi í gamansömu draugamyndinni Ófeigur gengur aftur. Tökur á henni hefjast í Reykjavík á þriðjudaginn í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar.

Frekar sjaldgæft er að miklar brellur séu notaðar þegar íslensk kvikmynd er annars vegar. „Nú er komin sú tíð að það er tiltölulega auðvelt að vinna ýmsar tæknibrellur í kvikmyndum og það er mjög freistandi að færa sér það í nyt. Þetta er að nokkru leyti draugasaga og allt í kringum draugana og í kringum ýmsa yfirnáttúrulega viðburði verður unnið með tæknibrellum,“ segir Ágúst, sem samdi einnig handritið.

Söguþráður myndarinnar er á þann veg að Ófeigur, nýlátinn faðir Önnu Sólar, gengur aftur og fer að hlutast til um líf hennar og kærasta hennar, Inga Brjáns. Unga parið ætlar að selja hús hins látna en Ófeigur er því mótfallinn og vill ekki að þau flytji. Afskiptasemi afturgöngunnar er slík að Ingi Brjánn bregður á það ráð að reyna að kveða drauginn niður með aðferðum sem hann finnur í gamalli galdrabók.

Þórhallur Sigurðsson, Laddi, fer með titilhlutverkið og aðspurðum líst Ágústi vel á samstarfið. „Ég hef unnið með honum áður og það er alltaf jafnskemmtilegt. Laddi er mikill hæfileikamaður og kann ýmislegt fleira fyrir sér en það sem tengist hinum frægu karakterum hans.“ Með önnur hlutverk í myndinni fara Gísli Örn Garðarsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Vignir Rafn Valþórsson.

Frumsýning er fyrirhuguð um páskana, eða í lok mars á næsta ári. „Ég er mjög kátur að vera að byrja á nýrri mynd,“ segir Ágúst. Átta ár eru liðin síðan hann gerði Stuðmannamyndina Í takt við tímann. Þar áður sendi hann frá sér Mávahlátur. „Þetta er orðinn alltof langur tími. Það fóru reyndar fjögur ár í að vera í forsvari fyrir Bandalagi íslenskra listamanna á sínum tíma, þannig að það dregst frá að einhverju leyti.“ **freyr@frettabladid.is**

**MEÐ HOLLYWOOD-MYNDIR Á FERILSKRÁNNI**

Jörundur Rafn Arnarson fer fyrir hópnum sem gerir tæknibrellurnar í myndinni. Hann hefur unnið við fjölda þekktra mynda í gegnum árin bæði hér á landi og í Hollywood. Á ferilskrá hans eru myndir á borð við Harry Potter and the Deathly Hallows: Part 2, Salt, Tinker Tailor Soldier Spy, Thor, Rokland, Contraband og Djúpið.



OPIÐ HÚS Í HEILSUBORG
Laugardaginn 13. október kl. 11.00-14.00.
- Í tilefni þriggja ára afmælis Heilsuborgar
Komdu og kynntu þér starfsemi Heilsuborgar!
• Frítt í heilsurækt allan daginn
• kl. 11:00-12:00. Bleikur góðgerðartími.
Aðgangseyrir í leikfimistímann er frjáls og fer beint í söfnunarbauk Krabbameinsfélagsins. Mætum öll í bleiku og látum gott af okkur leiða!

• Kl. 12:15. Laðaðu til þín það góða. Opinn ör-fyrirlestur, Sirrý Arnardóttir. Opið öllum, frítt!!
• Frí ráðgjöf á staðnum frá lækni, íþróttafræðingum o.fl. varðandi hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl
• Happdrættisvinningar
Afmælistilboð kr. 3.000,- Mánaðarkort í heilsurækt
Eingöngu í sölu 13. okt. 2012
HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ALLT SPORTIÐ Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
vísir - oft á dag


# Skyggnst inn í heim prestsins

Heimildarmyndin Hreint hjarta verður frumsýnd í Bíói Paradís og Sambíóunum Selfossi í kvöld. Myndin, sem hlaut áhorfendaverðlaunin á Skjaldborgarhátíðinni, fjallar um Kristin Ágúst Friðfinnsson, sóknarprest á Selfossi.

„Ég kannaðist aðeins við hann því ég er ættaður úr þessari sveit, Flóanum, þar sem hann hefur starfað í tuttugu ár. Mér hefur alltaf fundist hann áhugaverður karakter,“ segir leikstjórinn Grímur Hákonarson um tilurð myndarinnar. „Ég bar þetta undir hann hvort ég mætti fylgja honum eftir í hans störfum. Á sama tíma stóð hann í smá ströggli innan kirkjunnar. Ég hafði líka áhuga á að skyggnast inn í þennan heim prestsins sem fólk fær sjaldan að vita um. Prestar eru að vinna með fólki í sálgæslu og þeir gera fleira sem ekki er mikið talað um eins og að fara í hús og kveða niður drauga.“

Grímur hefur gert fjölda stutt- og heimildarmynda og eina kvikmynd í fullri lengd, Sumarlandið, sem kom út 2010. Hann gerði einnig stuttmyndina Bræðrabyltu sem vann til 25 alþjóðlegra verðlauna.

Hreint hjarta er þriðja heimildarmyndin um presta sem kemur út á skömmum tíma. Jón og séra Jón fékk Skjaldborgarverðlaunin í fyrra og árið 2010 var á sömu hátíð sýnd prestamyndin Liljur vallarins. **- fb**



**HREINT HJARTA** Sóknarpresturinn Kristinn Ágúst Friðfinnsson í nýju heimildarmyndinni.



TRINE DYRHOLM ❤ PIERCE BROSNAN
PAPRIKA STEEN · CHRISTIANE SCHAUMBURG-MÜLLER · KIM BODNIA
LOVE IS ALL YOU NEED
KVIKMYND EFTIR SUSANNE BIER
FRUMSÝND Í DAG!
græna ljósið -betra bíó
★★★★
„Ljúfsár og bráðskemmtileg.“
- Fréttablaðið
einkamál.is
Vertu vinur okkar og þú gætir unnið miða!
Facebook.com/graenaljosid
Twitter.com/graenaljosid

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bæði ljúft og skylt

**Sigmar Vilhjálmsson** og félagar hjá framleiðslufyrirtækinu Stórveldinu tilkynntu í gær um breytingu á nafni sjónvarpsþáttar sem er væntanlegur á Skjá einn. Þátturinn átti upphaflega að heita „Ert þú ljósmyndarinn?“, en eftir fund með Ljósmyndarafélagi Íslands var tekin ákvörðun um að skipta yfir í „Ljósmyndakeppni Íslands“. Það er vegna þess að ljósmyndari er lögverndað starfsheiti og segir Sigmar í tilkynningu að Stórveldinu sé bæði „ljúft og skylt“ að breyta nafninu, enda hafi það ekki áhrif á þættina sem slíka.



### Fyrirgefning syndanna

Fátt vakti meiri athygli á öldum ljósvakans í gær en frétt Fréttablaðsins um plötusamning Jóns Ragnars Jónssonar við Sony. Sem kunnugt er leikur Jón Ragnar knattspyrnu með Íslandsmeisturum FH og komst sem slíkur í fréttirnar í júlí eftir viðskipti sín við Steven Lennon, leikmann Fram, sem enduðu á þann hátt að sá síðarnefndi þríbrotnaði á rist og lék ekki meir út tímabilið. Í ljósi frétta gærdagsins veltir jafnvel hinn eitilharði Framari og rithöfundur **Hallgrímur Helgason** því fyrir sér á Facebook-síðu sinni hvort ekki sé kominn tími til að fyrirgefa Jóni Ragnari „leiðindin“ frá því í sumar.

**- þj, - kg**



## Mest lesið vísir

1. Stórútkall hjá slökkviliðinu að Prikinu í nótt
2. Ríkisstjórnin að missa meirihluta sinn á Alþingi
3. Erlendir ferðamenn orðnir alltof margir
4. Fann arabískan fjársjóð frá víkingaöld á Borgundarhólmi
5. Ein látin laus en tvær sendar í fangabúðir








